ALLT ATVINNA
Stútfullt blað af atvinnuauglýsingum
Atvinna
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

FYRSTA PLATAN Í 11 ÁR
Vinnur með tríóinu Flís
Bogomil Font
MENNING 29

16 blaðsíðna RE/MAX blað
Fasteignablað RE/MAX fylgir Fréttablaðinu á sunnudögum
RE/MAX

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. júní 2006 — 168. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

Íslenskir hestar ólíkir öðrum

Ljósmyndarinn Tim Flach hefur vakið eftirtekt fyrir óvenjulegar dýralífsmyndir. Hann var staddur hér á landi á dögunum með heila sjónvarpsstöð í eftirdragi að mynda íslenska hestinn í stórbrotnu umhverfi.

VIÐTAL 20

Erfiðast að byrja



Kristófer Hannesson, sem útskrifaðist með BA gráðu í japönsku frá HÍ í gær, segir að japanskan sé skemmtileg en erfið til að byrja með.

TÍMAMÓT 16

Blikastúlkur í stuði



Breiðablik vann 2-0 sigur á Stjörnunni í Landsbankadeild kvenna í gær. Vanja Stefanovic og Guðlaug Jónsdóttir skoruðu mörkin en þau komu bæði í fyrri hálfleik. Eftir þennan sigur er Breiðablik með jafnmörg stig og Valur sem á leik inni gegn FH á morgun.

ÍÞRÓTTIR 32

VEÐRIÐ Í DAG



RIGNING SUÐVESTAN TIL - Í dag verður hæg suðlæg átt. Bjart með köflum norðaustan og austan til en þykknar upp annars staðar og fer að rigna suðvestan til seint í dag og víðar sunnan og vestan til í kvöld. Hiti 9-16 stig.

VEÐUR 4



ÞÝSKIR BANKASTJÓRAR FAGNA Starfsmenn þýskra banka sjást hér fagna innilega 2-0 sigri Þýskalands á Svíþjóð á HM í Þýskalandi í gær.

Þýskir bankastjórar á Íslandi:

Sigurreifir í Bankastræti

KNATTSPYRNA Það var glatt á hjalla í Bankastræti í gær þegar hátt í sextíu þýskir bankastjórar fögnuðu sigri Þjóðverja á Svíum á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu. Fólkið er í heimsókn hér á landi í boði þýsks fjárfestingarfyrirtækis, en hugmyndin með ferðinni er að verðlauna starfsmenn og viðskiptavini í þýska bankageiranum.

„Hópurinn hefur farið í hestaferð í Heiðmörk, gengið á Langjökul og farið í þyrluflug svo eitthvað sé nefnt. Við settum svo upp breiðtjald inni í hlöðu í Hvammsvík í Hvalfirði þar sem horft var á fótboltaleikinn í brjáláðri stemningu," segir Kristín Harðardóttir, verkefnastjóri ferðaskrifstofunnar Atlantik. Að leiknum loknum var ferðinni haldið í bæinn þar sem ljósmyndari náði mynd af hópnum.

Ferðinni lýkur formlega í dag en ekki er víst hvernig bankastjórunum gengur að komast úr landi þar sem flug þeirra á að fara á sama tíma og mótmælin í Leifsstöð eru fyrirhuguð. - sþs

Hóta frekari töfum á millilandaflugi

Starfsfólk IGS ætlar að hætta vinnu aftur um næstu helgi verði ekki samið við þau. Mikil reiði er í mönnum og sér ekki fyrir endann á deilunni. „Við hvetjum starfsmenn til að sinna sínum skyldum," segir framkvæmdastjóri IGS.

Starfsfólk IGS, dótturfélags Icelandair sem sér um þjónustustörf í Leifsstöð, ætlar að leggja aftur niður störf um næstu helgi náist ekki samningar um kaup og kjör fyrir þann tíma. Þetta var samþykkt á starfsmannafundi sem var haldinn í gær að loknum neyðarfundi þar sem Gunnar Olsen, framkvæmdastjóri IGS, reyndi að koma til móts við starfsfólkið, en það kvartar yfir lágum launum og miklu vinnuálagi. Ekki náðist nein niðurstaða á þessum fundi og þegar blaðið fór í prentun stefndi í að starfsfólk innan allra deilda IGS legði niður störf milli klukkan fimm og átta í morgun.

Að sögn starfsmanns IGS, sem vildi ekki láta nafns síns getið af ótta við uppsögn, er mikill hiti í starfsmönnum og magnaðist hann enn frekar þegar gefið var í skyn að starfsfólk yrði gert bótaskylt vegna þess kostnaðar sem hlytist af mótmælunum. Samheldnin sé mikil meðal starfsfólks og ætli allir sem einn að ganga út verði einhver lögsóttur vegna mótmælanna.

„Við funduðum með fólkinu í gær og fórum þar yfir þau mál sem skapað hafa þennan óróa. Við hvöttum fólk til að sinna sínum skyldum og mæta til starfa eins og vera ber en það verður bara að koma í ljós á morgun hvort fólk tekur tillit til þess," sagði Gunnar Olsen um málið.

Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, sagði að fyrst og fremst yrði reynt að róa farþega og gera þeim biðina sem bærilegasta þegar hann var spurður um viðbrögð fyrirtækisins við mótmælunum. „Það er lítið annað sem við getum gert á þessu stigi málsins. Við vonuðumst til að samningar Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem skrifað var undir fyrir helgi myndu slá á þessar kröfur en það virðist ekki duga til."

Gunnar og Jón Karl sögðust báðir ætla að vera viðstaddir mótmælin í Leifsstöð í morgun, en auk þeirra verða um tvö þúsund farþegar á leið til og frá landinu. - sþs

FORVARNIR Gildi forvarna á vinnustöðum verður seint ofmetið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Alþjóðavinnumálaþing:

Gildi forvarna ítrekað

ATVINNUMÁL Miða skal að því að auka meðvitund um gildi forvarna hvað slysahættu og atvinnusjúkdóma varðar á almennum vinnustöðum samkvæmt samþykkt sem gerð var á Alþjóðavinnumálaþingi sem lauk nýlega í Genf.

Afgreiddi þingið enn fremur tilmæli um ráðningarsamning atvinnurekanda og launamanns í því skyni að sporna við hvers kyns gerviverktöku sem er sívaxandi vandamál víða um heim. Setja skal skýrar reglur um forsendur þess að ráðningarsamband hafi komist á og greint sé á milli þeirra sem eru launamenn og þeirra sem eru sjálfstætt starfandi. Nokkrir fulltrúar Íslands sátu þingið. - aöe

Tómas Zoëga krefst miska- og skaðabóta upp á tugi milljóna króna:

Tómas náði ekki sáttum

LANDSPÍTALINN Tómas Zoëga sérfræðilæknir er hættur störfum á Landspítalanum og hyggst krefjast milljóna í miskabætur vegna ólöglegra vinnubragða framkvæmdastjórnar Landspítalans.

Tómas og lögmaður hans funduðu með framkvæmdastjórn Landspítalans í fyrrakvöld með það fyrir augum að reyna að ná sáttum um að Tómas tæki við fyrra starfi sínu, sem yfirlæknir á geðsviði Landspítalans.

Forsaga málsins er sú að Tómas var leystur frá störfum sem yfirlæknir vegna þess að hann rak eigin læknastofu meðfram starfi sínu sem yfirlæknir geðsviðs. Tómas var ósáttur við þessa ákvörðun og fór með málið fyrir dómstóla.

TÓMAS ZOËGA

Áttunda júní úrskurðaði Hæstiréttur Tómasi í hag og sagði í dómnum að óheimilt hefði verið að breyta starfsvettvangi Tómasar á þeim forsendum sem gert var. Framkvæmdastjórn Landspítalans lagði fram sáttatilboð sem fólst í því að stjórnunarskyldum yrði létt af Tómasi og starf hans skilgreint í samráði við sviðsstjóra á geðsviði spítalans.

Tómas sendi frá sér yfirlýsingu í gærkvöld þar sem hann sagði ljóst að hann krefðist miska- og skaðabóta upp á tugi milljóna króna og það væri „kostnaður skattgreiðenda af endurtekinni ólögmætri stjórnsýslu yfirstjórnar Landspítalans". - mh

Ríkisstjórn:

Sprakk ekki í sjónvarpssal

RANNSÓKN Rangt er að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, hafi sprungið í beinni útsendingu eins og haldið hefur verið fram. Ingólfur Margeirsson kemst að þessari niðurstöðu í lokaritgerð sinni við Háskóla Íslands.

Ingólfur segir ríkisstjórnina hafa verið sprungna áður en til þáttarins kom. Hann segir fjölmiðlamenn hafa hampað kenningunni og þess vegna hafi hún fest í sessi. Sjá síðu 18

SPURNING DAGSINS

Valur, fékkstu vel borgað fyrir auglýsingu Orkuveitunnar?

„Nógu vel til þess að ég gerði það."

Valur Freyr Einarsson lék aðalhlutverk í auglýsingu Orkuveitunnar sem frumsýnd var í sjónvarpinu á dögunum. Auglýsingin er ein sú dýrasta í íslenskri sjónvarpssögu.

Viðtal við Jón Gerald Sullenberger í Morgunblaðinu vekur hörð viðbrögð:

Neitar að hafa eytt póstum

FJÖLMIÐLAR Guðmundur Ingi Hjartarson, framkvæmdastjóri Netheims ehf., neitar því að hafa átt þátt í því að eyða tölvupóstum Tryggva Jónssonar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar af netþjónum fyrirtækisins. Guðmundur Ingi sendi í gær frá sér yfirlýsingu vegna ummæla sem Jón Gerald Sullenberger lætur falla í viðtali við sunnudagsblað Morgunblaðsins, en þar segir hann „Baugsmenn hafa kverkatak á íslensku þjóðinni."

Guðmundur Ingi segir umfjöllun Morgunblaðsins vera „atvinnuróg af verstu tegund," sem skaði fyrirtæki sitt og starfsmenn þess.

JÓN GERALD SULLENBERGER

JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

Í yfirlýsingunni segir jafnframt að það sé „sorglegt að búa við þær aðstæður að Morgunblaðið skuli leyfa sér að vega úr launsátri," að fyrirtæki sínu.

Jón Ásgeir sendi einnig frá sér yfirlýsingu, undir nafninu „samantekin ráð hinna innvígðu og innmúruðu," þar sem hann sakar Morgunblaðið um að vera í herferð gegn sér, Baugi og fjölskyldu sinni. Hann segir „ósannindum vera dælt yfir lesendur Morgunblaðsins með stríðsfyrirsögnum," í viðtalinu.

Jón Ásgeir segir í yfirlýsingunni Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra, taka þátt í því að leggja á ráðin gegn Baugi.

Guðmundur Ingi sagðist í gær vera að íhuga rétt sinn vegna yfirlýsinga Jóns Geralds í viðtalinu.

- mh

Útlendingar í Danmörku:

Hælisleitendum stórfækkar

DANMÖRK Fjöldi þeirra útlendinga sem sækja um pólitískt hæli í Danmörku hefur lækkað mikið á seinustu árum og hafa þeir ekki verið færri síðan talningar hófust árið 1984. Á síðasta ári sóttu 2.281 um pólitískt hæli, sem er þrjátíu prósenta lækkun frá árinu 2004, að því er fram kemur á fréttavef Politiken. Orsakir þessa eru fyrst og fremst raktar til strangari laga um útlendinga í Danmörku.

Kannanir hafa sýnt að fjölmargir Danir vilja fækka þeim útlendingum sem búa í landinu frekar en að fjölga þeim, og nú virðist hafa stórlega dregið úr þeim fjölda útlendinga sem vilja flytja þangað. - sþs

UPPGANGUR Á AUSTURLANDI Fjöldi starfsfólks við mannvirkjagerð hefur rúmlega tvöfaldast á Austurlandi.

Starfandi fólki fjölgar:

Mest aukning á Austurlandi

VINNUMÁL Fjöldi starfandi fólks á Íslandi jókst um 4,7 prósent frá 2004 til 2005. Mest jókst fjöldinn á Austurlandi eða 17,6 prósent samkvæmt staðgreiðsluskrá Hagstofu Íslands.

Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði starfandi fólki um 5,2 prósent en á landsbyggðinni í heild var fjölgunin 4,6 prósent. Mest aukning starfsfólks var í flutninga- og samgöngustörfum. Á Austurlandi rúmlega tvöfaldaðist fjöldi starfsfólks við mannvirkjagerð, á milli ára. - öhö

Strand í Grafarvogi:

Sluppu ómeidd úr sjóslysi

SJÓSLYS Kona um fimmtugt var flutt á slysadeild eftir að bátur sem hún var í steytti á grynningum úti við smábátahöfn í Grafarvogi um tvö leytið í fyrrinótt.

Konan var ásamt manni sínum og þremur börnum á siglingu þegar óhappið varð. Konan stóð í bátnum þegar báturinn steytti á grynningunum og við það féll hún á tröppur. Hún slasaðist lítillega á höfði auk þess að finna fyrir meiðslum í baki.

Björgunarskip frá lögreglunni í Reykjavík kom fljótt á vettvang, ásamt báti frá björgunarsveitinni Ársæli. Báturinn losnaði af strandstað fljótlega og var þá hægt að sigla honum inn í smábátahöfn Snarfara. - mh

Rice og Valgerður ræddu um varnir

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, átti óvæntan símafund með Valgerði Sverrisdóttur utanríkisráðherra í gær. Þær voru sammála um að fundur bandarísku og íslensku varnarnefndanna 7. júlí væri mikilvægur.

VARNARMÁL Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, ræddi við Valgerði Sverrisdóttur, utanríkisráðherra, símleiðis um stöðu varnarviðræðna Íslands og Bandaríkjanna.

Upp úr hádegi í gær hringdi Rice óvænt í Valgerði. „Það kom mér skemmtilega á óvart þegar Rice hringdi. Hún var fyrst og fremst að óska mér til hamingju með embættið," sagði Valgerður en í framhaldinu ræddu þær um stöðu varnarviðræðna Íslands og Bandaríkjanna. „Rice þekkir varnarmál Íslands vel og lagði á það áherslu í okkar samtali að Bandarísk stjórnvöld hygðust efna varnarsamninginn og tryggja varnir Íslands."

CONDOLEEZZA RICE

Viðræðunefndir íslenskra og bandarískra stjórnvalda funda um varnir Íslands 7.júlí en Valgerður sagði Rice vonast til þess að þá þokist viðræðurnar í samkomulagsátt. „Það er ósk okkar beggja að fundurinn 7.júlí verði árangursríkur og ég tel það raunhæft markmið."

Valgerður sagði Rice hafa talað af kunnáttu um íslenskt efnahagslíf. „Ég skynjaði það að Rice hefur mikla þekkingu á íslensku efnahagslífi og nefndi það sérstaklega að miklar framfarir hefðu orðið hér á landi á síðustu árum."

Valgerður og Rice hittast á ráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í Ríga í Lettlandi í september en Valgerður bauð henni að heimsækja Ísland, en hún hefur aldrei komið hingað til lands í opinbera heimsókn. „Rice sýndi því mikinn áhuga að koma hingað og hún bauð mér í leiðinni að heimsækja Bandaríkin."

Valgerður á fund í dag með fulltrúum japanskra stórfyrirtækja. Forsvarsmenn Toshiba, Toyota, Mitsubishi og Japan Airlines munu ræða við Valgerði um hugsanlegt samstarf fyrirtækjanna við íslenskt atvinnulíf. „Á þessum fundi verður rætt um möguleika á frekari samskiptum og samvinnu en það liggur ekkert fyrir ennþá hver nákvæm efnisatriði fundarins verða."

Viðræður milli íslensku og bandarísku nefndanna á sviði varnarmála hafa ekki skilað miklum árangri til þessa. Geir H. Haarde, forsætisráðherra, sem leiðir viðræðurnar fyrir hönd íslenskra stjórnvalda, sagðist á dögunum vonast til þess að fundurinn 7.júlí myndi þoka sjónarmiðum nefndanna nær samkomulagsátt. Kröfur íslenskra stjórnvalda hafa ekki verið opinberaðar ennþá en varnarliðið verður farið af landinu í september, samkvæmt flutningsáætlunum.

magnush@frettabladid.is

VARNARLIÐIÐ Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI Óvíst er ennþá hvernig varnarmálum Íslands verður háttað en viðræður íslenskra og bandaríska stjórnvalda hafa staðið yfir undanfarna mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Átök í Afganistan:

Á níunda tug skæruliða falla

AFGANISTAN Afganskar hersveitir ásamt bandamönnum felldu 82 uppreisnarmenn í suðurhluta landsins í þrem bardögum á föstudag, að því er talsmenn herliðs bandamanna greindu frá í gær.

Af þeim féllu fjörutíu skæruliðar í fimm klukkustunda löngum skotbardaga í héraðinu Uruzgan. Í tilkynningu frá yfirstjórn herliðs bandamanna kom fram að engir óbreyttir borgarar eða hermenn hefðu látist í átökunum en talið var að skæruliðarnir hefðu allir fallið.

25 manns féllu í þriggja klukkustunda skotbardaga við hermenn í Kandahar og sautján uppreisnarmenn létust í Uruzgan seint á föstudag. - gþg

LÖGREGLUFRÉTTIR

Stútar undir stýri Þrír menn fengu að gista fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík í fyrrinótt vegna gruns um ölvunarakstur. Hafði bíll þeirra vakið eftirtekt vegfarenda og endaði ferðalag þremenninganna á ljósastaur við Sæbraut. Þá var einn maður tekinn fyrir ölvunarakstur á Akranesi í fyrrinótt.

Nokkur innbrot á Akureyri Nokkuð hefur verið um innbrot á heimili og í bíla á Akureyri undanfarna daga. Innbrotin hafa bæði átt sér stað að degi og nóttu. Lögreglan telur að sömu aðilar séu á ferðinni í öllum tilfellum og brýnir fyrir fólki að læsa húsum sínum og bílum. Þá hvetur lögreglan fólk til að vera á varðbergi gagnvart grunsamlegum mannaferðum.

Þrír teknir fyrir hraðakstur Lögreglan á Keflavíkurflugvelli stöðvaði þrjá ökumenn á Reykjanesbraut í fyrrinótt fyrir of hraðan akstur. Sá sem hraðast ók var sviptur ökuréttindum á staðnum, en hann mældist á 182 km hraða þar sem leyfilegur hámarkshraði eru 90 km á klukkustund. Annar ökumaður mældist á 126 km hraða þar sem hámarkshraði er 90 km og sá þriðji á 151 km hraða þar sem hámarkshraði er 70 km.

Útsala í sólina
apollo 20 ÁRA
Búlgaría 27. júní, 1 eða 2 vikur
Verð frá 17.500 kr.
Netfargjald, með sköttum
Bókaðu núna! www.apollo.is
apollo
5 100 300 www.apollo.is
Langferðir ehf., Holtasmára 1, 201 Kópavogur

Brautskráning frá Háskóla Íslands fór fram í gær:

Attenborough heiðursdoktor

MENNTAMÁL 957 kandídatar voru brautskráðir frá Háskóla Íslands við hátíðlega athöfn í Laugardalshöll í gær. Það eru tuttugu prósent fleiri en í fyrra.

Flestir þeirra sem útskrifuðust voru í grunnnámi, en þónokkrir luku meistaranámi og viðbótar- og starfsréttindanámi. Í grunnnáminu útskrifuðust flestir úr félagsvísindadeild og viðskipta- og hagfræðideild.

Sir David Attenborough, náttúrufræðingur og þáttagerðarmaður með meiru, var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við skólann og ávarpaði hann gesti samkomunnar frá Galapagos eyjum. Hann hlýtur nafnbótina fyrir að hafa tekið mikinn þátt í umræðu um umhverfismál frá 1980 og sýnt í þáttum sínum og bókum hvernig maðurinn hefur farið með búsvæði og vistkerfi á jörðinni.

KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR REKTOR ÚTSKRIFAR NEMANDA Hún lagði í ræðu sinni meðal annars áherslu á háskólann sem alþjóðlega vísindastofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Í ræðu Kristínar Ingólfsdóttur, rektors Háskóla Íslands, lagði hún áherslu á háskólann sem alþjóðlega vísindastofnun og nefndi nokkur alþjóðleg samstarfsverkefni við vísindamenn og stofnanir í fremstu röð. Einnig undirstrikaði hún mikilvægi Háskóla Íslands sem lykilstofnunar í rannsóknum og skilningi á íslenskum menningararfi og þjóðfélagsskipan. - sþs

Hvúmm
Gómsæt grillspjót
Verð frá 298 kr. stk.
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Úr Fiskborði Nóatúns
SVERÐFISKSTEIK MEÐ KRYDDSMJÖRI
2.998 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 600 kr. kg.
GRÍSAHNAKKI, ÚRBEINAÐUR
ÚR KJÖTBORÐI
998 kr. kg.
30% afsláttur
GOURMET LAMBALÆRISSNEIÐAR
MEÐ HVÍTLAUK OG BASIL
1.722 kr. kg.
HM 2006
2 stk. beint á grillið!
HM HAMBORGARAR
MEÐ BRAUÐI, BEIKONI, OSTI, BBQ SÓSU OG 1 l COKE
598 kr. pk.
Betty Crocker Cake Mix
BETTY CROCKER KÖKUMIX
399 kr. pk.
Betty Crocker Whipped
BETTY CROCKER KÖKUKREM
299 kr. pk.
Nýtt í Nóatúni !
NÓATÚNS VILLISVEPPASÓSA
398 kr. stk.
Allt „Bakað á staðnum"
25% afslætti
...mmm
NÓATÚN
-hljómar vel!

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 23.6.2006

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	75,57	75,93
Sterlingspund	137,74	138,40
Evra	94,76	95,30
Dönsk króna	12,709	12,783
Norsk króna	11,952	112,022
Sænsk króna	10,271	10,331
Japanskt jen	0,6495	0,6533
SDR	110,96	111,62

Gengisvísitala krónunnar
131,529

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Útskrift Kennaraháskóla Íslands fór fram í gær:

Aldrei fleiri brautskráningar

MENNTAMÁL Háskólamenntuðum kennurum á Íslandi fjölgaði í gær, en þá fór fram útskrift Kennaraháskóla Íslands í Laugardalshöllinni. Alls voru brautskráðir 565 kandídatar, þar af var 481 nemandi úr grunndeild og 84 nemendur úr framhaldsdeild. Aldrei hafa fleiri nemendur verið brautskráðir frá skólanum, en í fyrra útskrifuðust 511 kandídatar.

Í ávarpi Ólafs Proppé, rektors Kennaraháskólans, talaði hann meðal annars um lengingu kennaranáms og nefndi í því ljósi áform skólans um að bjóða frá haustinu 2007 upp á endurskoðað fimm ára samfellt nám til meistaraprófs á öllum námsbrautum. Hann minntist einnig á fyrirhugaðar breytingar á starfsnámi við Kennaraháskólann og varaði við að þeim fjármunum sem íslenska ríkið er tilbúið að veita til kennaramenntunar á næstu árum sé dreift á marga háskóla, enda brýn þörf fyrir stuðningi við þá heildarendurskoðun á námi kennara og annarra uppeldisstétta sem nú er á lokastigi í Kennaraháskóla Íslands.

Einnig kom rektor inn á hugsanlega sameiningu Kennaraháskólans og Háskóla Íslands, en stefnt er að því að frumvarp þess efnis verði lagt fram í haust og að skólarnir verði sameinaðir sumarið 2008. - sþs

ÓLAFUR PROPPÉ, REKTOR KENNARAHÁSKÓLA ÍSLANDS Varar við að fjármunum sé dreift á of marga háskóla þegar brýn þörf sé fyrir því að styðja heildarendurskoðun á námi við Kennaraháskólann.

Frumkvöðlastarfsemi:

Úgandabúar læra á Íslandi

NÝSKÖPUN Átta Úgandabúar hafa dvalið hér á landi undanfarna tíu daga og sótt námskeið um frumkvöðlastarfsemi í Háskóla Reykjavíkur en þeir eru hér í boði HR og Þróunarsamvinnustofnunar. Nemendurnir eru allir háskólamenntaðir og er ætlunin sú að þeir hrindi í framkvæmd stóru frumkvöðlafræðsluverkefni. Verkefnið verður í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun í Úganda og er fólkinu sem hér hefur dvalið ætlað að þjálfa 40 manns í Úganda sem síðan miðlar þekkingunni áfram. Markmið verkefnisins er að efla frumkvöðlafræðslu og nýsköpun í Úganda. - gþg

WARHOL MEÐ KOLLUNA Hárkollur listamannsins voru mikið tískufyrirbrigði og ekki bara notaðar til að fela skalla hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hárkolla kostar 820 þúsund:

Silfurhárkolla Warhols seld

BANDARÍKIN, AP Kjólar, Polaroid-myndir og símanúmerabók voru meðal muna á uppboði á munum fræga fólksins í New York í fyrradag. Einn áhugaverðasti hluturinn var þó silfurhárkolla listamannsins Andy Warhol, sem seldist á litlar 820 þúsund krónur. Polaroid-myndir af frægu fólki, áritaðar af Warhol kostuðu líka drjúgan skildinginn.

Nokkrir munir úr fórum Marilyn Monroe voru til sölu og seldust meðal annars tveir kjólar, á fjórar og fimm milljónir. Símanúmerabók gyðjunnar kostaði tæpar 2,4 milljónir, en í henni mátti finna nöfn og símanúmer vina Monroe. - sgj

Umhverfisráðuneyti Jónínu:

Einar ráðinn í ráðuneytið

RÁÐUNEYTI Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur hefur verið ráðinn aðstoðarmaður umhverfisráðherra, Jónínu Bjartmarz. Hann hóf störf í ráðuneytinu í gær og víkur úr starfi sínu sem deildarstjóri sérþjónustu á Veðurstofu Íslands.

EINAR SVEINBJÖRNSSON

Einar er 41 árs gamall með MS-próf í veðurfræði frá Óslóarháskóla. Hann var aðstoðarmaður Sivjar Friðleifsdóttur, fyrrverandi umhverfisráðherra, á árunum 1999-2003. - sgj

Margir virða ekki lokanir á hálendinu

Akstur á lokuðum hálendisvegum veldur miklum skemmdum á hverju ári. Aðeins þarf eitt ökutæki til að eyðileggja langa vegakafla. Ófærir vegir verða til þess að hvetja til utanvegaaksturs sem veldur frekari skemmdum á náttúrunni.

HÁLENDIÐ Á hverju vori reynist nauðsynlegt að loka vegum á hálendi Íslands því þeir eru sérstaklega viðkvæmir vegna bleytu. Þrátt fyrir það er á hverju ári töluvert um að ökumenn þungra og öflugra ökutækja virði ekki lokanir eða viðvaranir og valdi vegaskemmdum, og stundum landspjöllum utan vega. Kostnaður við viðgerðir og uppbyggingu veganna er verulegur á hverju ári.

Nicolai Jónasson, deildarstjóri hjá Vegagerðinni, segir að það séu alltaf einhverjir íslenskir jeppaeigendur sem ekki virði lokanir Vegagerðarinnar en þó séu ferðamenn meira áberandi í þeim hópi. „Jeppaklúbburinn 4X4 hefur brýnt mjög fyrir sínum félagsmönnum að vera ekki að fara inn á þessa vegi á meðan þeir eru lokaðir. En við verðum töluvert varir við það að útlendingar eru að reyna að paufast þetta og sökkva einfaldlega í drullusvaðið.“ Nicolai minnir á að þegar klaki er í jörð þá sé jarðvegurinn fyrir ofan gegnsósa af bleytu því vatnið getur ekki runnið í burtu. Afleiðingar aksturs á hálendisvegum í þessu ástandi eru að sögn Nicolai alltaf þær sömu. „Þetta einfaldlega eyðileggur vegina. Oft sest síðan meira vatn í förin og eyðileggingin verður sífellt meiri. Á endanum verður vegurinn svo illa farinn að hann er ófær mun lengur en annars væri.“

Á FERÐ UM HÁLENDIÐ Ekki virða allir ferðamenn lokanir vega á hálendinu, segir deildarstjóri vegagerðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HÁLENDISVEGIR Búið er að opna Fjallabaksleið nyrðri og Dómadalsleið, af Mývatnsöræfum að Dettifossi og upp í Herðubreiðarlindir. MYND/VEGAGERÐIN

Vegagerðin, Landsbjörg og Umferðarstofa gáfu sameiginlega út kynningarefni á þremur tungumálum fyrir erlenda ferðamenn til að reyna að miðla nauðsynlegum upplýsingum um umgengni á hálendinu, en það skilar sér ekki til allra sem hyggjast leggja leið sína þangað.

Skúli H. Skúlason, formaður umhverfisnefndar jeppaklúbbsins 4x4, tekur undir að töluvert sé um akstur á lokuðum hálendisvegum en reynt sé að fræða jeppaeigendur eins og kostur er. „Það starf hefur skilað árangri en fræðsla til erlendra ferðamanna er kannski ekki nægilega mikil þó að gefið hafi verið út ágætt kynningarefni. Það er aldrei nóg að gert í fræðslu til þeirra sem hingað koma og hyggjast leggja leið sína upp á hálendið.“ Skúli bendir á að breytingar á veðráttu hafi sín áhrif. Ferðalangar í hálendisferðum að vetri lendi reglulega í asahláku sem veldur því að vegir spillast á heimleið. „Skemmdir vegir verða til þess að ferðalangar neyðast til þess að fara út fyrir veginn til að komast leiðar sinnar. Það veldur svo enn frekari skemmdum í náttúrunni.“

svavar@frettabladid.is

LANDSPÍTALINN Í FOSSVOGI Lyflækningadeild hefur verið sett í einangrun vegna veirusýkingar.

Lyflæknadeild í einangrun:

Veirusýking á Landspítala

VEIRUSÝKING Lyflækningadeild Landspítalans í Fossvogi hefur verið sett í einangrun eftir að þar kom upp veirusýking í liðinni viku.

Þrettán sjúklingar voru á deildinni en auk þeirra hafa nokkrir starfsmenn smitast. Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir, aðstoðarmaður hjúkrunarforstjóra, sagði í samtali við Fréttablaðið að einangrunin stæði fram yfir helgi eða þangað til smit væru hætt að berast á milli manna.

Þarna er á ferðinni noro-veira en hún veldur meðal annars niðurgangi. Meðan deildin er í einangrun verður nýjum sjúklingum beint annað. - öhö

UMFERÐ

Umferð gengið vel Umferð hefur gengið vel á Suðurlandi það sem af er helgi, þrátt fyrir mikinn umferðarþunga. Lögreglan á Selfossi segir lítið hafa verið um hraðakstur en þó hafi nokkur mótorhjól verið tekin fyrir of hraðan akstur. Þessi helgi er fyrsta stóra ferðahelgi sumarsins og voru margir á ferli á þjóðvegum landsins.

afrit.is
- Afritun á hvers konar gögnum
- Einfalt viðmót og uppsetning
- Hagkvæm þjónusta fyrir alla
- Ókeypis aðgangur í 30 daga
- Sjálfsafgreiðsla á Netinu
- Vottuð fyrsta flokks þjónusta
- Vöktun allan sólarhringinn
- Þúsundir ánægðra viðskiptavina
- Örugg dulkóðun og samskipti

afrit skýrr
afrit.is

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VEÐURSPÁ

LÆGÐ NÁLGAST Spá dagsins er alls ekki svo slæm. Hægur vindur og sæmilega hlýtt. En sú lægð sem nálgast landið vestanvert veldur því að það þykknar upp smám saman á landinu sunnan og vestanverðu en að líkindum fer ekki að rigna frá þessu kerfi fyrr en seint í dag og þá fyrst suðvestan til. Í dag verður bjart með köflum um norðan- og austanvert landið en hætt við þokulofti með norðurströndinni.

HORFUR FYRIR HÖFUÐBORGINA Hæg suðlæg átt en stífari seint í dag. Skýjað að mestu og fer að rigna síðdegis. Hiti 8-11 stig.

um hádegi »



» á morgun



5-10 m/s norðan til, annars yfirleitt hægari.

» þriðjudagur



Hæg, breytileg átt. Úrkomulítið.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	20°C	hálfskýjað	London	23°C	hálfskýjað	Alicante	30°C heiðskírt
Billund	21°C	hálfskýjað	París	27°C	skúrir	Mallorca	25°C heiðskírt
Osló	21°C	skúrir	Frankfurt	28°C	léttskýjað	Algarve	24°C léttskýjað
Stokkhólmur	23°C	hálfskýjað	Friedrichshafen	29°C	skúrir	Krít	27°C heiðskírt
Gautaborg	19°C	hálfskýjað	Berlín	30°C	hálfskýjað	Las Palmas	23°C heiðskírt

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Vaxtabót og Viðbót

Tveir sterkir!

SPRON Viðbót – 4,7% vextir*

Verðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber allt að 4,7% vexti.*

SPRON Vaxtabót – 11,55% vextir*

Óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber allt að 11,55% vexti.*

Kynntu þér málið á **spron.is**

Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200,
í þjónustuveri SPRON í síma 550 1400 eða á spron.is

*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 21. júní 2006

spron
– frelsi í bankaviðskiptum

KJÖRKASSINN

Finnst þér hlutfall kvenna í opinberum embættum of lágt?

Já	50%
Nei	50%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Notar þú stefnumótasíður á vefnum?

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Verð á orku til álframleiðslufyrirtækja er einna lægst á Íslandi samkvæmt skýrslu:

Megawattstund sögð á 1300 krónur

ÁLIÐNAÐUR Samkvæmt skýrslu breska ráðgjafafyrirtækisins Cru Group er meðalverð á orku til áliðnaðar tæplega 1300 krónur á megawattstund hér á landi. Einungis Rússland er með lægra meðalverð en það er eina landið þar sem orkuverðið er undir þúsund krónum á megawattstund.

Meðalverð á orku til áliðnaðar í Evrópu er næstum tvöfalt hærra en hér á landi.

Orkuverð til einstakra álframleiðenda í Kanada er samkvæmt skýrslunni lægst, eða í kringum 750 krónur á megawattstund, en það er nokkru frá meðaltalsverðinu sem er tæplega 1500 krónur á megawattstund.

Í skýrslunni segir einnig að mikill munur á orkuverði milli heimshluta orsakist meðal annars af því að margir samningar um orkusölu sem gerðir voru fyrir meira en tveimur áratugum séu á föstu verði, en flestir þeirra samninga sem gerðir eru nú séu tengdir heimsmarkaðsverði á áli.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, vildi ekki tjá sig um hvert söluverðið á orku væri frá Landsvirkjun til álframleiðanda hér á landi. **- mh**

ORKUVERÐ Á MEGAWATTSTUND

Rússland	981,5 krónur
Ísland	1.283,0 krónur
Kanada	1.449,0 krónur
Ástralía	1.812,0 krónur
Bandaríkin	2.783,0 krónur
Heimshlutar	
Evrópa	2.340,5 krónur
Asía	2.340,5 krónur
Austur-Evrópa	2.718,0 krónur
Mið- og Suður-Ameríka	2.189,5 krónur
Mið-Austurlönd	1.434,5 krónur

VINNA VIÐ ÁLIÐNAÐ Orkuverð til álframleiðenda hér á landi hefur ekki verið gefið upp. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LÖGREGLUFRÉTT

Ekið í veg fyrir hjól Keyrt var í veg fyrir tvö bifhjól skammt frá Hótel Loftleiðum um fjögur leytið í gær með þeim afleiðingum að ökumenn hjólanna slösuðust lítillega. Ökumaður bifreiðarinnar, sem keyrði fyrir hjólin, slasaðist ekkert en hjólin skemmdust nokkuð og eru óökufær.

STJÓRNMÁL

Nýr aðstoðarmaður Sigfús Ingi Sigfússon, þrítugur sagnfræðingur, hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Valgerðar Sverrisdóttur í utanríkisráðuneytinu. Sigfús starfaði áður í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Hann tekur til starfa á næstu dögum.

SJÁVARÚTVEGUR

Sjávarhiti hækkar Sjávarhitinn í Barentshafi er að jafnaði einni gráðu hærri nú en fyrir þrjátíu árum. Talið er að þetta geti orðið til þess að þorsk-, ýsu- og síldarárgangar stækki og auk þess liggur fyrir að kolmunni og makríll úr Norðursjónum sækir í auknum mæli norður í Barentshaf.

Forseti Íslands:

Afhjúpar minnismerki

MINNISMERKI Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, og Trevor Larsen, borgarstjóri í Hull, afhjúpuðu á föstudag minnismerki í Hull í Bretlandi um breska sjómenn sem farist hafa á Íslandsmiðum.

Minnismerkið gerði Steinunn Þórarinsdóttir myndhöggvari og sýnir það manneskju sem stendur á háum stuðlabergsdranga og horfir í átt til Íslands. Annað minnismerki eftir Steinunni verður afhjúpað í vikunni í Vík í Mýrdal. Fjöldi var saman kominn á athöfninni og voru meðal annars sjóliðar af varðskipinu Óðni viðstaddir sem og Alan Johnson menntamálaráðherra Bretlands.

Varðskipið er við bretland í tilefni af því að þrjátíu ár eru liðin frá því að síðasta þorskastríði Íslendinga og Breta lauk. **- öhö**

Veikleiki ef launaskrið fer af stað

Samkomulagið á vinnumarkaði stendur og fellur með samstöðu um að berjast gegn verðhækkunum og launaskriði næstu misserin. Ef launahækkun flæðir yfir allan vinnumarkaðinn er aðgerðin misheppnuð og þá æðir verðbólgan af stað.

VINNUMARKAÐUR Samkomulagið um endurskoðun kjarasamninga, sem aðilar vinnumarkaðarins skrifuðu undir á fimmtudagskvöld eftir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum, stendur og fellur með samstöðu um að spyrna gegn verðhækkunum og launaskriði næstu misserin þannig að verðbólga lækki niður í 2,5 prósent á næsta ári. Þetta segir Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Kristján Gunnarsson formaður Starfsgreinasambandsins segir veikleika samkomulagsins vera gríðarlegan verðbólguþrýsting.

„Menn höfða til þess að ná samstöðu um að ná niður verðbólgunni og búa til raunverulegan stöðugleika. Það eru ákveðin öfugmæli í því að hækka laun því að launahækkun þýðir náttúrulega verðbólguþrýsting. Við höfum heyrt þann söng og vitum að það mun gerast en þessi sátt núna felst í því að hækka laun og svo verði friður á launamarkaði," segir Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins.

„Það minnkar þessa spennu og óvissu kringum það að allir samningar verði lausir að vori," segir hann og telur veikleikann í aðgerðinni kannski þann að verðbólguþrýstingur verði gríðarlegur fram eftir sumri og hausti. „Við erum nú með átta prósenta verðbólgu og við þessa aðgerð mun verðbólga aukast fyrst um sinn en ganga svo niður."

STÖÐUGLEIKI MIKILVÆGUR Fiskvinnslufólk er fljótt að finna fyrir verðbólgunni. Mikilvægt er að samstaða náist gegn verðhækkunum og launaskriði.

Örlað hefur á þeirri tilhneigingu að líkja samkomulaginu við þjóðarsátt frá 1990 en Kristján segir að það séu öfugmæli. Aðstæður séu allt aðrar en upp úr 1990 þegar þjóðarsáttin var gerð til að hamla gegn óðaverðbólgu og víxlhækkun verðlags og launa.

„Þetta er ekki eins mikil aðgerð og þá. Þjóðarsáttin gekk út á það að allir héldu í sér en nú getum við sagt að því sé öfugt farið. Það er verulega spýtt í launataxtana og menn hækka laun hjá almennu launafólki. Ef aðgerðin flæðir yfir allan vinnumarkaðinn þá er aðgerðin misheppnuð. Það er veikleikinn."

Endurskoðun kjarasamninga áður en samningar eru lausir er ekki einstök aðgerð. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, rifjar upp að það hafi gerst í tvígang 1985. Í júní hafi verkalýðsfélögunum verið boðin fimm prósent gegn því að lengja samningstímann. Um haustið hafi fjármálaráðherra síðan hækkað laun ríkisstarfsmanna um þrjú prósent og þá hafi Vinnuveitendasambandið fylgt eftir.

hs@frettabladid.is

Íslandsdeild Amnesty International batt vopn Leifs Eiríkssonar:

Vekja athygli á ráðstefnu SÞ

MANNRÉTTINDI Íslandsdeild Amnesty International tók sig til í gær og batt vopn Leifs Eiríkssonar á styttu hans við Skólavörðuholtið. Voru vopnin bundin til að vekja athygli á herferð samtakanna „Komum böndum á vopnin" og ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um vopnaviðskipti sem hefst mánudaginn 26. júní. Bundnar eru vonir við að þar verði samþykktur alþjóðlegur viðskiptasáttmáli sem tryggir að vopn séu ekki seld til landa þar sem mannréttindabrot eru í hámarki og hætta á vopnuðum átökum.

VOPNIN BUNDIN Amnesty International vonast til að sátt náist um vopnasölu á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem hefst á mánudaginn.

„Gjörningurinn gekk alveg ótrúlega vel, þetta var mjög sjónrænt og flott. Við náðum að vekja athygli á ráðstefnunni og einnig á herferðinni „Control arms," sem er eins konar undirskriftasöfnun á netinu gegn vopnasölu þar sem fólk skrifar undir með mynd af sér," sagði Íris Ellenberger, verkefnastjóri hjá Amnesty á Íslandi.

Frá því að herferðin „Komum böndum á vopnin" hófst í október 2003 hafa ríkisstjórnir 45 landa lýst yfir stuðningi við gerð vopnaviðskiptasáttmála sem hefur þann tilgang að styrkja eftirlit með vopnaviðskiptum og koma í veg fyrir ólöglega vopnasölu. **- sþs**

Svona viljum við hafa það

Orkuveita Reykjavíkur

Þegar þú slekkur þorstann með köldu vatnsglasi, vökvar rósina í borðstofunni, ferð í kalda sturtu þá hugsarðu ekki um hina náttúrulegu uppsprettu og hvernig kalda vatnið er leitt hollt og gott alla leið í kranann. Þú nýtur þess bara.

Ekkert vesen og allt í góðu lagi.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN ORK ISL 33273 06.2006

Baugsmál - nýtt upphaf í sjónmáli

Útlit er að fyrir að Baugsmálinu verði fram haldið, hvernig sem niðurstaðan verður í dómsmálinu sem nú er til meðferðar fyrir dómstólum. Fjórir einstaklingar hafa verið kallaðir til yfirheyrslu hjá ríkislögreglustjóra í nýju sakamáli. Málflutningi vegna frávísunarkröfu ákærðu er lokið.

Nýtt Baugsmál virðist í uppsiglingu. Fjórir einstaklingar, Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, Kristín Jóhannesdóttir systir Jóns Ásgeirs, Stefán Hilmarsson endurskoðandi, og Tryggvi Jónsson, fyrrverandi forstjóri Baugs, hafa verið boðuð til yfirheyrslu hjá ríkislögreglustjóra. Öll tengjast þau fyrirtækjunum Baugi, Gaumi ehf. og Fjárfari ehf.

Líklegt má telja að þetta marki nýtt upphaf í málaferlum er tengjast fyrirtækinu Baugi, en um hið svonefnda Baugsmál hefur verið rætt sem viðamesta og flóknasta efnahagsbrotamál íslenskrar réttarsögu.

Segir málin ekki tengjast

Yfirheyrt verður í sumar vegna meintra brota gegn skattalögum, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga og almennum hegningarlögum í tengslum við rekstur félaganna Baugs Group hf., Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. og Fjárfars ehf. á árunum 1998 til 2002. Samtals nema brotin rúmlega 190 milljónum króna.

Að sögn Jóns H. Snorrasonar, yfirmanns efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, tengjast brotin sem yfirheyrt er vegna, ekki því máli sem nú er til meðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur. Ljóst er þó að rannsóknin sem stuðst er við vegna málsins sem settur saksóknari, Sigurður Tómas Magnússon, vonast til þess að geta tekið til efnismeðferðar í héraðsdómi, er sú sama og leiðir til yfirheyrslnanna sem framundan eru í sumar.

Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs, hefur sagt það gagnrýnisvert að skjólstæðingur sinn skuli kallaður til yfirheyrslu þegar verið er að reka gegn honum mál fyrir dómi en Jón H. Snorrason segir ekkert vera athugavert við yfirheyrslurnar. „Lögum samkvæmt ber að reka öll mál á hendur sama sakborningi á sama tíma," sagði Gestur fyrir dómi þegar hann gerði grein fyrir því að Jón Ásgeir hefði verið kallaður til yfirheyrslu.

Jón segir sakarefnin vegna yfirheyrslnanna í sumar ekki vera þau sömu og í málinu sem nú er til umfjöllunar. Málin séu því eðlisólík.

Jón segir Jón Ásgeir hafa mátt búast við því að vera kallaður til yfirheyrslu. „Skattstjóri gerði Jóni Ásgeiri það ljóst skömmu fyrir áramótin 2004 til 2005 að meint brot yrðu send til ríkislögreglustjóra," sagði Jón H. Snorrason í samtali við Fréttablaðið á dögunum.

Málið fái efnislega meðferð

Sigurður Tómas hefur lagt á það þunga áherslu að endurákæruefnin, sem um er deilt fyrir dómstólum nú, fái efnislega meðferð. Að auki segir hann það nauðsynlegt fyrir trúverðugleika íslenskra dómstóla að þeir geti tekið á flóknum og viðamiklum efnahagsbrotamálum efnislega, sérstaklega þar sem „fyrir kæmu efnaðir menn sem hefðu kost á því að fá færa lögfræðinga til liðs við sig," eins og Sigurður Tómas komst að orði fyrir dómi.

Samtals nema upphæðirnar sem ákært er vegna í málinu 358,6 milljónum króna. Í fyrsta ákæruliið málsins, sem er næstum fjórar síður af þeim tuttugu sem ákæran telur, er Jóni Ásgeiri gefið að sök að hafa beitt stjórn Baugs blekkingum í auðgunarskyni með því að leyna því að hann væri raunverulegur seljandi hlutafjárins í Vöruveltunni, áður rekstrarfélags verslananna 10-11, ásamt eignarhaldsfélaginu Fjárfari sem hann var í forsvari fyrir. Auk þess er Jón Ásgeir sakaður um að „vekja hjá stjórn Baugs hf. þá hugmynd að seljandi hlutafjárins ásamt Fjárfari ehf. væri Helga Gísladóttir," sem áður var eigandi 10-11 ásamt manni sínum. Samtals er tjónið og auðgunin sögð í fyrsta lið endurákæru nema um 200 milljónum króna.

Sigurður Tómas lagði á það áherslu í málflutningi vegna frávísunarkröfu ákærðu, að málið ætti sér sjö mánaða aðdraganda og því þyrfti að rekja málsatvik í nákvæmnisatriðum í ákæru. Því gæti ákæran virst flókin, en hjá því væri einfaldlega ekki komist.

FJAÐRAFOK Í KRINGUM JÓN ÁSGEIR Baugsmálið hefur vakið mikla athygli bæði í innlendum og erlendum fjölmiðlum. Starfsemi Baugs er að langstærstum hluta erlendis en um níutíu prósent af starfsemi félagsins er þar. Hér sjást fjölmiðlamenn sækja að Jóni Ásgeiri fyrir framan Héraðsdóm Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Endurákæra byggð á sömu gögnum og áður

Verjendur sakborninga hafa sagt endurákæruna í málinu óskiljanlega. „Líklega hefur enginn maður lesið endurákæruna í þessu máli jafn oft og ég, en samt finnst mér hún fullkomlega óskiljanleg," sagði Gestur í upphafi máls þegar hann rökstuddi þá skoðuna sína að vísa þyrfti málinu frá í heild sinni. Ein helsta röksemd verjenda fyrir frávísun hefur verið sú að ákæruvaldið hafi ekki sett fram ný gögn sem gefi tilefni til þess að varpa skýrara ljósi á meint brot sakborninga í málinu. Þannig hafi dómarinn ekki neinn annan kost en að vísa málinu frá, líkt og hann gerði í fyrra málinu.

Settur saksóknari mótmælir þessu og segir ákæruvaldið vera að fara að kröfum Hæstaréttar með því að laga annmarka á ákærunni sem vísað var frá dómi 10.október.

Nú er þess beðið að Arngrímur Ísberg, dómari í málinu sem endurákæran byggir á, kveði upp úrskurð um hvort málinu skuli vísað frá dómi. Ef sú yrði niðurstaðan, er ljóst að Baugsmálinu lýkur ekki þótt frávísunin yrði staðfest í Hæstarétti. Það heldur áfram.

magnush@frettabladid.is

FRAMVINDA BAUGSMÁLS FRÁ UPPHAFI

■ Snemma árs 2002
- Hreinn Loftsson varar stjórn Baugs við því að von gæti verið á aðgerðum samkeppnisyfirvalda gegn félaginu eftir fund með Davíð Oddssyni, þáverandi forsætisráðherra.

■ 28.ágúst 2002
- Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra gerir húsleit í höfuðstöðvum Baugs Group við Súðarvog í Reykjavík. Leitin á rætur að rekja til ásakana Jóns Geralds Sullenberger, forsvarsmanns Nordica, um auðgunarbrot Tryggva Jónssonar og Jóns Ásgeirs Jónssonar. Rannsóknin beinist í upphafi að því að Jón Ásgeir og Tryggvi, stjórnendur Baugs, hafi látið Baug greiða tilbúna og ranga reikninga vegna kaupa á skemmtibátnum Thee Viking. Sakargiftir lúta einnig að því að gefinn hafi verið út tilhæfulaus reikningur í nafni Nordica að undirlagi stjórnenda Baugs og hann síðan gjaldfærður hjá Baugi.
- Sama dag vinnur kaupsýslumaðurinn Philip Green að yfirtökutilboði í fataverslanakeðjuna Arcadia ásamt Jóni Ásgeiri og Baugi.

■ 29.ágúst 2002
- Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggvi Jónsson og fleiri eru yfirheyrðir hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra.

■ 6.september 2002
- Stjórn Arcadia ákveður að taka tilboði Green, án þátttöku Jóns Ásgeirs og Baugs, upp á rúmlega hundrað milljarða króna. Arcadia vildi ekki halda áfram samningaviðræðum við Jón Ásgeir og Baug vegna lögregluaðgerðanna í höfuðstöðvum fyrirtækisins.

■ 3. mars 2003
- Davíð Oddsson forsætisráðherra er gestur á Morgunvakt Ríkisútvarpsins. Þar segir hann að Hreinn Loftsson hafi sagt við sig að Jón Ásgeir hefði nefnt það, að bjóða þyrfti Davíð þrjú hundruð milljónir króna til þess að láta af andstöðu gagnvart fyrirtækinu. Jón Ásgeir vísaði því á bug. Hann segir í viðtali við Morgunblaðið, að svo virtist sem Davíð hafi ekki vitað hvernig hann ætti að bregðast við þeim upplýsingum sem fram komu í Fréttablaðinu nokkrum dögum fyrr, um að Davíð hefði rætt við Hrein um Jón Gerald Sullenberger og Nordica.

■ 17.nóvember 2003
- Fulltrúar embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins og lögreglunnar gera húsleit hjá Baugi Group og Gaumi. Gögn er varða rekstur fyrirtækjanna á árunum 1998 til 2002 eru tekin.

■ 29. apríl 2004
- Lögreglan í Lúxemborg leggur hald á gögn um Baug og Gaum í Kaupthing Bank í Lúxemborg. Aðgerðin er liður í rannsókn efnahagsbrotadeildar.

■ 7.janúar 2005
- Baugi Group er gert að greiða 465 milljónir króna við endurálagningu ríkisskattstjóra fyrir árin 1998 til 2002.

■ 1. júlí 2005
- Jón Ásgeir Jóhannesson, Jóhannes Jónsson, Kristín Jóhannesdóttir, Tryggvi Jónsson, fyrrverandi forstjóri Baugs, og endurskoðendurnir Stefán Hilmarsson og Anna Þórðardóttir, eru ákærð í Baugsmálinu. Tæplega þriggja ára rannsókn á Baugsmálinu er þar með lokið. Ákæran er í fjörutíu liðum.

■ 20. september 2005
- Stærstum hluta Baugsmálsins, eða 32 liðum af fjörutíu, er vísað frá í Héraðsdómi Reykjavíkur, vegna ágalla á ákærum.

■ 24. september 2005
- Fréttablaðið flytur af því fréttir að Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og Jón Steinar Gunnlaugsson, núverandi Hæstaréttardómari, hafi fundað um Baugsmálið mánuðum áður en ákært var í því. Styrmir Gunnarsson staðfestir í samtali við Fréttablaðið að hann hafi talað um málið við Kjartan og Jón Steinar, með það fyrir augum að aðstoða Jón Gerald Sullenberger. Styrmir staðfestir að hann hafi beðið blaðamann Morgunblaðsins, Ásgeir Sverrisson núverandi ritstjóra Blaðsins, þýða texta fyrir Jón Gerald og biður Jónínu Benediktsdóttur í tölvubréfi að „eyða fingraförum Morgunblaðsins af þessu skjali og senda það síðan til Jóns Geralds."

■ 10. október 2005
- Hæstiréttur staðfestir frávísunarúrskurð héraðsdóms.

■ 11. október 2005
- Bogi Nílsson ríkissaksóknari tekur við málinu fyrir hönd ákæruvaldsins.

■ 14. október 2005
- Bogi Nílsson segir sig frá málinu vegna tengsla við starfsmenn KPMG endurskoðunar, er tengjast endurskoðunarstarfi fyrir Baug. Í framhaldinu skipar Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra, Sigurð Tómas Magnússon saksóknara í Baugsmálinu.

■ 14. nóvember 2005
- Þinghald hefst vegna átta ákæruliða sem eftir standa í Baugsmálinu.

■ 17. nóvember 2005
- Jón H.B.Snorrason, saksóknari hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra, segir sig frá þeim hluta Baugsmálsins sem enn er fyrir dómi. Sigurður Tómas Magnússon flytur málið fyrir hönd ríkissaksóknara.

■ 15. mars 2006
- Ákærðu í Baugsmálinu eru sýknaðir í héraðsdómi Reykjavíkur.

■ 17. mars 2006
- Bréf er sent úr dómsmálaráðuneytinu til bandarískra dómsmálayfirvalda þar sem óskað er eftir aðstoð við yfirheyrslur á einstaklingum í Bandaríkjunum er tengjast Baugsmálinu. Verjendur sögðu Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra, vera með þessu að hafa bein áhrif á framgang málsins en því hefur skrifstofustjórinn í ráðuneytinu, Stefán Eiríksson, neitað. Aðeins hefði verið um formlega beiðni að ræða sem yrði að fara í gegnum ráðuneytið.

■ 4. apríl 2006
- Ákveðið er að endurákæra í 19 af 32 ákæruliðum sem áður var vísað frá í Baugsmálinu. Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggvi Jónsson og Jón Gerald Sullenberger eru nú ákærðu í málinu.

■ 27. apríl 2006
- Baugsmálið vegna endurákæru þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur. Verjendur ákærðu krefjast frávísunar á málinu.

■ 20. júní 2006
- Jón Ásgeir Jóhannesson, Kristín Jóhannesdóttir, Stefán Hilmarsson og Tryggvi Jónsson boðuð til yfirheyrslu í nýju sakamáli.

■ 21. júní 2006
- Munnlegur málflutningur hefst vegna frávísunarkröfu ákærðu. Settur saksóknari krefst þess að málið fái efnismeðferð en því mótmæla verjendur harðlega. Úrskurður Arngríms Ísberg, sem skipaður var dómari í seinna málinu í stað Pétur Guðgeirssonar sem var dómari í fyrra málinu, liggur fyrir innan þriggja vikna.

... og fríið verður frábært með Camp-let

Kynntu þér **stóru, sterku og fallegu tjaldvagnana frá Camp-let**, uppáhalds ferðafélaga Íslendinga um áratuga skeið!

Savanne er nýr og spennandi kostur frá Camp-let

GÍSLI JÓNSSON

Umboðsmaður á Akureyri: Bílasalinn.is // Hjalteyrargötu 2

Klettháls 13 // s. 587 6644 // www.gisli.is

20% Afsláttur á hágæða Dupen rúmum

verð frá 18.720kr*

*(Dynamica 90x200)

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri

ODDI VOB 1640

IMPERIAL

DINAMICA

ORTOPEDICA

IMPERIAL		
Stærð	Verð	20% afsl.
90x200	**53,300 kr.**	42,640 kr.
120x200	**65,000 kr.**	52,000 kr.
150x200	**76,700 kr.**	61,360 kr.
180x200	**100,100 kr.**	80,080 kr.

DYNAMICA		
Stærð	Verð	20% afsl.
90x200	**23,400 kr.**	18,720 kr.
120x200	**29,900 kr.**	23,920 kr.
150x200	**36,400 kr.**	29,120 kr.
180x200	**42,900 kr.**	34,320 kr.

ORTOPEDICO		
Stærð	Verð	20% afsl.
90x200	**45,500 kr.**	36,400 kr.
120x200	**59,800 kr.**	47,840 kr.
150x200	**66,300 kr.**	53,040 kr.
180x200	**78,000 kr.**	62,400 kr.

Gildir til 29. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

evrópa
Ísland og Evrópusambandið

AF EVRÓPUVETTVANGI: AUÐUNN ARNÓRSSON

Af aldurshorfum EFTA og EES

Í kvöld hefst á Höfn í Hornafirði árlegur ráðherrafundur Fríverzlunarsamtaka Evrópu, EFTA. Á hann mæta utanríkisráðherrar EFTA-ríkjanna Liechtenstein, Noregs og Sviss auk gestgjafalandsins Íslands. Jafnhliða fer fram fundur þingmannanefndar EFTA, en á hann mæta þingmenn af þjóðþingum aðildarlandanna fjögurra. Almennt skeyta fjölmiðlar lítt um þessa fundi, enda eru þeir hluti af reglulegu vinnuferli í starfsemi EFTA sem komin er mikil rútína á eftir áratugina sem samstarfið hefur staðið yfir. En þeir eru mikilvægur þáttur í framkvæmd utanríkisstefnu Íslands.

Undirritaður var viðstaddur þegar embættis- og stjórnmálamennirnir sem að rekstri EFTA koma hittust í Vaduz í Liechtenstein fyrir fimm árum til að klappa hver öðrum á bakið fyrir að hafa haldið þessum rekstri gangandi í fjóra áratugi. Á þessum fundi var samþykkt uppfærsla á stofnsáttmála EFTA. Á Vaduz-fundinum var nokkuð áberandi í máli manna að þeir teldu sennilegt að þetta yrði síðasta stórafmæli EFTA – fáir viðstaddra hefðu á þeim tímapunkti verið reiðubúnir að veðja á að samtökin lifðu það að verða fimmtug. Ástæðan var sú að líkur þóttu hafa vaxið á því að annaðhvort Noregur eða Ísland, eða þau bæði, myndu bráðlega taka stefnuna inn í Evrópusambandið en slík blóðtaka myndi þýða að EFTA yrði ekki lengur starfhæf sem trúverðug alþjóðastofnun. Sumar ræðurnar sem haldnar voru hljómuðu beinlínis eins og tregablandin eftirmæli eftir góðan vin sem skilað hefði góðu æviverki. Þessa stemmningu mátti einnig greina í máli manna á stórri ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík haustið 2004 til að minnast 10 ára afmælis EES-samningsins, en frá tilkomu hans hefur starfsemi EFTA snúist að miklu leyti um rekstur hans.

Í ljósi þess að engin þeirra ríkisstjórna, sem nú eru við völd í EFTA-löndunum, hefur það á stefnuskránni að sækjast eftir aðild að Evrópusambandinu má fullyrða að nú, fimm árum eftir Vaduz-fundinn, séu fleiri reiðubúnir að veðja að EFTA eigi eftir að verða að minnsta kosti fullra fimmtíu ára. Og jafnvel að EES lifi af táningsaldurinn.

En fáir gestanna á Höfn munu vilja spá lengra. Halldór Ásgrímsson, þáverandi forsætisráðherra, spáði því að vísu fyrr á þessu ári að Ísland yrði gengið í ESB fyrir árið 2015. Í þeirri spá hans fólst það mat, að íslenzkir ráðamenn myndu á komandi árum sannfærast um að EES-samningurinn myndi ekki duga íslenzkum hagsmunum í Evrópu til lengdar. En óvíst er að margir treysti sér til að taka undir það mat að svo komnu máli. Færi á að fræðast um stöðu EES-samningsins og ræða framtíð hans gefst á ráðstefnu sem haldin verður á Hótel Sögu á vegum Evrópunefndar forsætisráðherra núna á miðvikudaginn.

Ráðstefna á miðvikudag:

Staða og framtíð EES rædd

Evrópunefnd forsætisráðherra, sem fulltrúar allra flokka á Alþingi eiga sæti í og vinnur að úttekt á stöðu og stefnu Íslands í Evrópumálum, hefur boðað til ráðstefnu um stöðu og framtíð EES-samningsins nú á miðvikudaginn 28. júní. Ráðstefnan fer fram á Hótel Sögu og er öllum opin, en óskað er eftir skráningu á netfangið skraning@for.stjr.is.

Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni verða Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra og formaður Evrópunefndarinnar, Nikolaus prins af Liechtenstein, sendiherra Liechtenstein hjá Evrópusambandinu, Guttorm Vik, sendiherra Noregs á Íslandi, William Rossier, framkvæmdastjóri EFTA, og Þórunn J. Hafstein, skrifstofustjóri hjá EFTA. Ráðstefnustjóri verður Össur Skarphéðinsson alþingismaður. Dagskráin fer fram á ensku.

Ratsjá fyrir íslenska hagsmuni

Í Brussel, aðalaðsetri burðarstofnana Evrópusambandsins, er rekið fjölmennasta sendiráðið sem íslenska lýðveldið heldur úti. Stefán Haukur Jóhannesson er sendiherra Íslands í Brussel. Auðunn Arnórsson ræddi við hann um hagsmunagæzlu fyrir Íslands hönd í valdamiðstöð ESB.

Úr skrifstofu íslenska sendiherrans uppi á áttundu hæð nýlegrar skrifstofubyggingar við Schuman-torg er útsýni yfir höfuðstöðvar Evrópusambandsins handan við torgið, bæði framkvæmdastjórnarinnar og ráðherraráðsins, eða einfaldlega ráðsins eins og valdamesta stofnun sambandsins heitir með raun réttri. Litlu fjær glittir í þak byggingarinnar sem hýsir Evrópuþingið. Það er reyndar ekki nema um hálft annað ár síðan sendiráðið flutti inn í þetta vel staðsetta húsnæði, áður var það til húsa í stórhýsi sem reist var fyrir rúmum áratug yfir starfsemi Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, á horni Rue de la Loi, sem er aðalgatan í „Evrópuhverfinu," en þurfti að víkja úr því eftir að stjórnsýsla Evrópusambandsins bauð betur í langtímaleigu á húsinu öllu.

„Ég hef oft líkt hlutverki sendiráðsins við ratsjá fyrir íslensk stjórnvöld, þar sem við erum að fylgjast með því sem er að gerast innan Evrópusambandsins," segir Stefán, beðinn um að lýsa starfseminni sem hann stýrir.

„Við höfum á að skipa fulltrúum allra fagráðuneytanna, og þeir ásamt fulltrúum utanríkisráðuneytisins sem hér starfa, hafa það meginhlutverk að fylgjast með því starfi sem fer fram innan ESB og taka þátt í rekstri EES-samningins og samstarfi EFTA-EES-ríkjanna við ESB." Af því samstarfi sem EES-samningurinn nær ekki til er Schengen-samstarfið um frjálsa för fólks um innri landamæri Evrópu viðamest.

Stöðugt á vaktinni

EES-samningurinn er mjög viðamikill og margbrotinn og auk þess í stöðugri þróun. „Sem þýðir að við erum stöðugt að vinna að nýjum reglum, taka yfir nýjar gerðir í EES-samninginn sem við þurfum síðan að taka upp í íslenska löggjöf," bendir Stefán á. Eitt af meginhlutverkum sendiráðsins sé því að fylgjast með og taka þátt í umræðu um löggjöf sem er í pípunum í ESB sem hugsanlega varða EES-samninginn. Þar er fyrst og fremst um að ræða löggjöf sem snertir innri markað ESB, því EES-samningurinn snýst í meginatriðum um þátttöku EFTA-ríkjanna í honum. EES gengur líka út á að þróa reglur sem varða fjórfrelsið svonefnda á innri markaðnum – þ.e. frjálst flæði vöru, þjónustu, fjármagns og fólks – þannig að samkeppnisskilyrði á innri markaðnum séu jöfn, hvort sem er í EFTA- eða ESB-stoð EES.

STEFÁN HAUKUR JÓHANNESSON Sendiherra í Brussel.

Til að sjá til þess að svo sé er starfrækt stofnanakerfi sem kveðið er á um í EES-samningnum – sérfræðinganefndir, undirnefndir, og síðan sameiginlega EES-nefndin. Henni lýsir Stefán sem eins konar yfirnefnd yfir þessu vinnuferli. Í henni eru teknar lokaákvarðanir um að taka nýjar gerðir inn í EES-samninginn. „Þessar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar eru í raun og veru litlir þjóðaréttarsamningar sem við síðan tökum heim og þurfum að fullgilda og taka upp í íslenskan rétt," útskýrir Stefán.

Áhrif möguleg á mótunarstigi

Í þessum nefndum er fjallað um mál og gerðir sem verið er að þróa og varða innri markað ESB og þar með EES-samninginn. „Eitt af þeim atriðum sem til skoðunar kemur er hvort nýjar reglur sem ESB er að fjalla um falli undir gildissvið EES-samningins, en ESB er að sjálfsögðu að fjalla um fjölmörg mál og semja reglur sem ekki varða Evrópska efnahagssvæðið," segir Stefán. Í flestum tilvikum sé það ekkert vafamál hvað af slíkri nýrri löggjöf falli undir samninginn og hvað ekki.

Einnig þurfi að skoða hvort þessar reglur kalli hugsanlega á lagabreytingar á Íslandi, hvort þær séu mjög íþyngjandi fyrir Ísland, hvort þær kalli á sérstök fjárútlát, eða varði íslenzka hagsmuni yfirleitt með einhverjum hætti.

„Þá þurfum við að skoða hvort það er ástæða til að reyna að hafa áhrif á efni þeirra reglna sem eru í mótun eða að fá sérstakar aðlaganir eða jafnvel undanþágu, ef við teljum að efni þessara reglna eigi einfaldlega ekki við íslenskar aðstæður," segir Stefán. Það sé mjög mikilvægt að reyna að greina þessi atriði sem fyrst í „ákvarðanamótuninni" eins og þetta snemmstig ákvarðanatöku hjá Evrópusambandinu er kallað. „Því fyrr sem við getum komið okkar athugasemdum að, þeim mun meiri líkur eru á því að tillit verði tekið til okkar sjónarmiða," segir Stefán.

Alls hafa íslenskir fulltrúar rétt til setu í allt að fjögur hundruð undirbúningsnefndum nýrrar Evrópulöggjafar, samkvæmt nýlegri úttekt EFTA-skrifstofunnar. Þessar nefndir eru þó allar á vegum framkvæmdastjórnarinnar. Þegar mál eru komin lengra í lagasetningarkerfi ESB og komin til kasta ráðsins og Evrópuþingsins veitir EES-samningurinn íslenskum fulltrúum engan beinan aðgang að ferlinu.

Stefán segir þó að í langflestum tilvikum séu þessar gerðir tæknilegs eðlis og skapi ekki nein sérstök vandamál eða kalli á viðbrögð af hálfu Íslands.

Óformleg tengsl dýrmæt

Aðspurður segir Stefán fulla ástæðu til að leggja áherzlu á að áhrifamöguleikarnir séu ekki eingöngu faldir í þessum formlegu leiðum, seturétti á nefndarfundum á vegum framkvæmdastjórnarinnar o.þ.u.l, heldur séu þau óformlegu tengsl sem skapist við hin daglegu samskipti við fulltrúa ESB mjög dýrmæt.

„Þessi óformlegu samskipti skipta mjög miklu máli. Persónuleg tengsl við sérfræðinga hjá framkvæmdastjórninni, hjá aðildarríkjum ESB, hjá hinum EFTA-ríkjunum og svo framvegis, því það er mjög mikilvægt að menn geti tekið upp símann og rætt málin við menn með óformlegum hætti og fengið betri skilning á því sem verið er að fjalla um, hver séu sjónarmið einstakra ríkja, hver séu vandamálin. Með þessu móti fást oft fram upplýsingar og skýringar sem menn eru ekki reiðubúnir að skýra frá á opinberum fundum. Þetta skiptir allt miklu máli og hjálpar okkur að útskýra mál frá okkar sjónarhóli þegar svo ber undir," segir Stefán.

Þá sé það ekki minna mikilvægt hlutverk sendiráðsins að vera í góðu sambandi við stjórnkerfið og hagsmunaaðila heima á Íslandi, að miðla með skilvirkum hætti upplýsingum til réttra aðila um það sem fram kemur í samskiptunum við ESB, í tengslum við rekstur EES og annað. „Ég tel mjög mikilvægt að þessi samskipti séu sem greiðust, opin og virk," segir Stefán.

EES-málum vel sinnt hjá ESB

Spurður um það hvernig sér finnist málefnum EES og Íslands vera sinnt innan stjórnsýslu ESB svarar Stefán því til að hann hafi ekki undan neinu að kvarta í því sambandi. „Okkar samskipti hafa gengið vandkvæðalaust, bæði tæknilega og efnislega," segir hann. „Rekstur EES-samningsins hefur gengið mjög vel og tekist hefur að leysa langflest vandamál sem upp hafa komið við framkvæmd samningsins með viðunandi hætti."

audunn@frettabladid.is

15% júní
afsláttur til 27. júní
Fataskápar fyrir fötin þín,
tilsniðnir eftir máli án aukakostnaðar.

INNVAL
www.innval.is
Hamraborg 1 kópavogi s: 554 4011

Viðbótarnám

Viðbótarnám fyrir grunnskólakennara
á haustönn 2006 vegna breytinga á námsskrá
í stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku verður
með eftirfarandi hætti.

Menntamálaráðuneytið

Staðbundnar lotur verða í Reykjavík, á Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum og þeim fylgt eftir með fjarnámi.

Aðfaranám I á haustönn 2006

	Reykjavík og Akureyri	Egilsstaðir og Ísafjörður
Stærðfræði	13. og 14. okt.	10. og 11. nóv.
Íslenska	28. og 29. okt.	4. og 5. nóv.
Enska	20. og 21. okt.	27. og 28. okt.
Danska	20. og 21. okt.	27. og 28. okt.

Jafnframt halda þeir þátttakendur sem voru á námskeiðum á vormisseri áfram í 3 eininganá mskeiði og verða staðbundnar lotur sem hér segir:

	Reykjavík og Akureyri	Egilsstaðir og Ísafjörður
Íslenska	22. og 23. sept.	29. og 30. sept.
Enska	15. og 16. sept.	22. og 23. sept.
Danska	15. og 16. sept.	22. og 23. sept.

Að loknu aðfaranámi I og II geta þátttakendur valið sér námskeið í sínu fagi í háskólum á Íslandi sem eru með kennaramenntun.
Menntamálaráðuneytið mun greiða kennslukostnað og innritunargjöld. Umsóknir um þátttöku berist í síðasta lagi 27. júní 2006 til Símenntunarstofnunar Kennaraháskóla Íslands sem hefur umsjón með skráningu og þátttöku.
Upplýsingar um skráningu og námið er að finna á vef Símenntunar KHÍ:
http://simennt.khi.is og í síma 563 3980.

SKÍFAN KYNNIR

ÍSLENSK ÁSTARLÖG

VINSÆLASTA PLATA LANDSINS!

CD
1.899kr.

1. Með þér – Ragnheiður Gröndal
2. Við stóran stein – Hildur Vala
3. Perlan – Sigríður Eyþórsdóttir
4. Ástin mín ein – Ellen Kristjánsdóttir
5. Sólstafir – Andrea Gylfadóttir
6. Sólón Íslandus – Ragnheiður Gröndal
7. Tunglið mitt – Hildur Vala
8. Sameiginlegt – Sigríður Eyþórsdóttir
9. Þú ert mér allt – Ellen Kristjánsdóttir
10. Tvær stjörnur – Ragnheiður Gröndal
11. Sönn ást – Sigríður Eyþórsdóttir
12. Ólýsanleg – Hildur Vala
13. Eilíf ást – Andrea Gylfadóttir

Íslensk ástarlög í einstöku umhverfi

ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR, HILDUR VALA, RAGNHEIÐUR GRÖNDAL,
SIGRÍÐUR EYÞÓRSDÓTTIR ÁSAMT HLJÓMSVEIT
UNDIR STJÓRN JÓNS ÓLAFSSONAR.
TÓNLEIKAR AÐ FOSSATÚNI SUNNUDAGINN 25. JÚNÍ KL. 16:00

FRÍTT INN MEÐ STUÐNINGI ORKUVEITU REYKJAVÍKUR,
MENNINGARRÁÐS VESTURLANDS OG RÁSAR 2

MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM

S·K·Í·F·A·N

skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Veruleikinn eftir kjarasamninga:

Erfiðar ákvarðanir létta róðurinn

Þessar vikurnar snýst tilvera heimsbyggðarinnar um fótbolta. Þar er spilað á tvö mörk. Á sama hátt hefur þjóðarbúskapur Íslendinga togast og teygst milli tveggja marka: Annað er í litum stöðugleikans en hitt í litum verðbólgunnar.

Eftir nýgerða kjarasamninga vaknar sú spurning hvar þjóðarbúskapurinn stendur í toginu milli þessara tveggja stríðandi marka. Ekki fer á milli mála að þeir eru mikilvægur áfangi. En einir og sér ráða þeir þó ekki endanlegum úrslitum í toginu milli stöðugleika og verðbólgu.

Í byrjun þessa árs var þjóðarbúskapurinn í miklu ójafnvægi. Eins og stundum áður var skrifað skýrum stöfum á vegginn að gengi krónunnar væri of hátt og stæðist ekki til lengdar. Nú hefur það fallið. Búskapurinn er að því leyti kominn í eðlilegra horf.

Hættan var hins vegar sú að við tækju gamaldags víxlhækkanir verðlags og launa. Það hefði leitt til vaxandi og varanlegrar verðbólgu. Kjarasamningarnir draga verulega úr hættunni á að þetta muni gerast.

Gagnvart hinu geta menn ekki lokað augunum að kjarasamningarnir slæva nokkuð áhrif þeirrar lækkunar sem orðið hefur á gengi krónunnar. Markaðurinn keyrði krónuna niður vegna þess að verðmætasköpun þjóðarinnar stóð ekki undir neyslunni.

Gengislækkunin þarf með öðrum orðum að fá að hafa þau áhrif. Fyrir þá sök er frekara aðhalds þörf. Þar skiptir peningastefna Seðlabankans að sjálfsögðu miklu máli. En það þarf meira til. Þá er komið að pólitískum ákvörðunum.

Segja má að það hafi verið tiltölulega einfalt fyrir ríkisstjórnina að mæta óskum aðila vinnumarkaðarins um áherslubreytingar varðandi áður áformaða lækkun á tekjuskatti. Til þess að gæta allrar sanngirni verður að viðurkenna að frekari sóknaraðgerðir í átt að stöðugleikamarkinu geta verið pólitískt snúnari.

Þar geta komið til álita ráðstafanir sem fela í sér frestun áformaðra framkvæmda. Enn fremur ákvarðanir varðandi opinber íbúðalán er miðuðu að því að tryggja meiri stöðugleika á þeim markaði.

Það er bæði gömul saga og ný að aðgerðir af þessu tagi geta reynst þrautin þyngri, ekki síst í aðdraganda kosninga. Pólitíski vandinn er einfaldlega fólginn í því að á bak við öll útgjaldaáform liggja heiðarleg kosningaloforð, sem þingmenn vilja eðlilega standa við.

En þá kemur að því að muna að stöðugleikinn í þjóðarbúskapnum hefur líka verið kosningaloforð. Hér getur sem sagt komið að því að taka meiri hagsmuni fram yfir minni. Engum blöðum er um að fletta að í þeirri stöðu er stöðugleikamarkið það mikilvægasta.

Í þjóðhatíðarræðu nýs forsætisráðherra á dögunum gaf ríkisstjórnin í fyrsta skipti til kynna af sinni hálfu að svo gæti háttað til að fylgja þyrfti peningamálaaðgerðum og hóflegum kjarasamningum eftir með frekari opinberum aðhaldsaðgerðum.

Þetta var mjög mikilvæg yfirlýsing, sem eftir var tekið. Engum vafa er undiropið að fjármálamarkaðurinn lagði við hlustir þegar þessi orð féllu.

Veruleikinn er hins vegar sá að það á eftir að koma í ljós hvort ríkisstjórnin hefur þann innri styrk að geta gert þessi orð forsætisráðherra að veruleika. Með öðrum orðum: Ríkisstjórnin þarf að taka erfiðar ákvarðanir til þess að létta róðurinn fyrir næstu kosningar.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fjarri mannabyggðum
Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra er öflugur bloggari. Nær daglega setur hún inn færslu og segir dyggum lesendum frá gjörðum sínum og ferðum. Þessa helgi ber svo við að ráðherra er í stopulu sambandi og þurfa lesendur að bíða til mánudagskvölds til að lesa um ferðir hennar. Í færslu sem skrifuð er fyrir helgi greinir hún frá þessu en það fylgir ekki sögunni á hvaða ferðalagi hún er um helgina. En leiða má að því líkum að hún sé fjarri mannabyggðum fyrst tölvusamband er lélegt.

Sagnfræði vinsæl
Ingólfur Margeirsson, rithöfundur og fjölmiðlamaður, er í viðtali í Fréttablaðinu í dag. Hann var að útskrifast með BA-gráðu í sagnfræði og lýsir því í viðtalinu að hann hafi lengi langað í það nám. Ingólfur er ekki eini fjölmiðlamaðurinn sem farið hefur í sagnfræði eftir langt starf á fjölmiðlum, Elín Hirst, fréttastjóri sjónvarpsins, hóf sagnfræðinám eftir margra ára starf við fjölmiðla og lauk MA-prófi meðfram vinnu sinni. Fjölmargir blaðamenn hafa lagt stund á nám í sagnfræði en sagnfræðingar leynast víðar og meðal annars í hópi stjórnmálamanna, Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, lagði stund á nám í sagnfræði, sama má segja um Steinunni Valdísi Óskarsdóttur og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur fyrrverandi borgarstjóra.

Ekki bara lögfræði
Sagnfræðingar eiga því sína fulltrúa í borgarpólitíkinni og sama má segja um stjórnmálafræðinga, lækna og uppeldisfræðinga svo eitthvað sé nefnt. Lögfræðingar, sem eru fjölmennir í sölum alþingis, eiga líka sinn fulltrúa í borgarstjórn, að vísu bara einn, en það er sjálfur Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri. Hann lauk embættisprófi í lögum árið 1974 og hefur þannig hefðbundinn bakgrunn framámanns í Sjálfstæðisflokknum. Björn Bjarnason varaformaður flokksins er líka lögfræðingur og sama má segja um fyrrverandi formanninn Davíð Oddsson. Núverandi formaður Geir Haarde er hins vegar hagfræðingur.

sigridur@frettabladid.is

Hver á að gæta varðanna?

Í DAG
HAFRANNSÓKNIR

ILLUGI GUNNARSSON

Engum vafa er undirorpið að vísindamenn á Hafró sinna sínum störfum af kostgæfni. En við hvern hér á landi eiga þeir vísindalegar samræður?

Fyrir nokkrum árum síðan skrifaði ég ásamt Orra Haukssyni, fyrrum aðstoðarmanni Davíðs Oddssonar, fjölmargar greinar um fiskveiðistjórnun. Kvað svo rammt að þessum greinarskrifum að góður vinur minn gaf mér 5 kíló af ufsakvóta og ónýta trillu í afmælisgjöf í þeirri veiku von að skrifunum linnti úr því að ég væri orðinn hagsmunaaðili. Hann sagðist reyndar ekki heldur þola myndina af mér sem birtist með greinunum í Mogganum, hann væri viðkvæmur í morgunsárið og myndin af mér minnti hann einna helst á illa sofinn bergþurs. Mér fannst það auðvitað leiðinlegt, en þeir á Mogganum fullyrtu að þetta væri besta myndin sem þeir ættu og við það sat. Á þessum árum var harkalega tekist á um eignarréttinn og hvernig hann væri tilkominn. Minna var rætt um samspil fiskveiðistjórnunarkerfisins og hafrannsókna. Enn á ný fáum við þær fréttir að þorskstofninn sé ekki að ná sér á strik. Það er því ekki úr vegi að velta aðeins upp spurningum um stöðu hafrannsókna.

Hvað er vísindakenning?

Heimspekingurinn Karl Popper var þeirrar skoðunar að kenning gæti einungis talist vísindakenning ef hana væri hægt að afsanna. Þetta hljómar svolítið sérkennilega en er rökrétt. Kenningin um að tröll búi í bergi er ekki vísindakenning því það er engin leið að afsanna kenninguna. Vísindakenningar geta reynst réttar eða rangar allt eftir því hvernig gengur að sanna þær eða afsanna. Ég nefni þetta hér vegna þess að sú spurning er áleitin hvernig hægt sé að sanna eða afsanna þær kenningar sem Hafró vinnur eftir. Um leið sprettur upp sú spurning hverjir hafi hérlendis aðstöðu og þekkingu til að deila við Hafró.

Ein ríkisstofnun

Hér á landi er ein ríkisstofnun sem sinnir hafrannsóknum og þar starfar fjöldinn allur af mjög hæfum vísindamönnum. Inni á þessari stofnun er samankomin gríðarleg þekkingin og reynsla í rannsóknum á auðlindum hafsins. Engum vafa er undirorpið að vísindamenn á Hafró sinna sínum störfum af kostgæfni. En við hvern hér á landi eiga þeir vísindalegar samræður? Hafró kallar vissulega til sín erlenda eftirlitsaðila, en er það nóg? Er það nægjanlegt vísindalegt aðhald til þess að tryggja að þær kenningar sem Hafró leggur til grundvallar séu réttar? Hafrannsóknir eru mjög flókin fræði og þar sem það er svo erfitt að sanna eða afsanna það sem Hafró er að gera, eykst mikilvægi öflugrar vísindalegrar umræðu. Umræða um hafrannsóknir hér á Íslandi fer fram á milli Hafrannsóknastofnunarinnar annars vegar og „manna úti í bæ“ hins vegar.

Hagró

Þætti okkur traustvekjandi ef hér á landi væri einungis ein ríkisrekin hagfræðistofnun, Hagró. Þessi stofnun gæfi út einu sinni á ári álit sitt á þróun efnahagsmála ásamt tillögum um aðgerðir og umræða um hagfræði færi fram á milli stofnunarinnar og „manna úti í bæ“. Og ef þessi stofnun sem hallaðist að einni kennisetningu í hagfræði fremur en öðrum, (tryði t.d. Keynes en ekki Friedman) fengi öðru hverju erlendar stofnanir til að fara yfir vinnu sína og útreikninga, þætti okkur það nægjanleg vísindaleg umræða? Þætti okkur það ávísun á gagnrýna umræðu að kennarar við hagfræðideild Háskólans kæmu frá stofnuninni og nemendur hyrfu þangað að námi loknu. Skyldu stjórnmálamennirnir segja um störf þessarar stofnunar að vissulega væri hagfræðin ónákvæm vísindi en þetta væri besta þekking sem völ væri á og því ekki annað að gera en að fara að ráðum hennar? Ég held að við myndum ekki sætta okkur við þetta fræðaumhverfi fyrir hagfræðina. Við vitum að það þurfa að vera fleiri en einn aðili sem hefur aðstöðu til að mynda sér sjálfstæða skoðun. Að öðrum kosti verður engin gagnrýnin vísindaleg umræða.

Háskólinn

Ég hef alltaf verið á móti viðbótarskattinum sem var lagður á útgerðina til að ná sátt um aflamarkskerfið. Ef ekki á að fella það gjald niður þá legg ég til að það verði nýtt til frekari rannsókna á lífríki hafsins. Hvernig væri að nota þá peninga til að byggja upp í Háskóla Íslands rannsóknarstofnun sem yrði einhvers konar mótvægi við Hafró. Í háskólanum er til staðar gríðarleg þekking á tölfræði, líffræði og öðrum þeim greinum sem skipta máli í hafrannsóknum. Það sem meira er, háskólasamfélagið er gagnrýnið og opið og því ágætar líkur á að þar fari fram gagnrýnin umræða. Þessari rannsóknarstofnun yrði ætlað að vinna úr gögnum Hafró og skila sjávarútvegsráðherra tillögum um heildarafla samhliða tillögum Hafró. Ef mismunur er á tillögunum þá þurfa vísindamennirnir að útskýra í hverju sá munur fellst. Frjó umræða þar sem takast á öflugar vísindastofnanir og sjálfstæðir fræði- og áhugamenn um hafrannsóknir eykur líkurnar á því að þekking okkar á ástandi fiskistofnanna eflist.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Biti, aftan hægra

UMRÆÐAN
HLEYPIDÓMAR

JÓN GNARR

Þegar ég fór fyrst að tala um trúmál var ég skyndilega orðinn „frelsaður“ í hugum margra og umsvifalaust kominn í þá skúffu. Þegar ég tók kaþólska trú varð ég „þið kaþólikkar“.

Í skrifum mínum hér í Fréttablaðinu hef ég drepið á ýmsum málum. Oft hef ég fengið mikil viðbrögð við því sem ég segi. Sumir eru ánægðir og svo eru aðrir óánægðir. Margir keppast við að skilgreina mig og hugmyndir mínar sem eitthvað ákveðið og setja mig í einhverja ákveðna skúffu. Stundum gerist það líka að fólk verður reitt út í mig, yfirleitt vegna þess að ég geri ekki eins og það vill að ég geri, sem er bara frekja. Sumir virðast jafnvel hata mig bara fyrir að vera til.

Skilgreiningar drepa sköpun. Skúffurnar kæfa niður skapandi hugsun. Íslenskt samfélag er nokkuð mikið „skúffusamfélag“. Kannski vegna smæðarinnar. Sjálfboðaliðar, sem gjarnan vilja hafa allt í röð og reglu, smíða skúffur og flokka fólk ofan í þær, líkt og gert er með sokkapör. Og ofaní skúffuna skal fólk fara með góðu eða illu. Best er þó að fólk skilji mikilvægið og skríði sjálft ofan í út dregnar skúffurnar. Þetta er kannski ákveðin tegund af hjarðhugsun. Þetta er eins og vera kominn í réttirnar. Kannski að sauðkindin eigi stærri sess í sálarlífi okkar en við áttum okkur á.

Þegar ég fór fyrst að tala um trúmál var ég skyndilega orðinn „frelsaður“ í hugum margra og umsvifalaust kominn í þá skúffu.

Þegar ég tók kaþólska trú varð ég „þið kaþólikkar“. Ég fæ gjarnan fyrirspurnir um hvað „okkur kaþólikkum“ finnist um eitthvað tiltekið mál. „Við“ vorum gjarnan spurðir út í Da Vinci lykilinn og hélt fólk þá oft að ég myndi míga í mig af bræði. Þegar ég tók upp á því að styðja Gísla Martein til embættis borgarstjóra breyttist ég skyndilega í „þið Sjálfstæðismenn“ og stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins varð umsvifalaust að mínu hjartans máli og köllun.

Um daginn hitti ég svo mann sem húðskammaði mig fyrir að senda „okkur náttúruverndarsinnum“ tóninn í Bakþönkum. Samt flokka ég spilliefni, fer með dósir í endurvinnslu og er með fullan kassa af mygluðum matarleifum úti í garði hjá mér. Ætli „við náttúruverndarsinnar allir“ eyði tíma sínum í slíka smámuni?

Sumir verða fjúkandi illir ef ég vil ekki vera í þeirra skúffu. Nokkrir virðast líka halda að ég sé að reyna að lauma mér ofan í þeirra skúffu og reyna að verja hana með kjafti og klóm, því þeim finnst hún kannski svo fín. Skúffisminn veður uppi, út um allt. Hann leggst yfir alla eins og ryk. Tælendingar, náttúruverndarsinnar, Sjálfstæðismenn, trúleysingjar, intelligensían, hommar, menntamenn, vinstrimenn, kristnir og svartir eru ekki bara tíu hópar heldur þúsundir af mismunandi fólki, með ólíkar skoðanir, þarfir og smekk.

Ég hef ekki svarið neinum hollustueið nema Guði mínum og sannfæringu. Svo hef ég lofað að vera almennilegur við konuna mína. Hún lofaði því sama á móti. En það þýðir ekki að hún sé tilneydd að samþykkja, gagnrýnislaust hvaða vitleysu sem mér dettur í hug, bara af því að við séum í sömu skúffu. Og hún gerir það ekki, sem betur fer.

Hvað er svona hættulegt við mig? Ég er að reyna að vera einlægur. Er einlægni virkilega svona ógnvekjandi? Er reiði fólks bara ótti? Getur verið að margir séu hræddir við mig? Eða afbrýðisamir eða skúffaðir? Ég get ekki sett mig inn í allt. Ég á fullt í fangi með mig og mína. Til hvers að bjarga heiminum ef maður getur ekki bjargað sjálfum sér? Ég er ekki kind eða stakur sokkur, sem þrá öryggi sokkaskúffunnar, heldur einstaklingur með rétt á að hafa skoðanir og líka að skipta um þær ef ég vil. Og ef fólk vill ekki una mér þess, þá so be it. Hugmyndir annarra um mig eru ekki ég.

Og ég mun halda áfram að styðja það sem mér finnst einlægt og fallegt en gagnrýna það sem mér finnst ljótt og dónalegt.

AF NETINU

G. Pétur og ég

Þá sé ég, að G. Pétur Matthíasson, fréttamaður sjónvarps, mun hafa sagt frá því á pressukvöldi blaðamannafélagsins, að hann hafi hætt að lesa vefsíðu mína, af því að hann treysti sér ekki til að fjalla um mál, sem tengdust mér, ef hann héldi að lesa hina ósanngjörnu gagnrýni mína í sinn garð. Ólafur Teitur Guðnason segir frá því í Viðskiptablaðinu í dag, að hann hafi af þessu tilefni grandskoðað síðuna mína til að leita að því, sem særði G. Pétur og fann hann færslu 30. maí 1998 og aðra 7. júní 1998. Ólafur Teitur telur greinilega ástæðulaust fyrir G. Pétur að hætta að lesa síðuna mína af þessu tilefni.

Björn Bjarnason á bjorn.is

Prófsteinn

Saga „varnarsamningsins“ svokallaða og þátttöku Íslands í NATO hefur nú í sex áratugi einkennst af því að stjórnvöld hafa farið sínu fram í trássi við almannavilja. [...] Af þeim sökum verður forvitnilegt að sjá hvort stjórnvöld ætla sér að sniðganga almannaviljann enn einu sinni í þessu máli. Hefur lýðræðisvitund Íslendinga ekki aukist frá því á 20. öldinni? Geta stjórnvöld endalaust rekið utanríkisstefnu sem nýtur ekki meirihlutastuðnings? Næstu misseri verða prófsteinn á stöðu lýðræðis á Íslandi. Til mikils er að vinna að þjóðin falli ekki enn einu sinni á því prófi.

Sverrir Jakobsson á murinn.is

Bleikir steinar

Fjölmiðlamönnum dettur ekki einu sinni í hug að einhvern tíma hafi runnið upp sá dagur að efnalitlir karlmenn fengu kosningarétt. Eða karlmenn sem skulduðu sveitarstyrk. Eða vistráðnir karlmenn. Það þarf aldrei að rifja upp afmæli kosningaréttar þessara manna. En á hverju einasta ári þarf að standa á öndinni yfir bráðum hundrað ára afmæli kosningaréttar kvenna, klæða sig í bleik föt, breyta vefsíðum, afhenda málaða steina, halda sérstaka umræðuþætti. Hvað ætli menn segðu ef samtök gjaldþrota manna skoruðu á menn að ganga í sérstökum fötum til að minnast kosningaréttar þeirra sem skulda sveitarstyrk?

Vefþjóðviljinn á andriki.is

FYRIR BÖRNIN **Fyrir börnin** – Loksins handbók sem sinnir þörfum yngstu ferðalanganna.

ÁHUGAVERÐUR STAÐUR **Áhugaverður staður** – Allir ókeypis

MOLI **Moli** – Skemmtilegur og óvæntur fróðleikur um íslenska náttúru

SÖGUHORNIÐ **Söguhornið** – Íslandssagan aðgengileg og ekki síst spennandi

FORVITNILEGT **Forvitnilegt** – Allt sem þú vissir ekki áður um Ísland

GÖNGULEIÐ **Gönguleið** – Fjölbreyttar leiðir fyrir unga sem aldna



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Ísland í nýju ljósi

Loksins er komin handbók sem gjörbreytir sýn okkar á landið og hvernig á að ferðast þannig að öll fjölskyldan hafi gaman af. Fallegar lautir, skemmtilegir buslulækir, steinafjörur, hellar, dularfullir róluvellir og margt, margt fleira – allt ókeypis.

Upplifum Ísland í gegnum börnin, slökum á og njótum!

Edda
edda.is

vönduð grill

Brennari: 4 brennarar úr ryðfríu stáli
með sér stillingum hver.
Heildargeta: 15kwh/52.000BTU (3,5kwh/
12.000BTU hliðarhella).
Eldtemjari úr ryðfríu stáli.
Hliðarbrennari út steyptu brassi.
Grindur: Eldunargrindur úr massífu
pottjárni.
Grillflötur: 68 x 42 cm, hitaplata 30 x 42 cm.
Efri grind: 68 x 14 cm.
Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður
hitamælir.
Riotisserie grillteinn. Elektrónísk kveikja
Útdraganlegt hliðarborð. Skápur með
hurðum.
Breidd: 152 cm. Dýpt: 60 cm
Læsanleg hjól. Yfirbreiðsla fylgir.

Verð aðeins
49.990kr
4.999kr
vaxtalaust í 10 mánuði*
Verð áður 69.990,-
*stimpil- og seðilgjald ekki innifalið

BBQ Master 2301

Brennari: 3 brennarar úr ryðfríu stáli
með sér stillingum hver.
Heildargeta: 9kwh/30.000BTU.
Eldtemjari úr ryðfríu stáli.
Grindur: Eldunargrindur úr massífu
pottjárni.
Grillflötur: 55 x 43 cm, hitaplata 55 x 19 cm.
Efri grind: 55 x 13 cm.
Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður
hitamælir. Riotisserie grillteinn.
Elektrónísk kveikja. Útdraganleg hliðarborð.
Breidd: 149 cm. Dýpt: 60 cm.
Læsanleg hjól. Yfirbreiðsla fylgir.

Verð aðeins
39.990kr
3.999kr
vaxtalaust í 10 mánuði*
*stimpil- og seðilgjald ekki innifalið

BBQ Master 2300

Grill
Grillflötur: 48 x 30 cm.
Grind: Krómuð.
Kveikja: Neistakveikja.
Brennari: Breiður I-brennari.
Steinar og grind fyrir ofan brennara til að jafna
hitadreifingu í grillinu.
Hliðarborð úr viði.
Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu.

TILBOÐ
7.999kr
Verð áður 19.999,-

11.4kWh/38,000BTU
Dual H-brennari úr
ryðfríu stáli.
Grindur: Postulín-
húðaðar járngrindur.
Grillflötur: 56 x 38
cm.
Elektrónísk kveikja.
Niðurfellanleg hliðar-
borð með áhalda-
krókum.

Sterling 1714
Flave-R-Wave grind fyrir ofan brennara til að jafna
út hitadreifinguna í grillinu. Niðurfellanleg hliðar-
borð með áhaldakrókum og hjól til að auðvelda
tilfærslu á grillinu.

TILBOÐ
22.999kr
Verð áður 26.999,-

13.2kWh/50,000BTU
Dual H-brennari úr
ryðfríu stáli.
Grindur: Tveggja
hæða postulínhúðaðar
járngrindur.
Grillflötur: 63 x 36 cm.
Elektrónísk kveikja.
Niðurfellanleg hliðarborð
með áhaldakrókum.

Sterling 2555
Flave-R-Cast eldunarkerfi, niðurfellanleg
hliðarborð með áhaldakrókum. Hjól til að
auðvelda tilfærslu á grillinu.

TILBOÐ
29.999kr
Verð áður 44.900,-

ODDI VC81640

15.2kWh/52,000BTU
Super 8-brennari úr
ryðfríu stáli.
Grindur: Þriggja
hæða, stillanlegar,
postulín-húðaðar
járngrindur.
Grillflötur: 64 x 43 cm.
Elektrónísk kveikja.
Niðurfellanleg
hliðarborð með
áhalda- krókum.

Broil King Regal 20XL
Flave-R-Wave grind fyrir ofan brennara til að
jafna út hitadreifinguna í grillinu. Niðurfellanleg
hliðarborð með áhaldakrókum. Hitamælir og
hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu.

TILBOÐ
54.999kr
Verð áður 69.990,-

Brennarar: 5 brennarar
úr ryðfríu stáli + hliðar-
brennari.
Heildargeta: 22kWh/
75.000btu (4,5kWh/
15.000btu hliðarhella).
Grillflötur: 80 x 48 cm,
hitaplata úr pottjárni 80 x
32 cm.
Elektrónísk kveikja.
Yfirbreiðsla fylgir.

Grandhall Professional
Grillgrindur úr massífu ryðfríu stáli, hitamælir,
áhaldakrókar, eldtemjari úr ryðfríu stáli (hindrar
að fita og olíur komist að brennurum).

TILBOÐ
109.900kr
Verð áður 144.000,-

Brennarar: 4 brennarar úr
ryðfríu stáli + hliðarbrennari.
Heildargeta: 18,5kWh/
60.000BTU (4,5kWh/
15.000btu hliðarhella).
Grillflötur: 64 x 48 cm, hita-
plata úr pottjárni 64 x 9 cm
Elektrónísk kveikja.

Grandhall Premium
Postulínhúðaðar grillgrindur, hitamælir,
áhaldakrókar, eldtemjari úr ryðfríu stáli (hindrar
að fita og olíur komist að brennurum).

TILBOÐ
69.900kr
Verð áður 96.000,-

Gildir til 29. júní eða á meðan birgðir endast.

20-50% afsláttur
verð sem þú finnur ekki annarsstaðar

Verandarhitari 2650
Geta: 13kw (45.000BTU)
Stærð á hatti: 81,5 cm
Hitasvæði: allt að 18 m²
Búkur úr ryðfríu stáli
Hæð: 228 cm

TILBOÐ
19.999kr
Verð áður 29.999,-

Newbury folding sett, 2 stólar m/örmum, 4 samfellanlegir stólar og borð.
Stóll m/armi **4.999,-** stóll án arma **3.999,-**
Borð **14.999,-**

þú sparar 20.000-
TILBOÐ
24.900kr
Verð áður 44.900,-
Fáanlegt á vaxtalausum greiðslum í allt að 12 mánuði

Octagonal, fjórir samfellanlegir stólar og borð.

TILBOÐ
15.990kr
Verð áður 19.999,-

Square sett, tveir samfellanlegir stólar og borð

TILBOÐ
6.499kr
Verð áður 12.999,-

Galway sett, **stækkanlegt borð og 6 stillanlegir stólar með pullum**
Stillanlegur stóll **8.999,-**
Borð **34.999,-**

þú sparar 30.000-
TILBOÐ
58.990kr
Verð áður 88.990,-
Fáanlegt á vaxtalausum greiðslum í allt að 12 mánuði

Butterfly stillanlegir stólar og borð
Stillanlegur stóll m/pullu **8.999,-**
Borð **24.999,-**

þú sparar 21.000-
TILBOÐ
39.990kr
Verð áður 60.995,-
Fáanlegt á vaxtalausum greiðslum í allt að 10 mánuði

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

JACQUES-YVES COUSTEAU (1910-1997) LÉST ÞENNAN DAG.

„Margir ráðast á sjóinn, ég nýt ásta með honum.“

Franski sjávarunnandinn Cousteau var brautryðjandi á fjölmörgum sviðum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 25. JÚNÍ 1852

Arkitektinn Antoni Gaudí fæðist

Á þessum degi árið 1852 fæddist katalónski arkitektinn Antoni Gaudí. Hann er af mörgum talinn einn merkasti arkítekt Spánar og þótt víða væri leitað. Gaudí lést í júní árið 1926 úr meiðslum sem hann hlaut þegar sporvagn keyrði á hann.

Gaudí var yngstur fimm barna foreldra sinna sem bæði voru málmsmiðir. Hann var gigtveikur og slæmur til gangs þannig að hann eyddi flestum dögum á yngri árum í náttúrunni í nágrenni við heimili sitt. Á yngri árum lagði hann áherslu á náttúrufræði og rúmfræði í námi sínu en hóf að læra arkítektúr í Barcelona þegar hann var nítján ára.

SAGRADA FAMÍLIA

Náttúran var Gaudí mikill innblástur í sköpun sinni. Í stað beinna lína sem höfðu lengi einkennt byggingarlistina nýtti Gaudí mjúkar línur náttúrunnar í verkin sín. Starfsvettvangur einskorðaðist næstum alveg við Barcelona og nágrenni þar sem hann á mörg merkileg verk.

Stærsta bygging Gaudí er gríðarstór kirkja, Sagrada Familia, sem hann helgaði stærstan hluta ævi sinnar. Byggingu kirkjunnar var ekki lokið við lát hans og standa framkvæmdir við hana enn yfir.

MERKISATBURÐIR

1244 Flóabardagi, eina verulega sjóorrusta Íslandssögunnar, er háð á Húnaflóa.

1809 Jörundur hundadagakonungur tekur sér völd yfir Íslandi.

1942 Dwight D. Eisenhower hershöfðingi tekur við stjórn bandaríska hersins í Evrópu.

1950 Heiðmörk er lýst friðland Reykvíkinga.

1985 Reynir Pétur Ingvarsson, 36 ára vistmaður á Sólheimum, lýkur göngu sinni kringum landið.

1989 Ólafur Skúlason er settur í embætti biskups yfir Íslandi.

1990 Elísabet Englandsdrottning og Filippus maður hennar koma í opinbera heimsókn til Íslands.

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall okkar elskulega

Freddy Laustsen

hjúkrunarheimilinu Eir.

Sveinbjörg Laustsen
Fanný Laustsen
Matthildur Laustsen
Þórir Laustsen
Helgi Laustsen
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðjón Guðmundsson
Þórhallur Stefánsson
Ólafur Ólafsson

†

Hjartans þakkir fyrir samúð og vinarhug vegna andláts

Gunnars Arnar Hilmarssonar

Stórási 7, Garðabæ.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki St. Jósefsspítala, Hafnarfirði og Hjúkrunarþjónustu Karitasar fyrir einstaka umönnun í veikindum hans og vinum og ættingjum sem studdu hann og fjölskylduna á þessum erfiðu tímum. Guð blessi ykkur öll.

Sigríður Sverrisdóttir
Elsa Björk Gunnarsdóttir
Gunnar Örn og Sigrún Ósk.

Jakob Kristjánsson

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi

Sigurður Einarsson

lést á heimili sínu, Hofsárkoti í Svarfaðardal, sunnudaginn 11. júní sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Einar Kristberg Sigurðsson, Sigurjón Sigurðsson, Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir, Sigrún Benediktsdóttir, Guðrún Sigurbjörnsdóttir, Stefán Veigar Stefánsson og barnabörn.

KRISTÓFER HANNESSON Að mati Kristófers á japönskugráðan eftir að nýtast honum vel í framtíðinni enda sé mikil þörf á Asíufræðingum, sérstaklega vegna útrásar íslenskra fyrirtækja í álfunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KRISTÓFER HANNESSON: ÚTSKRIFAÐUR ÚR JAPÖNSKU

Fyrsti hjallinn erfiðastur

Í gær brautskráðist stærsti hópur kandídata í sögu Háskóla Íslands. Kristófer Hannesson var í þeirra hópi en hann er fyrsti kandídatinn sem útskrifast með BA gráðu í japönsku frá HÍ.

„Ég myndi segja að japönskunámið og að fara út til Japans hafi verið besta ákvörðun sem ég hef tekið,“ segir Kristófer. Í Háskóla Íslands er hægt að ljúka einu ári í japönsku en til að fá BA-gráðuna frá HÍ er boðið upp á að klára annað ár í japönskum háskóla og ljúka svo 30 eininga aukagrein við HÍ. Kristófer hafði þennan háttinn á og var eitt ár í skólanum Kansai Gaidai í borginni Osaka. „Ég var þarna eitt skólaár ásamt fjórum öðrum Íslendingum og eftir það bjó ég hjá fimm japönskum fjölskyldum víðs vegar um Japan í tvo og hálfan mánuð. Þetta var alveg einsök upplifun.“

Aðspurður hvers vegna hann hafi ákveðið að fara í japönskuna segir Kristófer að í raun hafi tilviljunin einráðið þar miklu. „Ég var kominn með svolítinn leiða, ef svo má að orði komast, búinn með eitt ár í verkfræði og ætlaði að taka mér frí frá námi og fara að vinna. Ég rakst svo á í einhverju blaði að það ætti að hefja japönskukennslu. Svo vill til að frændi minn býr í Tókýó og ég hef alltaf verið forvitinn um Japan og þennan fjarlæga stað þar sem hann býr. Þess vegna ákvað ég bara að fara í japönskuna í staðinn fyrir að fara að vinna.“

Japönskunámið var að sögn Kristófers mjög erfitt til að byrja með. „Fyrsti hjallinn var erfiðastur en um leið og maður var kominn í gegnum hann varð þetta mjög gaman.“ Hann segir að mikill áhugi sé fyrir japönskunni hér á landi og að hann geti hiklaust mælt með náminu, enda hafi undirbúningurinn í Háskóla Íslands nýst honum mjög vel þegar út var komið. „Maður þarf að hafa trú á sér til að byrja með því það þýðir ekki að gefast upp. Sumir halda að japanskan sé leikur einn sem er alls ekki raunin.“

B.A ritgerð Kristófers fjallar um ástæður, afleiðingar og mögulega þróun pólitískra og alþjóðlegra deilna í kringum hið umdeilda Yasukuni helgiskrín í Tókýó og er skrifuð á ensku. Hann hyggur á framhaldsnám í alþjóðasamskiptum með áherslu á alþjóðaviðskipti og telur hann námið í japönskunni passa vel við slíkt nám. „Íslensk fyrirtæki eru í stöðugt meiri útrás í Asíu, sérstaklega Kína, og þess vegna er mikil þörf á fólki með góða menntun á þessu sviði hér á landi.“

Kristófer hélt upp á útskriftina með því að fara út að borða með fjölskyldu sinni þótt japanskur veitingastaður hefði ekki orðið fyrir valinu. „Ég sakna japanskrar matargerðar mjög mikið og hef aðeins kíkt á sushistaði í Reykjavík. Mér finnst þeir standa sig mjög vel þótt þeir nái ekki alveg upp í sömu hæðir og sushi-staðirnir í Japan.“

VÍSIR VEF TV

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.

NFS

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI

Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

AFMÆLI

Anna Valdimarsdóttir sálfræðingur er 58 ára.

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri er 52 ára.

ÚTFARIR

11.00 **Örn Ólafsson,** Austurströnd 10, verður jarðsunginn frá Áskirkju.

UM LOFTIN BLÁ Þessi tignarlegi loftbelgur sveif um loftin blá yfir Wisconsin-ríki. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fíton/SÍA

ÍSLENDINGAR Á ALDRINUM 18-39 ÁRA VILJA HELST **VEGGFÓÐUR** Í SÍN HÚS OG HÍBÝLI



Lestur 18-39 ára.

Við þökkum frábærar móttökur!

Veggfóður er nýtt og ferskt lífsstíls- og húsbúnaðarblað og hefur á tæpu ári náð miklum vinsældum hjá fólki á aldrinum 18-39 ára, en **19% fleiri lesa Veggfóður en Hús og híbýli** í þessum hópi*. Veggfóður er því klárlega frábær kostur fyrir auglýsendur sem vilja ná til þeirra sem eru að skapa sitt fyrsta heimili og þeirra sem fylgjast með straumum í innanhúshönnun.

VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

*Tölur skv. fjölmiðlakönnun Gallup maí 2006

Fjölmiðlamenn búa oft til söguna

Hópur af sagnfræðingum útskrifaðist úr Háskóla Íslands í gær og þar á meðal var fjölmiðlamaðurinn og rithöfundurinn Ingólfur Margeirsson. Í samtali við Sigríði Dögg Guðmundsdóttur segist Ingólfur ekki ætla að láta staðar numið við BA-gráðuna og stefnir á MA-nám í haust. BA-ritgerð Ingólfs fjallar um tengsl fjölmiðla og sagnfræði. Hann rannsakaði hvort rétt væri að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hefði slitnað í beinni útsendingu eins og hent hefur verið á lofti og kemst að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki, slitnað hafi verið upp úr samstarfinu áður.

„Ég ákvað að fara í sagnfræði á gamals aldri af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi af því að ég hef gaman af þessu. Í öðru lagi vildi ég nota sagnfræðina til að styrkja mig sem rithöfund. Ég hef bæði lært tækni við að safna heimildum og að vinna á söfnum sem gagnast mér mikið. En einnig vildi ég fá nýjar hugmyndir og stækka veröldina," segir Ingólfur og bætir við að aðalorsök þess að hann fór í sagnfræði hafi verið heilablóðfall sem hann fékk árið 2001. „Þegar ég kom heim af sjúkrahúsinu eftir að hafa lent í því áfalli hugsaði ég mikið um hvað tæki við. Ég taldi mig búinn með þann pakka að hlaupa uppi ráðamenn til að fá komment. Þá var spurning um að sitja heima og þiggja þær „svimandi upphæðir" sem koma frá Tryggingastofnun en mér fannst ekki framtíð í því. Þá spurði konan mig loks hvað mig langaði til að gera. Ég svaraði að mig hefði alltaf langað í sagnfræði og það varð úr." Ingólfur segist hafa verið smeykur í upphafi yfir því að hefja nám á gamals aldri en svo hafi hann notið sín í sagnfræðinni.

„Þegar yngri samnemendur mínir hafa spurt mig af hverju ég sé að þessu núna hef ég svarað því við að ævin hjá mörgum hefst á námi og svo tekur vinnan við. En ég tók þetta í öfugri röð, vinnu fyrst og svo háskólanám sem er hreint ekkert verri röð. Nú hef ég þjálfun, reynslu og dómgreind til að byggja á." Ingólfur segir samnemendur sína hafa verið mjög jákvæða út í gamla manninn og aldrei hafi hann fundið fyrir aldursmuninum. „Einu sinni eftir tíma galaði ein stelpan á mig hvort ég kæmi ekki með hópnum um kvöldið á Airwaves-tónleikana. Ég fór reyndar ekki en þeim fannst ekkert skrítið að bjóða mér með sem mér fannst dálítið sætt. Það er mikil samkennd í hópnum. Margir af mínum bestu vinum í sagnfræðinni eru krakkar á milli tvítugs og þrítugs og eru alveg eins og jafningjar enda klárt og skemmtilegt fólk."

Söguleg sjónvarpsútsending

Lokaritgerð Ingólfs fjallar um tengsl sagnfræði og fjölmiðla. „Hinn hefðbundni miðill sögunnar hefur verið bókin og prentmiðlar en á nítjándu og tuttugustu öld komu til sögunnar nýir miðlar á borð við ljósmyndir, kvikmyndir, sjónvarp og útvarp. Mig langaði til að skoða hvernig þessir nýju miðlar segja söguna en líka hvort þeir geti haft áhrif á söguna. Ég tek sjónvarpið sérstaklega fyrir þar sem ég tel að það sé langáhrifamest af þessum nýju miðlum."

Ingólfur vildi finna einhvern íslenskan þátt til að sannreyna kenninguna á og snýst ritgerðin um sjónvarpsþátt frá 1988 sem er frægur fyrir það að oft hefur verið sagt að í honum hafi ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, þáverandi forsætisráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins, sprungið í beinni útsendingu. „Ástæðan fyrir því að þessi viðburður varð fyrir valinu er að það var ekki um neina aðra sögulega sjónvarpsútsendingu að ræða sem hefur haft jafn mikil þjóðfélagsleg áhrif.

Eftir að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, sem var samstarfsstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks, sprakk myndaði Steingrímur Hermannsson ríkisstjórn Framsóknarflokks, Alþýðuflokks og Alþýðubandalags en síðar bættist Borgaraflokkurinn við.

Í kjölfarið gerðist það að Þorsteinn missti fótanna innan Sjálfstæðisflokksins, Davíð bauð sig fram gegn honum og varð formaður. Þar með fékk flokkurinn alveg nýja ásýnd. Því má segja að fall Þorsteins hafi rutt Davíð braut og frjálshyggjunni sem honum fylgdi. Davíð myndaði síðar stjórn með Alþýðuflokknum árið 1991. En eftir kosningarnar 1995 voru Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur bara með einn mann í þingmeirihluta. Davíð þorði því ekki að halda áfram meirihutasamstarfi með þeim eftir kosningarnar 1995 og sneri sér til Framsóknarflokks. Það stjórnarform er enn í gangi. Vinstri flokkarnir fóru í stjórnarandstöðu og tóku að endurskilgreina sig sem svo leiddi til myndunar Samfylkingarinnar. Ég tel að Samfylkingin hafi orðið til vegna áhrifa þess að Þorsteinn hætti sem formaður Sjálfstæðisflokksins og Jón Baldvin leiðir einnig líkum að því í viðtali sem ég tók við hann vegna ritgerðarinnar."

Ingólfur tók viðtöl við helstu þátttakendur í atburðarásinni í ritgerðinni. Þeir eru Steingrímur Hermannsson, þáverandi utanríkisráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, þáverandi fjármálaráðherra, spyrlarnir tveir í sjónvarpsþættinum sem voru Helgi Pétursson og Ólafur E. Friðriksson og svo Þorsteinn Pálsson, sem var ekki í sjónvarpsþættinum.

„Það sem ég spurði sjálfan mig var hvort ríkisstjórnin hafi í raun sprungið í þessari beinu útsendingu og ég rek bæði rök með og á móti í ritgerðinni. Ég komst að þeirri niðurstöðu að hún hefði ekki sprungið í útsendingunni heldur var hún þegar sprungin, og viðmælendur mínir taka undir það. Stjórnarslitin má rekja til þess að allt var búið að vera í upplausn hjá ríkisstjórninni og menn gátu ekki komið sér saman um efnahagsaðgerðir. Steingrímur og Jón voru spurðir í viðtölum fyrir ritgerðina hvort þeir hefðu verið búnir að tala sig saman um hugsanlegt ríkisstjórnarsamstarf fyrir sjónvarpsþáttinn en þeir neituðu því. Fjölmiðlar komu með getgátur þess efnis á sínum tíma og Þorsteinn hefur tekið undir þær grunsemdir."

INGÓLFUR MARGEIRSSON RITHÖFUNDUR ÁSAMT HUNDINUM ÓLIVER Lét gamlan draum rætast og fór í sagnfræði.

Atburðarásin

Aðspurður um hvort eitthvað nýtt komi fram í ritgerðinni varðandi atburðarásina nefnir Ingólfur eitt atriði, uppruna leka til fjölmiðla um lækkun á matarskatti. Atburðarásin var með þeim hætti að Steingrímur hafði verið boðaður í sjónvarpsviðtal með nokkrum fyrirvara til að ræða efnahagstillögur Framsóknarflokksins. Sama dag og viðtalið fer fram hittust Þorsteinn og Jón Baldvin á trúnaðarfundi þar sem Þorsteinn kynnir nýjar efnahagstillögur fyrir Jóni. Í þeim kemur meðal annars fram tillaga um lækkun á svonefndum matarskatti. „Nýr virðisaukaskattur hafði verið settur nokkru áður og Jón Baldvin lagði áherslu á að engar undanþágur yrðu veittar frá þeim skatti eins og höfðu áður verið, til dæmis á matvæli. Þetta olli mikilli óánægju og skapaði erfiðleika fyrir Jón og Alþýðuflokkinn. Svo þegar Þorsteinn leggur til að matarskatturinn verði lækkaður segir Jón það vera sem rýtingsstungu í bakið. Jón túlkar þetta sem svo að Þorsteinn hafi með þessu viljað skapa sér vinsældir og styrkja stöðu sína fyrir næstu kosningar."

Í viðtali Ingólfs við Jón kemur fram að hann hafi fengið tillögurnar afhentar sem trúnaðarmál og hafi viljað tíma til að fara yfir þær ásamt sínu fólki. Jón segist hafa gert ráð fyrir að hafa sólarhring til þess áður en Þorsteinn myndi leggja þær fyrir ríkisráðsfund. En þegar hann hafi heyrt fjallað um tillögurnar í útvarpsfréttum um kvöldið gerði hann ráð fyrir að Þorsteinn hefði lekið þeim í fjölmiðla og afréð því að mæta í sjónvarpsþáttinn með Steingrími til að skýra sína hlið. Síðan kemur í ljós að þessi leki kom frá Alþýðuflokknum að sögn Ingólfs. „Ég tók viðtal við Ólaf, sem var annar spyrla í þættinum, vegna ritgerðarinnar og hann segist hafa fengið tillögurnar frá Alþýðuflokksmönnum sem stóðu nærri Jóni Baldvin. Þetta er alveg nýr punktur í umræðuna þar sem þetta fríar Þorstein af þeim ásökunum að hafa lekið tillögunum í fjölmiðla. En eftir stendur ásökunin um að Þorsteinn hafi komið með þá tillögu um að fella matarskattinn til að skapa sér vinsældir."

Áhrif fjölmiðla

Ingólfur segir ekki fara á milli mála að fjölmiðlamenn voru stoltir af því að fjölmiðill skyldi hafa haft þessi gífurlegu áhrif, að ríkisstjórn hafi sprungið í beinni útsendingu eins og oft var haldið fram. „Á þessum tíma hafði farið fram mikil umræða um hlutverk fjölmiðla. Hafskipsmálið var nýgengið yfir en það var rakið til umfjöllunar Helgarpóstsins. Í kjölfarið fylgdi umræða um siðferði fjölmiðla og rannsóknarblaðamennsku. Menn veltu fyrir sér hvert hlutverk fjölmiðla væri, var það að koma upplýsingum til almennings eða var það að selja blöð? Blaðamenn á þessum tíma þurftu að sanna tilveru sína og sanna að fjölmiðlar væru ekki sorpmiðlar. Þeir sem voru til umfjöllunar í fjölmiðlum komu gjarnan með þá útskýringu að þeir væru fórnarlömb sorpblaðamennsku til að draga úr vægi gagnrýni sem þeir fengu. Vegna þessarar umræðu um hlutverk blaðamanna urðu þeir stoltir í kjölfar ríkisstjórnarslitanna. Menn upplifðu það sem svo að ráðherrarnir hefðu sprengt ríkisstjórnina í sjónvarpi. Þarna var hægt að benda á hvað fjölmiðlar væru nauðsynlegir og hin almenna túlkun manna varð að ríkisstjórnin hefði sprungið í beinni útsendingu í sjónvarpi."

Ingólfur segist telja að fjölmiðlar geti búið til söguna og það komi vel fram í þessu máli. „Samkvæmt þessu máli þá bjuggu fjölmiðlar til sögu sem var ekki rétt. Eins og má sjá í nýlegu viðtali Kolbrúnar Bergþórsdóttur við Þorstein Pálsson þar sem hún notar orðalagið „í þættinum sem sprengdi ríkisstjórnina". Og Þorsteinn svarar spurningu hennar án þess að leiðrétta orðalagið. Þetta gerist oftar en við höldum að svona mýtur fara af stað. Sagan er náttúrulega full af misskilningi og mistúlkunum.

Það voru stórar yfirlýsingar í sjónvarpsviðtalinu á sínum tíma og fjölmiðlamenn eru svo spenntir fyrir fjölmiðlum að þeir taka þetta náttúrulega upp að ríkisstjórnin hafi sprungið í beinni. Þetta verður svo að goðsögn sem allir þekkja. Að mínu mati er þetta einn af örfáum viðburðum sem standa upp úr í íslenskri fjölmiðlasögu sem goðsögn sem hefur haft gríðarleg áhrif. Þess vegna langaði mig að kanna hvort þessi túlkun fjölmiðla hefði verið byggð á misskilningi. Þannig er þetta ritgerð um hvernig nýir miðlar geta skekkt söguna."

Fræðimaðurinn Ingólfur

„Það hefur ekki reynst mjög erfitt að aðskilja blaðamanninn í mér frá sagnfræðingnum," segir Ingólfur. „Ég hef notað mikið úr minni reynslu og kunnáttu í blaðamennsku yfir í sagnfræðina sem hefur nýst mér mjög vel. Það eru nokkrir prófessorar í sagnfræði sem eru gamlir fréttamenn sem segja mér að það sem nýtist best í náminu sé reynslan að vinna undir álagi og að vita hvenær á að skila. Mér finnst það rétt, ég er vanur að skrifa og skilja kjarnann frá hisminu. En þegar kemur að staðreyndum þá þarf ég oft að losa mig við blaðamanninn og minna mig á að ég er í fræðimennsku. Það er ekki hægt að staðhæfa neitt án þess að færa fyrir því tilvísun. Það pirrar mig stundum. En þannig er það einmitt að fjölmiðlamenn þora að halda því fram að stjórnin hafi sprungið í beinni útsendingu. Fræðimaður myndi aldrei gera það. Þetta er ritgerð upp á næstum hundrað síður, full af tilvísunum og heimildum sem sanna að ríkisstjórnin sprakk ekki í þessum þætti. Þannig að ég lét blaðamanninn ekki eyðileggja fyrir mér fræðimennskuna þegar ég skipti um hlutverk."

Ævisaga í smíðum

Nóg af verkefnum er framundan hjá Ingólfi sem er um þessar mundir að vinna að ævisögu. Það eina sem hann gefur upp varðandi hana er að hún kemur út í haust og skrif ganga vel. „En þetta er eins og meðganga, hún gengur vel núna en morgunógleðin getur látið á sér kræla síðar."

RÍKISSTJÓRN ÞORSTEINS PÁLSSONAR Sprakk ekki í beinni útsendingu eins og löngum hefur verið haldið fram.

Sirrý fær til sín áhugavert fólk sem segir frá deginum sem hafði varanleg áhrif á líf þess. Í hverjum þætti greinir einn viðmælandi frá örlagadeginum sínum á hispurslausan og innilegan hátt.

Sonur Hönnu Sigurðardóttur, lögfræðings varð manni að bana og afplánar nú fangelsisdóm. Hanna ræðir opinskátt við Sirrý um reynslu sína af því að vera aðstandandi fíkniefnaneytanda og gagnrýnir sofandahátt þjóðfélagsins varðandi þessi mál. Sirrý fylgir henni í heimsókn í fangelsið og kynnist hugrakkri móður með sorg og von í hjarta.

GOTT FÓLK McCANN

ÖRLAGADAGURINN

Misstu ekki af Sirrý og hugrakkri móður fanga á NFS og Stöð 2 í kvöld kl. 19.10 - í opinni dagskrá.

Endursýndur á NFS á þriðjudags- og föstudagskvöldum kl. 20.10 og á Stöð 2 á laugardögum kl. 16.55.

NFS

digital ísland

visir VEF TV

VIÐ JÖKULSÁRLÓN Tim Flach valdi sér áhugaverða tökustaði og lét flytja hesta á staðinn. Hann reyndi að nota sérstæða birtuna við sólarupprás og sólarlag til að ná sem bestum myndum. FRÉTTABLAÐIÐ/TIM FLACH

Hesturinn, birtan og ljósmyndarinn

Ljósmyndarinn Tim Flach hefur vakið athygli fyrir óvenjulegar dýralífsmyndir. Hann var staddur hér á landi til að taka myndir af íslenska hestinum í stórbrotinni náttúru og fylgdi sjónvarpsstöðin Animal Planet honum hvert fótmál. Sólveig Gísladóttir renndi austur fyrir fjall og ræddi við ljósmyndarann.

Hann tekur á móti blaðamanni með hlýlegu handtaki og brosir feimnislega. Augun djúpstæð og flöktandi líkt og hann sé annars hugar. Kannski þegar farinn að huga að myndatökunni sem stendur fyrir dyrum.

Tim Flach er ljósmyndari sem hefur sérhæft sig í ljósmyndun á dýrum. Hróður hans er allnokkur innan ljósmyndageirans þó að almenningur þekki enn ekki vel til verka hans. Hann er vinsæll auglýsingaljósmyndari og hefur tekið myndir fyrir stórar auglýsingaherferðir Adidas, Sony, Jaguar og flugfélag Singapúr, svo fátt eitt sé nefnt.

Verk hans eru sýnd víða um veröld í galleríum í New York, London, Berlín og Tókýó. Auk þess hefur hann komið fram í heimildarmyndum á BBC-sjónvarpsstöðinni. Nú síðast var sjónvarpsstöðin Animal Planet að gera þátt um ferð hans um Ísland, en hann var staddur hér ekki alls fyrir löngu þegar blaðamaður Fréttablaðsins hafði uppi á honum á sveitasetrinu Ármóti í Vestur-Landeyjum þaðan sem hann gerði út meðan á dvöl hans stóð hér á landi. Tilgangur heimsóknar Tims Flach var fyrst og fremst að ljósmynda íslenska hestinn. Er það hluti af stærra verkefni en ætlunin er að gefa út heila ljósmyndabók með myndum af hestum.

„Ég hafði heyrt mikið um íslenska hestinn enda er hann í miklum metum hjá fólki innan hestaheimsins," segir Tim þegar hann er inntur eftir því af hverju íslenski hesturinn hafi orðið fyrir valinu í þessu verkefni hans. „Svo skilst mér að á Íslandi séu fleiri hestar á hvern íbúa en nokkurs staðar annars staðar í heiminum," bætir hann kankvíslega við. Sjálfur hafði hann ekki kynnst íslenska hestinum áður en hann kom til landsins en var búinn að mynda sér skoðun á honum eftir nokkurra daga kynni í gegnum linsuna. „Þeir virðast mjög ljúfir og bregðast við fólki. Þá er félagsleg hegðun íslenska hestsins mjög virk, ólíkt því sem gerist hjá mörgum öðrum hestategundum sem alast að stórum hluta upp í hesthúsi. Náttúruleg hegðun er mun augljósari hjá íslenska hestinum enda skilst mér að hann alist að stórum hluta upp í hjörð," segir Tim, sem fannst skemmtilegt hvað hestarnir héldu vel saman og klóruðu hver öðrum meðan á tökum stóð.

Áður en Tim kom til landsins var hann búinn að kynna sér landið og þá staði sem hann vildi nota til myndatöku. „Íslenska landslagið finnst mér eitt það allra stórfenglegasta í heiminum," segir Tim og minnist sérstaklega heimsóknar sinnar í Jökulsárlón sem hafði mikil áhrif á hann. „Fjölbreytileikinn er heillandi svo og birtan, þó að veðrið hafi reyndar ekki beint leikið við okkur," segir hann kíminn og horfir löngunaraugum út um gluggann á heiðskíran himininn, en þetta er fyrsti sólardagurinn frá því hann kom til landsins og heimferðin er áætluð daginn eftir.

Rigningarveðrið hefur þó ekki dregið úr jákvæðni Tims. „Ég lít á veðrið sem tækifæri til að horfa á hlutina með öðrum augum, undir kringumstæðum sem eru öðruvísi en ekki endilega verri, þó að auðvitað sé erfiðara að ná góðum myndum í rigningu, sérstaklega með tilliti til birtunnar," segir Tim og glottir þegar hann tjáir blaðamanni að Íslendingarnir sem hafi aðstoðað hann hér hafi heldur betur lent illa í leit hans að bestu birtunni. „Ég vil taka myndir mínar við sólarupprás eða sólarlag sem er kannski hálf óguðlegur tími," segir hann afsakandi.

Í HRAUNBREIÐU Andstæðurnar hrópast á. Hinn rauði litur hestsins undirstrikar græna ljómann frá mosanum.

Tim segist hafa byrjað töluvert seint að taka myndir. Hann útskrifaðist frá St. Martins School of Art í London árið 1983 þar sem hann lagði helst áherslu á myndlist en fór síðan í meira mæli að nota ljósmyndir í verk sín. „Það má kannski segja að ég hafi tekið myndir í tuttugu ár og finnst ég vera að læra eitthvað nýtt á hverjum degi," segir Tim sem vinnur myndir sínar talsvert mikið, skýrir línur sem hann vill leggja áherslu á, dregur fram æskilega birtu og eyðir út hlutum sem honum finnst skemma heildarmyndina. Hann reynir að setja viðfangsefni sitt, sérstaklega dýr, í umhverfi sem liggur ekki endilega beint við. Þetta gerir hann til að vekja spurningar fólks og fá það til að velta myndunum fyrir sér.

Eins og áður sagði hefur Tim starfað töluvert við auglýsingaljósmyndun. Hann segir verkefnið sem hann vinnur að nú talsvert frábrugðið þeirri vinnu. „Í auglýsingabransanum þarf maður að vinna mikið með fólki og leysa ýmis vandamál. Því fylgir lítil einstaklingsupphefð enda átak samstillts hóps að verki. Hér hins vegar ræð ég algerlega ferðinni," segir Tim sem lítur á þetta sem tækifæri til að útvíkka það sem hann hefur verið að fást við undanfarin ár. Þá langar hann til að almenningur þekki verk hans en þau hafa hingað til verið betur þekkt meðal annarra ljósmyndara. „Ég vil deila upplifun minni á hestinum með fjöldanum en ekki aðeins afmörkuðum hópi fólks."

Tim á enn langt í land með vinnu sína við fyrstu bókina. Björtustu vonir benda til þess að hún geti verið komin í verslanir eftir um tuttugu mánuði, enda verða í bókinni mörg hundruð myndir og framundan eru ferðalög um allan heim. „Ég er frá Bretlandi en mér líður stundum eins og hirðingja án heimalands. Ég hef verið mikið á ferðinni. Til dæmis verð ég heima í einn dag áður en ég held til Kaliforníu og síðan til Mongólíu, en þetta er yndislegt líf," segir Tim sem langar að koma aftur til Íslands fljótlega. „Þá langar mig að fylgja hestinum eftir til dæmis á ferðalagi sem mér skilst að sé frábært," segir Tim og getur nú ekki lengur setið kyrr. Það er mikið verk fyrir höndum, enda þarf að nýta sólargeislana meðan þeir gefast.

BIRTAN OG HRAUNIÐ Tim Flach stendur á hestakerru til að ná sem bestu sjónarhorni á hestinn og hraunið.

VIÐ TÖKUR Tim Flach var glaður þegar sólin fór loks að skína.

allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

Þú ert á góðum stað....

Bæjarstjóri í Fjarðabyggð

Laust er starf bæjarstjóra Fjarðabyggðar sem er nýsameinað sveitarfélag sem nær yfir Mjóafjörð, Norðfjörð, Eskifjörð, Reyðarfjörð, Fáskrúðsfjörð og Stöðvarfjörð.

Helstu viðfangsefni bæjarstjóra eru stjórnun sveitarfélagsins og hagsmunagæsla þess. Bæjarstjóri er yfirmaður starfsmanna sveitarfélagsins og ábyrgur gagnvart bæjarstjórn. Fylgir eftir ákvörðunum, stefnumálum og áætlunum sem bæjarstjórn setur.

Helstu kröfur til umsækjanda eru:
- Háskólamenntun er æskileg, t.d. á sviði viðskipta- eða verkfræði
- Reynsla af sveitarstjórnarstörfum eða sambærilegum störfum er æskileg
- Menntun og reynsla af rekstri og stjórnun er mikilvæg
- Hæfni í mannlegum samskiptum er mjög mikilvæg

Leitað er að metnaðarfullum og ábyrgum einstaklingi með leiðtogahæfileika sem tilbúinn er að leggja sig fram við uppbyggingu samfélags sem er í mikilli mótun í nýju umhverfi.

FJARÐABYGGÐ

Í Fjarðabyggð er atvinnulíf og almennt þjónustustig gott. Uppbygging samfélagsins er í góðum farvegi og hefur verið unnið skipulega að eflingu þess. Framundan eru tímar athafna og umsvifa þar sem áhersla verður lögð á að lífsgæði og fjölskylduvænt samfélag á öllum sviðum.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Helga S. Guðmundsdóttir (helgas@img.is) og Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 9. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

Skrifstofustjóri

Öflugt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þjónustu, ráðgjöf og sölu óskar eftir að ráða skrifstofustjóra sem hefur umsjón með daglegum rekstri fyrirtækisins.

Helstu verkefni:
- Daglegur rekstur skrifstofu
- Fjármálaleg umsýsla s.s. umsjón reikninga, utanumhald með bókhaldi og innheimtu
- Áætlanagerð og eftirfylgni þeirra
- Starfsmannamál s.s. launaútreikningar
- Ýmis tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Viðskipta- eða rekstrarmenntun skilyrði
- Reynsla af fjármálum, skrifstofustjórn eða almennum rekstri fyrirtækis
- Reynsla af bókhaldi skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góðir samstarfshæfileikar
- Góðir skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Mjög góð tölvukunnátta

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Fjöldi nýrra starfa á www.mannafl.is

Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is

Þjónustufulltrúi Ísafirði

VEGAGERÐIN

Staða þjónustufulltrúa hjá umferðarþjónustu Vegagerðarinnar á Ísafirði er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og SFR.

Starfssvið:
- Öflun og miðlun upplýsinga um færð, veður og ástand vega
- Skráning gagna
- Vinna við símaskiptiborð svo og önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Góð málakunnátta
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugura@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

Lager og útkeyrsla

Þykkvabæjar

Þykkvabæjarkartöflur óska eftir að ráða starfsmann í útkeyrslu og sölu.

Starfssvið:
- >> Útkeyrsla á vörum fyrirtækisins
- >> Sala á vörum fyrirtækisins
- >> Vinna á lager

Hæfniskröfur:
- >> Þjónustulipurð
- >> Hæfni í mannlegum samskiptum
- >> Söluhæfileikar
- >> Ökuréttindi fyrir 5 tonna bifreið

Nánari upplýsingar veitir Elsa Heimisdóttir, elsa@abendi.is

Ábendi

Bankastræti 5 // 101 Reykjavík // 517 5050 // abendi@abendi.is
www.abendi.is

KÓPAVOGSBÆR

Frá Smáraskóla

- **Starfsmaður í Dægradvöl (80 – 100%) óskast**

Laun skv. kjarasamningi Kópavogsbæjar og Starfsmannafélags Kópavogs.

Upplýsingar veitir Guðmundína Kolbeinsdóttir, umsjónarmaður Dægradvalar í síma 698 6332.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

www.kopavogur.is - www.job.is

HEIMIR og ÞORGEIR

Vélamenn og búkollubílstjóra

Vegna aukinna verkefna óskar Heimir og Þorgeir ehf. eftir að ráða vélamenn og búkollubílstjóra. **Upplýsingar veitir Geir Sæmundsson í síma 696-9936 og geir@hogth.is.** Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins **www.hogth.is** Heimir og Þorgeir er ört vaxandi félag sem býður góða aðstöðu fyrir starfsmenn.

Heimir og Þorgeir ehf.
Dugguvogi 2, 104 Reykjavík sími. 554-6464.

Starfsfólk óskast í prentsmiðju

PRENTARI

Óskum að ráða prentara á 4-lita Heidelberg prentvél sem fyrst. Upplýsingar gefur Erlingur í síma 563 6009 eða á erlingur@litrof.is.

SÖLUMAÐUR – VIÐSKIPTATENGILL

Óskum að ráða sölumann – viðskiptatengil til starfa sem fyrst. Upplýsingar gefur Konráð í síma 563 6000 eða á konni@litrof.is.

LITRÓF-HAGPRENT
Vatnagörðum 14 • 104 Reykjavík • Sími 563 6000

---

flugrútan flybus

Kynnisferðir ehf. – Flugrútan óska eftir að ráða bílstjóra til sumarafleysinga eða í fullt starf, sem fyrst. Unnið er á vöktum eða virka daga.

Umsækjendur þurfa að hafa rútupróf og reynslu af akstri, einnig er þess krafist að menn hafi hæfni til jákvæðra, mannlegra samskipta.

Umsóknareyðublöð fást hjá Kynnisferðum ehf. í Vesturvör 6, Kópavogi, og í afgreiðslu Flugrútunnar á BSÍ. Einnig er hægt að senda umsóknir á netfangið **sigridur@re.is**

Upplýsingar um starfið eru veittar í Vesturvör 6 og í síma 860-0314 (Sveinn).

Öllum umsóknum er svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

---

b5 bistro - lounge

b5 er metnaðarfullur veitingastaður sem leggur upp úr því að bjóða gestum sínum góðan mat í rólegu og notalegu umhverfi.

Matreiðslumaður ásamt aðstoðamanni **í eldhús.**

Við leitum að **matreiðslumanni** með góða alhliða reynslu á sviði matreiðslu. Viðkomandi þarf að vera stundvís, ábyrgur og metnarfullur fagmaður, tilbúinn til að takast á við spennandi verkefni. Þarf að geta hafið störf sem fyrst

Einnig leitum við eftir **aðstoðarmanni í eldhús** með góða reynslu.

Nánari upplýsingar veitir Tómas Bolli framkvæmdastjóri í síma 863 6579

b5 Bankastræti 5 **sími 552 9600** **www.b5.is** Bankastræti

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Lausar stöður

Grunnskólar

Áslandsskóli (585 4600 leifur@aslandsskoli.is)
Almenn kennsla í fyrsta bekk
Hraunvallaskóli (590 2800 einar@hraunvallaskoli.is)
Umsjónarkennari á yngsta- og miðstigi
Forstöðumaður heilsdagsskóla
Íþróttakennari (50%)
Uppeldismenntað starfsfólk í heilsdagsskóla
Almennt starfsfólk
Hvaleyrarskóli (565 0200 helga@hvaleyrarskoli.is)
Almenn kennsla í fyrsta bekk
Sérkennsla
Skólaliðara
Lækjarskóli (555 0585 haraldur@laekjarskoli.is)
Umsjónarkennari á unglingast. með áherslu á stærðfræði og/eða samfélagsfræði
Kennari í sérdeild
Smíðakennari í fjölgreinadeild
Stuðningafulltrúar
Skólaliðar
Víðistaðaskóli (664 5890 sigurdur@vidistadaskoli.is)
Almenn kennsla á miðstigi
Stærðfræðikennsla+samfélagsfræði
Tölvukennsla+kerfisstjórn
Enskukennsla+samfélagsfræði
Heimilisfræðikennsla
Öldutúnsskóli (664 5896/6645898herla@oldutunsskoli.is)
Kennsla yngri barna
Sérkennsla
Kennari í sérdeild á unglingastigi
Kennsla á unglingastigi, sérsvið íslenska

Leikskólar

Arnarberg (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Deildarstjóri
Þroskaþjálfi
Leikskólakennari
Leikskólasérkennari
Álfasteinn (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Matreiðslumeistari
Aðstoðarleikskólastjóri
Leikskólakennari
Uppeldismenntað starfsfólk
Hlíðarendi (555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Hraunvallaskóli (664 5835 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Leikskólakennari
Almennt starfsfólk með uppeldismenntun
(sjá nánar á heimasíðu skólans)
Kató (555 0198 kato@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari
Norðurberg (555 3484 nordurberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari(50% e.h.)
Stekkjarás (5175920 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari
Uppeldismenntað starfsfólk
Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Deildarstjóri
Leikskólakennari
Uppeldismenntað starfsfólk

Allar upplýsingar veita skólastjórar viðkomandi skóla.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.
Umsóknarfrestur er til 30. júní.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARDAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **sima 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

LIÐSINNI

OKKUR VANTAR FLEIRI FRÁBÆRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA!

Okkur hjá Liðsinni vantar fleiri frábæra hjúkrunarfræðinga til starfa við fjölbreytt og skemmtileg verkefni. Annars vegar er um að ræða ýmis verkefni á **ráðgjafasviði** tengd vinnuvernd og heilbrigðisráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga og hins vegar verkefni á **heilbrigðissviði** við hjúkrunarþjónustu til stofnana, fyrirtækja og einstaklinga.

Við leitum að hjúkrunarfræðingum sem eru faglega framúrskarandi, sjálfstæðir, sveigjanlegir og með góða samskiptahæfileika. Á móti bjóðum við upp á fjölbreytt verkefni og skemmtilegt samstarf.

Upplýsingar eru veittar í síma 5336300 og með fyrirspurnum á netfangið maria@lidsinni.is

Liðsinni er einkarekið fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu og ráðgjöf.
Fjölbreytt þjónusta Liðsinnis er veitt til fyrirtækja, stofnana og einstaklinga.

Liðsinni • Borgartúni 20 • 105 Reykjavík • Sími 533 6300 • www.lidsinni.is

Tækjamaður á vélskóflu

Björgun óskar eftir að ráða tækjamann á vélskóflu. Fyrirtækið framleiðir og selur efni til framkvæmda s.s. ýmsar gerðir af sandi og möl í garða, skeljasand á tún, fyllingarefni o.fl.

Starfssvið:
- Vinna á vélskóflu
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:
- Full vinnuvélaréttindi
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Vinnutími er frá 07:30-18:00/18:30. Til aukavinnu getur komið um helgar. Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí nk.

Fyrirspurnum um starfið er eingöngu svarað hjá Ráðningarþjónustunni.

Umsjón með starfinu hefur Inga Steinunn Arnardóttir, inga@radning.is

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN
...framtíðin er ráðin

Krókháls 5a • Sími 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is

Bæjarstjóri Fjallabyggðar

Fjallabyggð óskar eftir að ráða bæjarstjóra.

Starfssvið bæjarstjóra:
- Framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og hagsmunagæsla þess
- Vinna við framkvæmd ákvarðana sem teknar eru af bæjarstjórn
- Yfirumsjón með rekstri og bókhaldi sveitarfélagsins
- Samskipti við stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun mikill kostur
- Reynsla af sveitarstjórnarstörfum eða sambærilegum störfum mikill kostur
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Þekking á bókhaldi kostur
- Áhugi á mótun og uppbyggingu nýs samfélags
- Hæfni í mannlegum samskiptum afar mikilvæg

Starf bæjarstjóra í Fjallabyggð er nýtt starf í sameinuðu sveitarfélagi Siglufjarðar og Ólafsfjarðar sem varð til 12. júní 2006. Sveitarfélagið telur um 2300 íbúa. Aðsetur bæjarstjóra Fjallabyggðar verður á Siglufirði. Verkefnið við sameiningu Siglufjarðar og Ólafsfjarðar er krefjandi en jafnframt spennandi. Mikilvægt er að vel takist til og því er leitað að einstaklingi sem hefur mikla leiðtogahæfileika og brennandi áhuga á mótun og uppbyggingu nýs samfélags. Nánari upplýsingar má finna á www.siglo.is og www.olafsfjordur.is

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildursif@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

Borgartúni 27, 105 Reykjavik, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

Metnaðarfull tækifæri

Microsoft®

Tele Account Manager

Lykilábyrgð starfsins felst í:
- Umsjón með herferðum í gegnum síma til íslenskra viðskiptavina Microsoft
- Sölu og samskiptum við viðskiptavini samkvæmt fyrirfram skilgreindum herferðum en einnig öðrum sölutengdum verkefnum
- Skráningu á gögnum um viðskiptavini, samskiptum við samstarfsaðila og lykilstjórnendur
- Ráðgjöf og þjónustu við núverandi viðskiptavini og eftirfylgni til nýrra viðskiptavina

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun skilyrði
- Reynsla af sölu og samskiptum við stjórnendur fyrirtækja og stofnana æskileg
- Góð kunnátta á Microsoft hugbúnaði og lausnum
- Reynsla af hagnýtingu upplýsingatækni æskileg
- Góðir skipulagshæfileikar
- Framtakssemi og frumkvæði í samskiptum við viðskiptavini
- Góð færni í íslensku og ensku er skilyrði og hæfni við að koma frá sér upplýsingum í töluðu og skrifuðu máli

License Partner Account Manager

Lykilábyrgð starfsins felst í:
- Vinnu og aðstoð með endursöluaðilum við sölu á Microsoft leyfissamningum til miðlungsstórra fyrirtækja og stofnana
- Aðstoð við endursöluaðila við undirbúning og framkvæmd herferða sem gerðar eru í samstarfi og samvinnu við Microsoft
- Aðstoð við endursöluaðila til að tryggja að fyrirtæki og stofnanir séu með sín leyfismál á hreinu

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun skilyrði
- Reynsla af sölu og samskiptum við stjórnendur fyrirtækja og stofnana æskileg
- Góð kunnátta í íslensku og ensku sem og mjög góð tölvukunnátta
- Hæfni til þess að vinna sjálfstætt auk hæfni í mannlegum samskiptum
- Ábyrgð, framsýni og metnaður í starfi

Dynamics Partner Account Manager

Lykilábyrgð starfsins felst í:
- Umsjón með sölu- og markaðsmálum á Microsoft Dynamics viðskiptalausnum (C5, Nav, Ax og CRM) í gegnum Microsoft Dynamics samstarfsaðila
- Gerð og eftirfylgni sölu- og markaðsáætlana
- Stjórnun og eftirfylgni sölutækifæra
- Viðskiptaþróun og stjórnun samstarfsaðila
- Samskipti við Microsoft erlendis og markaðssetning viðskiptalausna
- Meðhöndlun leyfismála og samninga

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun skilyrði
- Reynsla af sölu og samskiptum við stjórnendur fyrirtækja og stofnana æskileg
- Góð kunnátta í íslensku og ensku sem og mjög góð tölvukunnátta
- Hæfni til þess að vinna sjálfstætt auk hæfni í mannlegum samskiptum
- Ábyrgð, framsýni og metnaður í starfi

Lykileiginleikar Microsoft starfsmannanna eru: Að geta helgað sig samskiptum við viðskiptavini og samstarfsaðila af lífi og sál. Skipulagshæfileikar, skarpskyggni og einbeitni við verkefni og markmið. Metnaður, áræðni og frumkvæði. Mannblendni, umburðarlyndi og hæfileiki til að þrífast í síbreytilegu umhverfi.

Ef þú:
- Hefur mikinn metnað og dug
- Vilt uppskera í samræmi við árangur
- Ert með góða samskiptahæfileika
- Átt gott með að leiða margþætt og margslungin verkefni
- Átt auðvelt með samskipti við fólk

Þá býðst þér:
- Spennandi starf með mikla ábyrgð
- Laun í samræmi við hæfileika, getu og reynslu

people ready

Microsoft Íslandi er staðsett á Engjateigi 7 og þar starfa í dag 11 starfsmenn. Starfsaðstaða er mjög góð. Viðkomandi verður að geta hafið störf fljótlega. Nánari upplýsingar um Micrsoft Íslandi eru á www.microsoft.is

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildursif@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til kl. 16:00 þann 30. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

Borgartúni 27 105 Reykjavik Sími 540 7100 mannafl@img.is
Skipagötu 16 600 Akureyri Sími 461 4440 www.mannafl.is
Strandgötu 53 735 Eskifirði Sími 540 7140 www.img.is

LEIKSKÓLAR stúdenta

Félagsstofnun stúdenta á og rekur þrjá leikskóla fyrir börn stúdenta við Háskóla Íslands (frá og með 1. september 2006).

Leikskólar stúdenta eru:
Leikgarður við Eggertsgötu. Fyrir börn frá sex mánaða aldri.
Sólgarður við Eggertsgötu. Fyrir börn á aldrinum sex mánaða til tveggja ára.
Mánagarður við Eggertsgötu. Fyrir börn á aldrinum eins til sex ára.

Starfsfólk á leikskóla

Leikskólakennarar - leiðbeinendur

Viltu vinna í skapandi umhverfi í stærsta stúdentaþorpi á landinu? Við leggjum áherslu á gott starfsumhverfi, góðan starfsanda og vellíðan starfsmanna. Leitum að leikskólakennurum og leiðbeinendum með aðra uppeldismenntun og /eða reynslu af starfi með börnum á leikskólann Leikgarð. Í boði eru heilar stöður og hlutastörf fyrir jákvæða og áreiðanlega einstaklinga sem hafa áhuga á að starfa með börnum.

Umsóknir skal senda til Stúdentamiðlunar, Stúdentaheimilinu v/Hringbraut, 101 Reykjavík eða í tölvupósti til rosa@fs.is. Nánari upplýsingar veitir Rósa G. Þórsdóttir í síma 5 700 888. **Umsóknarfrestur er til 10. júlí.**

Félagsstofnun stúdenta er sjálfseignarstofnun með sjálfstæða fjárhagsábyrgð. Að henni standa stúdentar innan Háskóla Íslands, HÍ og menntamálaráðuneytið. Auk Leikskóla stúdenta rekur FS Bóksölu stúdenta, Stúdentagarða, Kaffistofur stúdenta og Stúdentamiðlun. Starfsfólk FS er um 100 talsins.

www.fs.is

Forritun og umsjón

Internet á Íslandi hf, ISNIC, óskar eftir að ráða til sín öflugan starfsmann í forritun og umsjón skráningarkerfis.

isnic

Menntunar og hæfniskröfur
- Þekking og reynsla af Unix
- Reynsla af forritun í PHP og HTML
- Reynsla af SQL gagnagrunnum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

B.Sc í tölvunarfræði eða sambærileg menntun er kostur.

Ráðning er í upphafi til eins árs með endurskoðun eftir 6 mánuði.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 3. júlí nk. Númer starfs er **5598**.

Upplýsingar veita Ásthildur Guðlaugsdóttir og Guðný Sævinsdóttir hjá Hagvangi.

Netföng: asthildur@hagvangur.is og gudny@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Landsins stærsta blæjubíl vantar ökumann!

Ef þú hefur áhuga, hafðu þá samband
– þú færð greið svör og gott viðmót.

Upplýsingar gefur Sveinn í síma 8600-314

HEIMIR og ÞORGEIR

Pípulagningarmenn

Vegna aukinna verkefna óskar Heimir og Þorgeir ehf. eftir að ráða pípulagningarmenn. **Upplýsingar veitir Geir Sæmundsson í síma 696-9936 og geir@hogth.is.** Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins **www.hogth.is** Heimir og Þorgeir er ört vaxandi félag sem býður góða aðstöðu fyrir starfsmenn.

Heimir og Þorgeir ehf.
Dugguvogi 2, 104 Reykjavík sími. 554-6464.

Meiraprófsbílstjórar óskast

Vegna aukinna verkefna leitar Atlantsolía eftir traustum og áreiðanlegum bílstjórum. Leitað er eftir bílstjórum til framtíðarstarfa og einnig til afleysinga. ADR réttindi ekki skilyrði en námskeið yrði greitt af Atlantsolíu.
Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða.

Atlantsolía hóf að selja bensín til almennings 8. janúar 2004 en hjá fyrirtækinu starfa 16 manns. Atlantsolía rekur 6 bensínstöðvar auk þess að vera eina olíufélagið sem býður Dælulykla til almennings.

Áhugasamir hafi samband við Albert Þór Magnússon í síma 825-3133 eða sendi póst á albert@atlantsolia.is.

ATLANTSOLÍA

pipar / SÍA / 156

Söluráðgjafi - Verslun

MEST óskar eftir að ráða dugmikinn og drífandi einstakling í starf söluráðgjafa í verslun.

Starfssvið söluráðgjafa er afgreiðsla í verslun.
Vinnutíminn er frá 8 -18.

Kostur ef umsækjandi er með iðnmenntun og/eða reynslu af byggingarmarkaði.

Söluráðgjafi - Byggingavörur

MEST óskar eftir að ráða dugmikinn og drífandi einstakling í starf söluráðgjafa í byggingavörudeild.

Starfssvið söluráðgjafa er sala á byggingavörum MEST.
Vinnutíminn er frá 8 -17.

Kostur ef umsækjandi er með iðnmenntun og/eða reynslu af byggingarmarkaði.

Umsóknir ásamt ferillýsingu sendist fyrir föstudaginn 30. júní 2006 á skrifstofu MEST að Malarhöfða 10, 110 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið: umsoknir@mest.is.

Fyrirspurnum svarar Hrafnhildur Harðardóttir í síma 4 400 400.

Rafiðnaðarmenn
Blönduósi

RARIK óskar eftir rafiðnaðarmönnum í vinnuflokk Rekstrar- og þjónustusviðs fyrirtækisins á Blönduósi. Hér er um fjölbreytt störf að ræða við nýbyggingar, breytingar og viðhald á dreifikerfi fyrirtækisins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfssvið:
- Almenn störf við dreifikerfi fyrirtækisins

Hæfniskröfur:
- Sveinspróf í rafiðnaði
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af rafveitustörfum.

Nánari upplýsingar veita svæðisstjóri Rekstrar- og þjónustusviðs á Blönduósi, Gunnar Rúnar Kristjánsson og starfsmannastjóri í síma 528 9000.

Vinsamlegast sendið skriflegar umsóknir til starfsmannaþjónustu fyrirtækisins fyrir 10. júlí n.k.

RARIK

Rauðarárstíg 10 • 105 Reykjavík
Sími 528 9000

Hefurðu áhuga á íþróttum? Viltu vinna með íþróttafólki?

Körfuknattleikssamband Íslands auglýsir laust starf íþróttafulltrúa.
Íþróttafulltrúi starfar á skrifstofu KKÍ og sinnir fjölbreyttum verkefnum.

Helstu verkefni:
- halda utan um mótakerfi KKÍ
- starfa með stjórn og nefndum sambandsins
- sinna heimasíðu KKÍ
- afgreiða erindi sem berast skrifstofu

Hæfniskröfur:
- skipulagshæfileikar
- þjónustulund
- samviskusemi
- frumkvæði

Íþróttafulltrúi þarf að hafa gott vald á ensku, vald á norðurlandamáli er kostur en ekki skilyrði. Góð alhliða tölvukunnátta er nauðsynleg.
Umsókn, ferilskrá og mynd berist skrifstofu KKÍ, Engjavegi 6, 104 Reykjavík fyrir 4. júlí nk. í lokuðu umslagi merkt "Íþróttafulltrúi". Nánari upplýsingar veita Hannes S. Jónsson formaður KKÍ í síma 898-5857 og Guðbjörg Norðfjörð varaformaður KKÍ í síma 861-3614. Fullum trúnaði heitið.

Framtíðarstörf fyrir alla

Þuríður Gunnarsdóttir fann sitt framtíðarstarf á Hrafnistu

Þuríður hefur unnið á Vífilsstöðum í rúm tvö ár. Dóttir hennar var átta mánaða þegar hún fór að vinna frá kl. 18:00-22:00 þrisvar í viku og frá kl. 08:00-13:00 aðra hverja helgi. Hún fékk leikskólapláss þegar dóttirin var tveggja ára og fór þá að vinna frá kl. 08:00-16:00, þrjár til fjórar vaktir í viku ásamt því að vinna aðra hverja helgi. Sveigjanlegur vinnutími hefur gert Þuríði kleift að njóta samvista við dótturina ásamt því að stunda vinnu sem veitir henni ánægju.

Hjá Hrafnistu býðst starfsfólki að laga vinnutímann að sínum þörfum.

Eigum við framtíð saman?

HRAFNISTA - Reykjavík - Hafnarfirði - Vífilsstöðum - Víðinesi

Sími: 585 9529 **Sími: 585 9529 - www.hrafnista.is**

ÖRYGGISVÖRÐUR

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar.
Umsóknarfrestur er til 6. júlí 2006.
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: http//iceland.usembassy.gov.

PROTOCOL ASSISTANT

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Protocol Assistant lausa til umsóknar.
Umsóknarfrestur er til 28. júní 2006.
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: http//iceland.usembassy.gov.

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR ATVINNULÍFSINS

FRAMKVÆMDASTJÓRI

STARF FRAMKVÆMDASTJÓRA NÝSKÖPUNARSJÓÐS ATVINNULÍFSINS ER LAUST TIL UMSÓKNAR

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er áhættufjárfestir sem tekur virkan þátt í þróun og vexti atvinnulífsins með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997. Sjá nánar á vefsetri: www.nsa.is

Meðal æskilegra kosta eru:

- Víðtæk stjórnunarreynsla úr fyrirtæki og þekking á íslensku atvinnulífi og rekstrarumhverfi
- Reynsla af samningagerð og fjárfestingarverkefnum
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Háskólamenntun
- Málakunnátta

Umsóknarfrestur um starfið er til 29. júní n.k. og umsóknir skulu berast skrifstofu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík, merktar stjórnarformanni sjóðsins, Jóni Steindóri Valdimarssyni, sem jafnframt veitir nánari upplýsingar.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Holtsbúð dvalar- og hjúkrunarheimili í Garðabæ

Hjúkrunarheimilið Holtsbúð óskar eftir að ráða nú þegar hjúkrunardeildarstjóra í fullt starf í dagvinnu, hjúkrunarfræðing í hlutastarf, kvöld- og helgarvaktir. Einnig óskast sjúkraliðar til að styrkja aukna faglega þjónustu.

Holtsbúð er fyrrum hvíldarheimili St. Jósepssystra og er nú hjúkrunarheimili staðsett í rólegu íbúðarhverfi í Garðabæ. Í Holtsbúð eru 40 hjúkrunarrými og dægradvöl fyrir 10 einstaklinga.

Í Holtsbúð starfa hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og annað starfsfólk við aðhlynningu allan sólahringinn. Lögð er áhersla á notalegt og heimilislegt umhverfi, nærgætni og alúðlega framkomu. Við bjóðum sveigjanleika varðandi vinnutíma og starfshlutfall.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Ragnheiður Alfreðsdóttir, framkvæmdastjóri
sími 535-2222 GSM: 694-5206, netfang: ragnheidur@holtsbud.is
Hildur Ólafsdóttir, deildarstjóri sími 535-2200 netfang mottaka@holtsbud.is

Björn Þór Jóhannsson starfar í álverinu í Straumsvík á sumrin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Áltaki á sumrin

Björn Þór Jóhannsson er 19 ára nemi í Borgarholtsskóla. Í sumar starfar hann sem áltaki hjá Alcan í álverinu í Straumsvík.

„Mamma mín er einkaritari Rannveigar Rist og hún benti mér á að þetta gæti verið spennandi sumarstarf," segir Björn Þór sem er að vinna sitt annað sumar sem áltaki í álverinu í Straumsvík. Starf Björns Þórs er vaktaskipt og vinnur hann vaktir sem geta komið upp á öllum tímum sólarhringsins. „Ég vinn dagvaktir, kvöldvaktir og næturvaktir. Þetta skiptist allt á milli daga."

Vinnufyrirkomulagið er þannig að hann vinnur sex átta tíma vaktir á fimm dögum og fær síðan fimm daga frí. Björn Þór segist kunna ágætlega við þetta fyrirkomulag. Starf áltakans felst í grófum dráttum í því að ferja deyglur um á sérstökum áltökubíl. „Ég er áltaki sem þýðir það ég tek deyglur í bílinn og skila þeim inn í steypuskála sem er hinum megin í húsinu. Í hverri ferð tek ég um fimm tonn af áli þannig að ætli ég sé ekki að fara með um fimmtíu tonn af áli á dag." Starfið í álverinu getur að sögn verið nokkuð erfitt líkamlega enda mikill hasar allan daginn.

„Ég gæti ekki hugsað mér neitt betra sumarstarf heldur en að vinna í álverinu, auk þess gæti ég hvergi fengið eins há laun," segir Björn Þór.

Þó svo að hann sé ánægður í starfi þá telur hann ekki líklegt að hann muni leggja álbræðslu alfarið fyrir sig í framtíðinni. „Nei það held ég nú ekki, bara svona á meðan maður er að klára framhaldsskóla."

valgeir@frettabladid.is

Neyð í umönnun aldraðra

Margir starfsmenn sem vinna við umönnun aldraðra í Danmörku íhuga að snúa sér að öðrum starfsvettvangi. Erfitt mun reynast að ráða nýja starfsmenn í störfin.

Danskir starfsmenn í umönnun aldraðra virðast vera óánægðir með starf sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tæplega helmingur danskra starfsmanna sem vinnur við umönnun aldraðra hefur íhugað að skipta um starfsvettvang, samkvæmt fréttavef Politiken. Þessi niðurstaða kom fram í könnun sem fagfélagið FOA, Fag og Arbejde, tók til 800 starfsmanna innan stéttarinnar.

45 prósent aðspurðra sögðust hafa íhugað að breyta um starfsvettvang og ef aðeins er tekið mið af svarendum undir fertugu, fór talan upp í 63 prósent.

Ef borin er saman tilsvarandi könnun FOA frá síðasta ári, þá hafa báðar þessar tölur stigið allverulega, segir formaður félagsins, Dennis Kristensen. „Tölurnar segja okkur því miður að það er neyðarástand innan stéttarinnar. Við gerðum svipaða rannsókn á síðasta ári og er fjöldi þeirra sem íhuga að snúa sér að öðrum starfsvettvangi stígandi. Enn fremur sýnir niðurstaðan okkur að það er orðið langt um erfiðara að ráða nýtt fólk í starfið," segir hann.

LANDSPÍTALI

Iðjuþjálfi

Iðjuþjálfi óskast í 50% starf á endurhæfingarsviði, Landakoti, í tímabundna stöðu til áramóta með möguleika á framlengingu.
Leitað er að iðjuþjálfa sem hefur áhuga á að starfa með öldruðum þar sem áhersla er á teymisvinnu í skemmtilegu og lifandi vinnuumhverfi.
Iðjuþjálfar sinna sex legudeildum sem skiptast í tvær 5 daga og eina 7 daga endurhæfingardeildir, tvær deildir fyrir heilabilaða og líknardeild. Einnig er 60 plássa dagdeild sem iðjuþjálfar sinna sem og sérhæfðum verkefnum á göngudeild.
Á Landakoti fer fram mat, greining og endurhæfing aldraðra.
Umsóknir berist fyrir 9. júlí n.k. til Rósu Hauksdóttur, yfiriðjuþjálfa, iðjuþjálfun Landakoti sími 543 9841, netfang rosah@landspitali.is og veitir hún upplýsingar ásamt Kristínu Kristjánsdóttur, iðjuþjálfa, sími 543 9834, netfang kristink@landspitali.is.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Landspítali – háskólasjúkrahús er reyklaus vinnustaður.

HSA HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS

Heilsugæslan í Fjarðabyggð

Heilbrigðisstofnun Austurlands auglýsir lausar stöður yfirlæknis, heilsugæslulæknis, hjúkrunarstjóra, hjúkrunarfræðings og ljósmóður við Heilsugæslu Fjarðabyggðar.

Heilsugæsla Fjarðabyggðar er með starfsstöðvar á Eskifirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði, en heilsugæsluumdæmi þessi verða sameinuð frá og með 1. október 2006. Heilsugæslan í Neskaupstað verður enn um sinn rekin í tengslum við Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað.

Í allar stöðurnar er ráðið frá og með 1. október nk.

Á starfssvæðinu búa um 3.500 manns auk fjölda starfsmanna við byggingu álvers. Á næstu árum mun íbúum fjölga verulega. Gert er ráð fyrir að 4 læknar starfi við heilsugæsluna og einn þeirra gegni stöðu yfirlæknis. Þá er gert ráð fyrir 4 - 5 stöðum hjúkrunarfræðinga og mun einn þeirra gegna stöðu hjúkrunarstjóra.
Góð starfsaðstaða er á heilsugæslustöðvunum og í sveitarfélaginu er boðið upp á margháttaða þjónustu.
(Sjá **www.fjardabyggd.is**)

Umsóknarfrestur er til 23. júlí 2006.
Umsóknir skulu berast til Einars Rafns Haraldssonar, (einarrafn@hsa.is) / 861-1999, framkvæmdarstjóra, eða Emils Sigurjónssonar, (emils@hsa.is) / 895 2488 rekstrarstjóra, Strandgötu 31, 735 Eskifirði, sem jafnframt veita upplýsingur um störfin ásamt Lilju Aðalsteinsdóttur hjúkrunarforstjóra lilja@hsa.is) / 860 1920 og Stefáni Þórarinssyni, lækningaforstjóra (stefanth@hsa.is) / 892 3095

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Marel

Kennsluráðgjafi
Raungreinar og nýsköpun

AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN

Á grundvelli samstarfssamnings Garðabæjar og Marel er auglýst laust 60% starf kennsluráðgjafa í raungreinum og nýsköpun við grunnskóla Garðabæjar. Í samningnum er lögð áhersla á samstarf til eflingar kennslu í raungreinum (náttúrufræði og stærðfræði) og nýsköpun í grunnskólum Garðabæjar.

Meginverkefni:
- Auka færni og þekkingu kennara í kennslu raungreina og nýsköpunar
- Stuðla að innleiðingu nýjunga í kennslu og námi
- Aðstoða við þróunarstarf
- Styrkja stöðu raungreina og nýsköpunar
- Efla tengsl við fyrirtæki á sviði tækni og vísinda

Hæfniskröfur:
- Kennsluréttindi í grunn- og/eða framhaldsskóla
- Framhaldsmenntun á sviði raungreina og/eða kennslufræða æskileg
- Skipulagshæfileikar
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð tölvufærni

Starf kennsluráðgjafa er spennandi tækifæri fyrir áhugasaman kennara sem vill taka þátt í að þróa og móta kennsluhætti í raunvísindum og nýsköpun í grunnskólum. Í nýsamþykktri skólastefnu Garðabæjar er lögð áhersla á að nota fjölbreytta kennsluhætti, að ýta undir skapandi hugsun og sjálfstæði nemenda og að starfsmenn eigi kost á símenntun og njóti sín í starfi. Kennsluráðgjafi í raungreinum og nýsköpun starfar með kennurum í öllum grunnskólum Garðabæjar. Kennsluráðgjafinn hefur góða vinnuaðstöðu í Sjálandsskóla.

Umsóknarfrestur er til 5. júlí nk.

Laun eru samkvæmt samningi Launanefndar sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands

Nánari upplýsingar um starfið veitir Oddný J. Eyjólfsdóttir, deildarstjóri skóladeildar, í síma 525-8500 eða oddnye@gardabaer.is.

Fræðslu- og menningarsvið



Vík í Mýrdal

starfsfólk óskast

gæði gleði gróska gagn
Grunnskóli Mýrdalshrepps

Í grunnskólanum eru um 70 nemendur í 1. -10.bekk. Góður starfsandi og öflugt starfslið. Áhersla á mannrækt og umhverfi, unnið með samskipti, einstaklingsmiðað nám og skrefin sjö að Grænfánanum.
Heimasíða skólans er http://gsm.ismennt.is

Umsjónarkennari
Grunnskólann vantar umsjónarkennara.
Húsnæðisfríðindi og flutningstyrkur.

Nánari upplýsingar veita :
Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri s: 4871400, kolbrun@ismennt.is
Sveinn Pálsson sveitarstjóri s: 4871210, sveitarstjori@vik.is

Umsóknarfrestur er til 9.júlí

Hjallatún

Dvalar- og hjúkrunarheimili
Hjallatún er notalegt heimili með um 20 heimilismönnum í hjúkrunar- og vistrýmum.

Hjúkrunarfræðingur
Hjallatún leitar að hjúkrunarfræðingi í 70 % stöðu og bakvaktir aðra hvora viku. Staðan er laus frá 15. ágúst nk. eða eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir hjúkrunarforstjóri:
Guðlaug Guðmundsdóttir s: 487-1348 eða 864-1348. hjallatun@vik.is

Umsóknarfrestur er til 9. júlí.

Tónskólinn er til húsa með grunnskóla Mýrdalshrepps og vinnur í nánu samstarfi við grunnskólann. Nemendur eru milli 20 og 30

Tónskólastjóri – tónskólakennari - organisti
MMC L 200 tdi 2.5 vél, heillegur bíll en þarfnast lafæringa. Verð 130.000 stgr. Uppl. í síma 899 0555.

Nýr verðlaunajeppi Honda Pilot rakar inn verðlaunum bílablaða fyrir sparneytni, akstureiginleika og búnað! Hér er kominn öflugur lúxusjeppi sem veitir Toyota Landcruiser harða samkeppni. Lítið notaðir frá 2.9 milljónir eða fáðu tilboð í nýjan frá verksmiðju. Útvegum flestar gerðir jeppa og fólksbíla frá Evrópu eða Bandaríkjunum. Allt að 5 ára ábyrgð og bílalán. Nýjir og nýlegir bílar langt undir markaðsverði. Þjónustuver sími 552 2000. www.islandus.com

Audi A4 1,8T árg. '05 Ek. 22 þús. 16" álfelg. topplúga, cc, reyklaus bíll, ac/c. 2 eigendur. Verð 3.490 þús. Uppl. í s. 895 0998 & 898 7558.

Peugeot 406 station, 5 dyra, 7 manna, krókur, ný vetrard. á felgum, skráður 10.1998, ek. 145 þ. km, 450 þ. kr. S. 660 8609.

Tilboð sparibaukur 130 þús stgr!

Suzuki swift 1998 ek. 140 þús. km. 5 dyra, ný skoðaður '07, bílað púst, fyrstir koma fyrstir fá á aðeins 130 þús. S. 691 4441.

Góður Galloper árg. '98. Ásett verð 650 þús. tilb. 480 þús. Uppl. í s. 862 4659.

Chervolet Silverado 2500 Duramax 6,6L árg. 2003 ekinn 55 þ. km., leður, hús. Einn með öllu. S. 898 2811.

Benz árgerð '97, 3538, 8x6 upplýsingar í síma 866 0904,

Renault Scenic '98, ek. 128 þús. Fæst við yfirtöku 17 þús. á mán. S. 824 2684.

Útsala!

Micra árg. '97 verð 80 þús. Saab 9000 árg. '91 verð 80 þús. VW Carvilla árg. '98 og VW Transspoter árg. '98 verð 50 þús. stk. Báðir bilaðir. Uppl. í s. 696 4255.

2 Lancer Station 4x4 árg. '96 ek. 150 þ. og hinn er árg. '94 ek. 180 þ. Tilb - skipti. Uppl. í s. 567 2495.

Nissan Almera 1600 árg. '06/99. Ek. 90 þús. Sk. '07. Góður bíll. Uppl. í s. 846 8200.

Mitsubitsi Galant árg. '91, smurbók frá upphafi fylgir, ek. 200 þ., Cd mp3, Wma. Verð 130 þ. Uppl. í s. 695 2721.

MMC Space Wagon árg. '92. Upplýsingar í síma 699 7592.

Til sölu Man 26 463 árg. '96 dráttarbíll m.snjómokstursbúnaði s. 892 3559.

VW Vento '98. Ný tímareim, sumar og vetradekk á felgum. Ek. 94 þús. Verð 380 þús. S. 846 8540.

0-250 þús.

Sparibaukur á grín verði aðeins 160 þús!

Kia Pride 2002 ek. 87 þús. km, 5 dyra, 5 gíra, ný skoðaður '07. S 691 4441.

Nissan Sunny '91 ek. 175 þús. km, ssk., óskoðaður, er á númeri, vel gangfær, bilað púst, fæst á 35 þús. S. 691 4441.

Nissan Sunny 1.6 SR. '94. Ekinn 206.000 km. Skoðaður '07. Sumar- og vetrardekk. Bíll er í góðu ástandi. Verð. 130.000 þús. S. 862 6669.

Til sölu MMC Lancer 1986. ek. 182.000. beinskiptur, í góðu lagi, verð 60 þús. S. 898 1221.

Til sölu Mazda 323F árg. '92, í góðu ástandi, lítur vel út. Verð 150 þús. Uppl. í s. 895 3534.

VW Polo 98 ekinn 108.000 km. Ný tímareim og vatnsdæla. Skipti möguleg. Verð 310.000 kr. Uppl. í síma 864-9349.

Ford Escort Van 98 til sölu á kr. 160.000, uppl. í síma 864 4155.

Frábær ferðabíll til sölu! Renault Scenic fæst fyrir tilboð eða í skiptum fyrir smábíl. Sími 698 1320, Ástrós.

Góð kaup! Toyota Corolla station '93-170.000 km Sk. '06. Kr. 90.000. 696 6823.

250-499 þús.

Polo 1,4 5/99, ek. aðeins 98 þ. Ný tímareim í 81 þ. Sk. '07, 5 g., 3ja d., CD, vindskeið, álfelgur, smurbók. Fallegur bíll í toppstandi. V. 390 þ. S. 864 8338.

Kia árg. '01, ek. 40 þ., skoðaður '07, ssk. Uppl. í s. 587 0401.

500-999 þús.

M. Benz árg. 2000, ek. 87 þús., sk. '07. Verð 890 þús. Uppl. í s. 693 2038.

Til Sölu Esterel fellihýsi árg. '89 og Nissan Pathfinder árg. '95 ekinn 101.000 mílur. Bæði vel með farið. Upplýsingar í síma 663 0869.

Til sölu BMW 325 blæja árg. '94 ek. 66 þ. mílur. Verð 850 þús. Uppl. 846 3786 Guðrún.

Útsala Legacy '00 e. 103 þús. bsk., sk. 06, áhv. 660. þús. Bíll í toppstandi. S. 895 7860.

Toyota Avensis '98, ek. 140 þús. Sumar og vetrardekk á felgum. Mjög vel með farinn. Uppl. í s. 892 6287 & 587 5506.

1-2 milljónir

Til sölu glæsilegur Subaru Forester, sjálfskiptur, árgerð 2003. Ekinn 58.000 km. Dráttarkúla, spoiler og fleira. Mjög vel farinn og góður bíll. Verð 1.750.000 kr., engin skipti. Upplýsingar í síma 892 1508.

Gullmoli til sölu Toyota Corolla 1600 árg. '03, sjálfskiptur. Ek. 38 þús., nýskoðaður '08. Álfelgur og geislaspilari. Vetrardekk fylgja. Verð 1.370 þús. Uppl. í s. 699 0686.

2 milljónir +

Toyota 4Runner '05 til sölu. Glæsilegur lúxusjeppi, ek: 0 km, sportpakki, V6 250 hö., SS, sóllúga. V 4. 7 m. fæst á 3.990 þ.stgr. Uppl. í s. 898 9090.

Bílar óskast

Bíll upp í íbúð

Bíll óskast í skiptum fyrir 60 fm íbúð í Grafarvogi. Mjög falleg íbúð ásamt stæði í bílageymslu í góðu húsi. Áhv. 15,6 í húsbréfum. Tilbúinn að taka bíl á verðbilinu 2-3 milljónir uppí. Uppl. í s. 690 0607.

Jeppar

Nissan Terrano-II Sport, 7 m. Skráður 11/2000, ekinn 123 þ. km. Dísel, krókur, ABS br., líknarb., reyklaus, þjónustubók og gott viðhald. Verð 1.490 þús. Skipti möguleg. Uppl. 848 8914.

Til sölu glæsilegur Toyota Landcruiser 90LX '99. Einn með öllu í toppstandi. Skíðagrind 38 tommu dekk VHF stöð. Auka tankur. Drullutjakkur. Aðeins einn eigandi Frá upphafi. Ekinn 150.000. Fæst með yfirtöku á láni Upplýsingar í síma 869 9019.

Til sölu Ford Explorer xlt árg. '04. ssk., 7 manna, leður klæddur. Fæst á sanngjörnu verði vegna flutninga. Uppl. í s. 897 7957.

Land Cruiser árg. '98, ekinn 151 þ. Diesel, sjálfskiptur, 38" dekk, mikið af aukahlutum, topp bíll, áhv. 2,3 m. Afb. 40 þ. Verð 2,6 millj. Uppl. í s. 897 5358.

Til sölu MMC Pajero langur TDI árg '89 ek. 300 þús. Upphækkaður með plastköntum fyrir 33". Nýskoðaður. Þarfnast aðhlynningar. Verð stgr. 180 þús. Uppl. í s. 699 2526.

Toyota Land Cruiser Dísel. árg 97. 7 manna, ssk., ekinn 257 þús., ný sk '07. Þjónustubók og topp viðhald. Verð 1480 þús. Uppl. í s. 864 8338.

Til sölu Pajero 92 bensínbíll. Body gott með bilaðri vél og skiptingu árg. '99, sjón er sögu ríkari. Uppl. í s. 895 3534.

Vörubílar

www.trukkur.is
Sími 893 8327.

Húsbílar

Ram 1500 pallbíll árg. 2000 og Sunlite 865 pallhýsi til sölu. Sér lagnir með útvarpi og sjónvarpi og fl. og fl. Mjög lítið notað. Uppl. í síma 892 5085, Hörður.

Fiat Ducado '04 með Eura Mobil húsi, lágþekja. Toppbíll með öllum þægindum. Ekinn aðeins 20 þús. S. 899 1175, allar nánari uppl. má finna á www.husbilar.is

Mótorhjól

Til sölu Honda Valkyrie 1500 6 cyl, árg. '03, ek. 8.500 mílur. Verð 1.490 þús. Uppl. í s. 821 7872.

YAMAHA V- MAX árg. 2000 mögnuð græja 1300cc. 140 hö. innflutt nýtt af umboðinu bein sala verð kr. 930 þ. s. 6939711 & 5642218.

GasGas 250 Trial hjól! Til sölu GasGas 250 Trial hjól árg. 2004 en kom til landsins í maí 2005. Í topp standi, til í slaginn. Hvít númer. Er í breiðholtinu Myndir á http://www.pbase.com/svavark/image/61674023 Verð 420 þ. Engin skipti. Uppl. í s. 856 6467.

Til Sölu Honda cr. 85 expert. Hjólið er i toppstandi og mikið er af aukahlutum. Uppl. í s. 695 9727(rétt nr).

Vespur

Ein með öllu. Fyrsta magnpöntun okkar að skella á. Þú pantar, greiðir 38.500 kr staðfestingargjald. Allar upplýsingar á www.bms.is/race. BMS Race. Suðurlandsbraut 8. Simi 517 5080.

Hjólhýsi

Til sölu Hjólhýsi Hobby 560UFE. Árgerð 2006. Nýtt og ónotað. Vandað hús, hjónarúm m/Springdýnum, U-sófi, Sólskyggni o.fl. Uppl. í síma 863 4746.

Hjólhýsi til sölu!
Hefurðu séð ódýru og glæsilegu Delta Euroliner og Summerliner kojuhúsin hjá okkur? Svefnpláss fyrir 6. Verð frá 1.721. þ. Allt að 100% lán Fortjald á hálfvirði s. 587 2200, 898 4500, www.vagnasmidjan.is

Fellihýsi

Til sölu gullfallegur Palomio Yerling árg. '04, keyptur í ágúst '04, lítið notaður, sem nýr, fortjald fylgir með. Uppl. í s. 669 9438 & 895 3534.

Coleman Sedona árg. 04. Sólarsella, útieldavél, vel með farinn. V.1150 þús. Uppl. í s. 8991577

Coleman Bayside 4 sumra, sem nýtt. Sólarsella, reiðhjólagrind, loftpúðafjöðrun, fortjald, græjur, álf. Verð 1.720 þús. Fyrstir koma fyrstir fá. S. 892 2033.

Tjaldvagnar

Óska eftir nýlegum Camplet Tjaldvagni. Uppl. í s. 897 8156.

Inseca Tirola árg. '93 með fortjaldi. Mjög vel með farinn. Verð 100 þús. Uppl. í s. 896 3524.

Óska eftir vel með förnum Comby Camp tjaldvagni m/ fordjaldi. S. 894 0887.

Camplet Royal árg. '92 Með ísskáp, eldavél, vask og aukatjaldi. Verð 220 þús. Uppl. í s. 699 0506.

Inesca Monaco tjaldvagn til sölu með fortjaldi. Verð 250 þús. Uppl. í s. 698 0803.

Vinnuvélar

Til sölu. Welger RP 200. Árg 1998. Skipti möguleg á eldri vél. Uppl. í síma 840 0823

Case Beltagrafa, Model 9007, 7 tonn, árg. '99, 3.733 klst. Hægt að skekkja bómu v+h, 3 skóflur, 1 ripper. Ásett verð 3.5Milj + Vsk. S. 867 2647.

Case 695s grafa, árg. '04, hraðtengi m/ 3 bacho skóflum. Ónotuð. Verðtilboð. S. 691 2253.

Bátar

Óska eftir sæþotu í skiptum fyrir Ford Escort og pening. Má kosta allt að 400.000 kr. Kerra og ábreiða verður að fylgja. Uppl. í síma 820 5280.

Nú getur þú auglýst bátinn, tækin og hvaðeina sem bátum fylgir og fylgja ber ókeypis. Einnig auglýst eftir slíku, líka ókeypis. www.aftann.org/birtingar

Varahlutir

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

Bílapartar ehf S.587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Allar helstu bílapartasölur landsins eru á www.partasolur.is

Viðgerðir

Kar-o-liner réttingarbekkur í mjög góðu ástandi með miklum aukabúnaði, 2ja pústa bílalyftur, 4t rotarý v. 290 þús, 3t zippo 230 þús. Loftpressa 1100L. V. 220 Þús. Allt nýlegt. Uppl. e. kl.18, Guðmundur s. 892 4564.

KEYPT & SELT

Til sölu

Ryðfrír fittings í allar gerðir stiga, glerklemmur, glerbrautir, teinar, vír og net. Einnig DIY handrið og stillanlegir stigar og hringstigar. Bæjarflöt 6, Grafarvogi) S. 533 3700.

Sumartilboð
Sumartilboð á hringstigum, stál og tré breiddir 120 -140- 160cm, stillanleg hæð. Stigalagerinn, Dalbrekku 26, s. 564 1890.

Þau eru komin aftur trampolínin vinsælu.
Gerðu samanburð öryggisins vegna. Amerísk trampolín. Opið í dag sunnudag. S. 565 0313 & 848 7632. Trampolínsalan.

Marchall traktor með loftpressu til sölu. Upplýsingar í síma 893 7310.

Nýr Sófi
Nýr 2ja sæta leðursófi til sölu. Fæst fyrir sanngjarnt verð. Uppl. í s. 690 0907.

Hljóðfæri

Úrval af harmonikum í ýmsum stærðum og gerðum, auk fylgihluta. Verð frá 29.000kr. EG-Tónar. Sími Akureyri 462 7374 & 6601648, sími Reykjavík 568 3670 & 824 7610.

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. Verð frá 9950 kr. S. 690 2020. www.harmonikan.is.

Tölvur

Vélar og verkfæri

Bandsög, 3ja fasa. Sagar 35cm þykkt. 89cm hjól. Hæð 240cm. 4 auka blöð. 867 2647.

Bækur

Til sölu Volvo SL10 4 öxla vörubifreið 1996 módel og Volvo NT vörubifreið 1982 módel. Upplýsingar í síma 893 7310.

Til bygginga

K-Gler. 135 stk. 72m≤, 4mm gler, 9mm loftrúm. Ýmsar stærðir. Kr. 6.800m≤ - 50% afsláttur. 867 2647.

Mótatimbur
650m 1*6. Uppistöður 2*4 45 stk. 2,4 m og 50 stk. 2,55 m Uppl. í s. 898 0126.

Verslun

SÝNINGAR

Trjáplöntumarkaður, 10 birkiplöntur aðeins 3990,- Blómaval.

Runnatilboð. Birkihlíð Kópavogi.

Verkfæraúrval. Rafvörumarkaðurinn, Fellsmúla.

Sumarblómaúrvalið er í gróðrarstöðinni Storð. Gróðrarstöðin Storð, Dalvegi Kópavogi.

Kastarar á frábæru verði. Rafvörumarkaðurinn Fellsmúla.

Stærri og glæsilegri verlsun í Lágmúla, opið 8-24 alla daga. Lyfja- Lifið heil.

Trjáplöntumarkaður, gerið frábær kaup á trjáplöntum og runnum. Blómaval.

Útiljós í úrvali. Rafvörumarkaðurin, Fellsmúla.

3 góðar ferðatöskur saman í setti. Verð aðeins 3.990.- Rúmfatalagerinn, aðeins ódýrari.

Garðálfar í garðinn. Verð frá 399.- Rúmfatalagerinn, aðeins ódýrari.

Garðálfar í garðinn. Verð frá 399.- Rúmfatalagerinn, aðeins ódýrari.

Garðborð og 4 stólar. Verð aðeins 3.500.- Rúmfatalagerinn, aðeins ódýrari.

20 stjúpur á 790,- Birkihlíð Kópavogi.

Opið í dag. Rafvörumarkaðurinn Fellsmúla.

Útivistarjakkar fyrir alla fjölskylduna. Verð frá 1.490.- Rúmfatalagerinn, aðeins ódýrari.

Tjöld í miklu úrvali. Verð frá 1.490.- Rúmfatalagerinn, aðeins ódýrari.

Trjáplöntumarkaður. Blómaval.

Sláttuorf, Rafvörumarkaðurinn Fellsmúla.

Lampaúrval, Rafvörumarkaðurinn Fellsmúla.

Sjávarréttasúpa, Rauða_húsið, Eyrarbakka.

Kerfisveita. Anza, öruggur rekstur tölvukerfa.

Ýmislegt

Trampolín - Trampolín - Trampolín - Trampolín - Trampolín - Trampolín - Trampolínsalan. Sími 565 0313.

Árshátíðir, Rauða_húsið, Eyrarbakka.

Þjónusta

Garðyrkja

Garðsláttur, beðahreinsun, trjáklippingar, þökulagnir, garðaúðun og allt annað sem viðkemur garðinum. Komum á staðinn og gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Garðlíf, s. 691 9151.

Briggs og Stratton Orf
4 gengis (þarf ekkia ð blanda olíu við bensín-minni hávaði). Verð nú 26.900kr. Sláttuvélamarkaðurinn, Vagnhöfða 8, s. 517 2010.

Garðúðun og meindýraeyðing
Úða garða gegn maðki og lús. Eyði könguló af húsum, geitungabúum og starrafló. s. 865 5206.

Tek að mér að slátt fyrir húsfélög og einnstaklinga klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Garðaúðun, garðaúðun. Örugg þjónusta í yfir 30 ár. Úði, Brandur Gíslason, skrúðgarðam. Sími 553 2999.

Garðyrkja
Alhliða garðyrkjuþjónusta. Sláttur, úðun, mold, hellulagnir og fleira. Halldór garðyrkjum. S. 698 1215.

Ráðgjöf

KAFLASKIPTI

Í fjármálum, alhliða fjármála- og rekstrarráðgjöf.
Aðstoð v/nauðungarsölumeðferðar,
endurskipulagning fjármála,
samningar við lögmenn, lánadrottna og innheimtumenn, aðstoð v/nauðungaruppboða, stofnun einkahlutafélaga ofl. Geymið auglýsinguna.
SÍMI 530 9115 OG 822 9670
Kaflaskipti ehf. Hlíðarsmári 15 201 Kópavogur.- Sími 530 9115 og 822 9670 kaflaskipti@rsg.is

Málarar

Vantar þig málara?
Þarft þú að láta mála húsið að utan? Get bætt við mig verkum. Er með lyftu. Uppl. í s. 821 1333, Hallgrímur.

Búslóðaflutningar

Búslóðafl. og allar almennar flutn. 2 menn ef óskað er. MJ flutningar. S. 692 7078.

Húsaviðhald

HÚSEIGNAÞJÓNUSTAN
Sími 892-1565

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.).

Viðhaldsvirkni Ehf
S. 661 0117 & 690 0117
Málarameistarar, múrarar og smiðir sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna. Svo sem málun utan sem innan. Sandspörslun. Steypu-múr uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppuviðgerðum sem og margt fl.
Fyrirtækið gerir tilboð þér að kostnaðarlausu. Öllum fyrirspurnum svarað.
Einnig bjóðum við niðgjafa þjónustu.
www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is

FAGÞAK
Alhliða lausnir á flötum þökum
Yfir 20 ára reynsla af PVC dúkum
Sími 820 3415
fagthak@fagthak.is

Sumarið er tíminn
10 ára ábyrgð
Þakmálun
Húsamálun
Leitaðu tilboða
í sima: 844-1011
eða á www.thakmalun.is
ÞAKMÁLUN

Hreinsum gráma af sólpöllum!
Sólpallaeigendur, ódýr lausn til að djúphreinsa veðraða sólpalla og gera þá eins og nýja.
Anton í síma 866 5262.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, ásamt sólpallasmíði. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Pípulagningarmeistari getur bætt við sig verkefnum, uppl. í síma 892 8720.

Tökum að okkur hverskonar múrbrot, fjarlæga efni, frágangur og pípulagnir Uppl. í s. 892 8720.

Tölvur

Bráðvantar hundgamlan laptop. Helst ókeypis. S. 898 7654.

Dulspeki-heilun

Heilun, sjálfsuppbygging, áruteiknun, hugleiðsla og mataræði. Halla Sigurgeirsdóttir s. 663 7569.

Spádómar

908 6116
Er spákonan Sirrý
Ástir - fjármál heilsa
Einkatímar í S.845 4009

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáindraumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

Örlagalínan 908 1800 & 595 2001
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Englaljós til þín 908 5050
Hvað viltu vita um ástina, heilsuna og hvað getur gerst skemmtilegt í sumar, bein miðlun, rágjöf. Opið frá 12-02 eftir miðnætti. Lára

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína. Einkatímar. Erla s. 587 4517.

Trésmíði

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum. Nýsmíði, viðhald og viðgerðir. Uppl. í s. 894 0031.

Sólpallasmíði
Símar 698 5743 & 893 0389 khandverk@simnet.is & oah@hive.is

Heilsa

Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Botnlaus orka og betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki í júní. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 868 4876.

Árangur með Herbalife! Betri lífsstíll. Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg s. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife. www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangi. Við hjálpum þér. www.betriheilsa.is Sirry 897 8886.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Heimilið

Húsgögn

Rokókósófasett með antikbleikuáklæði (3sæta sófi, tveir minni stólar og tveir með örmum) sófaborð og borðstofuborð. Nánari upplýsingar í 897 4996, Jón eða 895 5848, Arnhildur.

Sófasett, rúm + rúmgafl, náttborð, eldhúsborð + stólar, skenkur, tv-skápur og speglar. Allt nýlegt og vel með farið. Selst ódýrt. Uppl. í s. 866 0796 & 663 2524.

Til sölu skrifstofuhúsgögn, stólar og eldhúsborð. Uppl. í s. 865 4137.

Antík

Til leigu 2ja hæða hús á Eyrarbakka (130 m2+geymsla.), tímabundið frá 1.9. til nokkurra mán. S. 862 3503.

Heimilistæki

Ryksugukerfi
Heimili, sumarhús, fyrirtæki og stofnanir. www.rafheimilid.is Rafheimilið ehf. s. 567 8909. Hamraborg 5. Opið 09-12.

Rainbow Ryksugur
Til sölu eru notaðar Rainbow ryksugur. Yfirfarin af umboði. Ábyrgð. Uppl. í s. 893 6337.

Til sölu Gorenje eldavél 50 cm breið . Verð 12 þús. Uppl. í s. 588 4316

Til sölu ísskápur, örbylgjuofn, kaffivél og ryksuga. Uppl. í s. 865 4137.

Dýrahald

Hundaræktin Dalsmynni
Papellon hvolpar til sölu.
Upplýsingar í s. 566 8417.

Ættbókfærðir og heilsufarskoðaðir Boxer hvolpar til sölu, tilbúnir til afhendingar strax. Verð 120 þús. Uppl. í s. 456 1510 & 869 7612, skessa.dyraland.is

Snjófjalla- Enskur setter
Frábærir veiði og fjölskylduhundar. Foreldrar margverðlaunaðir bæði á sýningum og í veiði. Alsystkini úr fyrra goti komin með mjög góðar einkunnir í veiði. Allar nánari uppl. í s. 893 2655.

Alþjóðleg sýning hundaræktarfélagsins Íshunda!
Verður haldin 24 & 25 júní í reiðhöll Gusts. Byrjar báða dagana kl 11. Frítt inn fyrir börn yngri en 12.
www.ishundar.is

Persakettlingar til sölu, hreinr. & ættbókaf. Uppl. í s. 586 1486 & 868 7150.

Chihuahua hvolpar til sölu. upplýsingar gefur Anna síma 868 6058 gessi@simnet.is

Varstu að fá þér hvolp? Vantar þig leiðbeiningar um umhirðu og uppeldi? Þá er hvolpakvöld með dýralækninum fyrir þig. Uppl. Sif s. 897 1525.

Við erum tvö Chihuahua systkin, hreinræktuð án ættbókar og okkur vantar góð heimili. Sími 699 2228.

Skógarkattablandaðir kettlingar fást gefins. Fallegir, kassavanir og gæfir. Sími 8961488.

Tómstundir & ferðir

Ferðaþjónusta

Skemmtilegt, Hafsúlan hvalaskoðun.

Fyrir veiðimenn

CORTLAND
Sérfræðingar í fluguveiði
Mælum stangir, splæsum línur og setjum upp.
Sportvörugerðin hf., Skipholt 5, s. 562 8383.

Sumarhúsalóðir

Sumarhúsalóðir við Sogið
Stórar og fallegar sumarhúsalóðir með útsýni yfir Sogið í landi Ásgarðs á besta stað í Grímsnesinu.
Upplýsingar veita Valtýr 898 0801 - Sigurður 895 5786

Keypt og selt

Kæling fyrir skrifstofur og tölvurými frá Stulz
Örugg þjónusta í 20 ár!
RSR Ralstjörn ehf. Virkni loftræstikerfa er okkar lag!
Stangarhyl 1A - 110 Reykjavík - Sími: 587-8890 - www.ralstjern.is

Útivist

Sæþotuleigan ehf Grafarvogi kynnir,
Opið alla helgina, tökum vel á móti einstaklingum og hópum, steggjum og gæsum
Gerðu þér glaðan dag, gerðu eitthvað öðruvísi!
Sjáumst hress! Sími: 897 2920, www.jetski.is

Laxa og silungamaðkar til sölu uppl. í s. 557 4483 & 867 8045.

Ýmislegt

Fræðslusetrið, Hafsúlan hvalaskoðun.

Spennandi, Hafsúlan hvalaskoðun.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Björt 70fm reyklaus íbúð m. sér inng. á jarðh. til leigu í 104 á 80 þús. Uppl. í síma 896 4662.

Tl leigu einstaklingsíbúð í Mosfellsbæ frá 1. júlí n.k. S. 566 6415 og 896 0415.

2 herb. íbúð í hraunbæ til leigu frá 01.07-01.08. Verð 70 þús. Uppl. í s. 568 9242 & 699 0960.

Hús í fjallaþorpi á Spáni

Viltu vera í litlu þorpi á Spáni þar sem engir túristar eru og kynnast Spáni á annan hátt? Til leigu 130 fm hús með stórri verönd og stórkostlegu útsýni í litlu þorpi mitt á milli Granada og Cordo. Svefnpláss fyrir 6-8 manns. Uppl. í s. 698 5033 & binsina@gmail.com

Íbúð nálægt Hlemmi

Til leigu í sumar falleg 3ja herb. íbúð með húsgögnum. Uppl. í s. 698 5033 & binsina@gmail.com

Skammt. leiga til 31. ágú. Garðab., jarðhæð. Sérinng. 60 fm, kr. 65 þús. S. 895 8678.

80 fm 3 herb. íbúð til leigu í Mílanó frá miðjum júlí til lok sept. Innifalið öll húsgögn. Upplýsingar/myndir á tölvupósti irishrund@hotmail.com

Til leigu frá 1. júlí í 101 Rvk. 50 fm. íbúð á efri hæð í tvíbýli. Nýuppgerð í hólf og gólf. Leiga 75.000 + rafm. og hiti. Aðeins 100% reglusamir og umgengnisgóðir koma til greina. Uppl. sendist á Fréttabl. merkt "Óðinsgata"

Húsnæði óskast

Par utan af landi óskar eftir 2-3 herbergja íbúð í Reykjavík sem fyrst. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Nánari upplýsingar í síma 692 0484.

Óska eftir herbergi með aðgangi að snyrtingu í Hafnarfirði. S. 565 2546 & 863 2548.

Óska eftir 2 herb. íbúð á svæði 108 /109. Reglusamur og skilvísum greiðslum lofað. Uppl. í s. 699 5601, Karl.

Óska eftir stúdíó eða 2 herb. íbúð í hverfi 101-8. 50-65.000 á mán., Skilv. greiðslur. Gsm. 898 9317.

Sumarbústaður eða gamall sveitabær óskast til leigu. Má vera afskekktur en ekki meira en 2-3 klst akstur frá Rvk eða Ak. S. 845 7083, Anja.

Sumarbústaðir

Vönduð Sumarhús-Gott verð

Nýsmíðuð glæsileg sumarhús 85 fm, tilbúin til flutnings, eða komin á 7000 fm eignarlóð í Grímsnesi. Uppl. í s. 691 8842 & 698 9915.

Eignarland til sölu

7600m2 á bökkum Brúarár m. útsýni til Heklu. Skipulagt sumarbústaðasvæði í Bláskógarbyggð. Rafmagn, heitt og kalt vatn að lóðarmörkum. Verðtilboð óskast S. 891 7979.

Atvinnuhúsnæði

Til Sölu 151fm Einingahús til niðurrifs ásamt 15 fm Skúr. Allar innréttingar, gólfefni, hurðir, kerfisloft, salerni ofl. innifalið. Nánari upplýsingar í síma 860 2001.

Óska eftir skrifstofuherbergi til leigu á Reykjarvíkursvæðinu. S. 894 0031.

Verslunar/iðnaðarhúsnæði

Til leigu er 140 fm húsnæði við Smiðjuveg í Kópavogi.

Til leigu bjart og gott skrifstofu herbergi við Fiskislóð góð sameign. Uppl. í s. 897 3290.

Til leigu 300-530 fm geimslu /atvinnuhúsnæði í Garðabæ í skammann tíma, 3 mánuði. Uppl. í s. 587 8400 & 820 0310.

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

ATVINNA

Atvinna í boði

Mothers and Others!

Help needed! -Part time $500 - $2000 -Full time $2000 - $8000 - Full training www.123ibo.com
www.123ibo.com

Skemmtileg og lærdómsrík störf !

Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Reykjanesi leitar að starfsfólki til sumarstarfa sem og framtíðarstarfa. Erum starfrækt á stórhöfuðborgarsvæðinu.
Nánari upplýsingar um störfin eru veitt í síma 525 0900 og á heimasíðunni www.smfr.is

Störf í þjónustumiðstöðinni Norðurbrún

Við leitum að starfsfólki í eldhúsið hjá okkur sem er gott í mannlegum samskiptum og hefur metnað til að veita góða þjónustu. Við bjóðum upp á fjölbreytni í starfi, sveigjanlegan vinnutíma og virka þátttöku í þróun stöðvarinnar.
Upplýsingar veitir Sigríður í síma 568 6960.

Vantar þig ca. 100.000 kr. í aukatekjur

Leitum að hressu fólki í áskriftarsölu 4 kvöld í viku Allir starfsmenn fá fræðslu og gott aðhald. Hentar vel sem góð aukavinna. Ráðum ekki yngri en 20 ára. Hafðu samband, við bíðum eftir að heyra í þér !
Tímaritaútgáfan Fróði ehf. Höfðabakka 9, 110 Rvk. s. 515 5552 / annasig@frodi.is

Bifreiðastjórar ath

Iceland Excursion Allrahanda, óskar eftir að ráða bifreiðastjóra með rútupróf til aksturs hópferðabíla og fl, mikil vinna, við hvetjum konur jafnt sem karla á öllum aldri að sækja um. Upplýsingar gefur Rúnar s. 660 1303 og runar@iea.is
Upplýsingar gefur Rúnar s. 540 1313 & 660 1303 og runar@iea.is Iceland Excursions Allrahanda, er alhliða ferðaþjónustufyrirtæki í örum vexti. Við leitum að drífandi einstaklingum sem vilja vera hluti af skemmtilegum hóp í góðu starfsumhverfi.

Loftorka Reykjavík.

Óskar eftir vönum vélamanni á hjólagröfu, fæði og heimkeyrsla.
Upplýsingar í síma 565 0877.

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu. Vinnutími 07-13 og 13-18.30 virka daga og önnur hver helgi, ekki sumarvinna. Einnig vantar manneskju aðra hvora helgi, ekki yngri enn 18 ára. Umsóknareyðublöð á staðnum & S. 555 0480.

allt bílar

Uwaga kierowcy

Firma Iceland Excursions Allrahanda, oferuje prace kierowcom z prawem jazdy kategorii B,C i D do jazdy zarowno autokarami jak i autobusami miejskimi. Komunikatywna znajomosc j. angielskiego lub j. islandzkiego obowiazkowa. Silna motywacja do pracy, samodzielnosc i uczciwosc.
Jestes zainteresowany? Wszelkie informacje udziela Rúnar pod numerem telefonu 660 1303 lub droga internetowa na runar@iea.is Zadzwon, a my przedstawimy Ci szczegóły.
Iceland Excursions Allrahanda, jest szybko rozwijajaca sie, dynamiczna firma turystyczna z doswiadczeniem, ktora oferuje atrakcyjne i godne warunki pracy.

Hrói Höttur Fákafeni 11 óskar eftir duglegu starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Einnig vantar bílstjóra á nýjan Aygo í fullt starf. Reglusemi og stundvísi æskileg. Upplýsingar gefur Arnar í s. 866 5154

Skemmtileg og lærdómsrík störf!

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Ýmsar starfsprósentur. Uppl. í síma 5250900 og á www.smfr.is

Vantar fólk í ræstingarvinnu í Reykjavík, dagvinna og kvöldvinna í boði, afkastakvetjandi laun. Nánari uppl. í síma 581 4000.

Framtíðastarf. Vilt þú vinna við símsvörun? Hafðu þá samband við okkur í síma 575 1500 og fáðu frekari uppl. eða sendu okkur e-mail á vaktstjorn@skulason.is

Grillhúsið Tryggvagötu

Óskar eftir starfsfólki í sal, í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum eða í s. 696 8397. Brynja.

Grillhúsið Tryggvagötu

Óskar eftir aðstoðarmanni í eldhús í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum og í s. 696 8397 Brynja.

Knattspyrnufélagið FRAM óskar eftir íþróttakennara eða uppeldismenntuðum einstaklingi til að sjá um sumarskóla FRAM í júlí. Nánari upplýsingar gefur Þór í síma 898 8599.

Vélamaður óskast

Óska eftir vönum gröfumanni á hjólagröfu. Mikil vinna. Góð laun í boði. S. 893 8213.

Gröfumaður

E.R. Gröfur óska eftir að ráða vélamann á beltagröfu til vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 892 1301.

Aflbinding ehf, járnabindingafélag óskar að ráða vanan járnamann sem verkstjóra á vinnustað. Þarf að geta lesið teikningar, hafa frumkvæði og stjórnað mönnum. Leitað er eftir jákvæðum og drífandi einstaklingi sem getur unnið sem launamaður eða verktaki. Framundan eru mörg verkefni. Áhugasamir geta sent tölvupóst á aflbinding@simnet.is eða haft samband í síma 692 8027.

Kranamaður óskast sem fyrst. Uppl. í s. 892 1950/ 554 3722, Erlingur Snær.

Yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna dragnótarbát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Einnig vantar matsvein og háseta. Vantar yfirvélstjóra á 70 t bát sem er á humarveiðum. Uppl. í s. 892 5522.

Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Aldur 16+. Þarf að hefja störf sem fyrst. Góð laun í boði fyrir réttan mann. Umsóknir og umsögn berist til. sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

Vélamaður og bílstjóri óskast

Vélamaður óskast í fullt starf og meiraprófsbílstjóri í afleysingar. Þurfa að geta byrjað strax. Uppl. í s. 861 5577.

Vantar vana menn!

Til framtíðarstarfa. Á belta og hjólagröfu, skotbómulyftara. Allt nýleg tæki. Eigum nokkra ára starf fyrir höndum. Góður mórall. Uppl. í s. 840 4090 (gröfur), 660 3833 (sk.lyftari.).

Starfsmaður óskast til að sjá um söluturn í Rvk. Vinnutími er frá 9-18 virka daga og 10-16 á laugardögum. Reglusemi og reynsla æskileg og þarf að geta unnið sjálfstætt. Góð laun í boði fyrir rétta manneskju. Uppl. í síma 664 7408.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Leikskóli Skerjagarður Bauganesi 13 óskar e. leikskólakennara, myndlistakennara eða öðru áhugasömu starfsfólki til starfa frá og með byrjun águ. Starfað er eftir Reggio Emila. Uppl. í s. 822 1919 & 848 5213.

Ýmislegt

Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Bingó í kvöld kl. 19:15. Vinabær, Skipholti 33.

Einkamál

Símaspjall 908 6666. Ég heiti Rakel og vil vera vinkona þín og langar í gott símasímaspjall við Opið allan sólarhringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

Símaspjall 908 2020.Halló yndislegastur ég er Sandra mig langar til að vera vinkona þín kondu í símaspjall við mig. Birta er ný og mun tala við ykkur um helgina. Opið allan sólahringin, engin bið..

Daewoo Lanos 1500 SE. Árg. 2000. Nýyfirfarinn- og skoðaður. Vetrardekk fylgja. Tilb. 270.000 kr. Uppl. í síma 847 7770.

Leikir

Bingó í kvöld, allir velkomnir. Vinabær.

Töflufundur um 16 liða úrslitin í kvöld. 442 á Sýn, Þorsteinn J og Heimir Karls klukkan níu, fótbolti er skemmtilegur.

Bingó í kvöld. Vinabær.

TILKYNNINGAR

ATVINNA

allt atvinna
Alla sunnudaga

Þetta gæti tekið tíma

TIL SÖLU

Fíton/SÍA

Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

SJÓNARHORN

Tjaldur í kulda á Miklubraut.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Koi fiskadagar
í Dýralíf laugardaginn 24. júní

Rene Kruter sérfræðingur í Koi fiskum og tjarnagerð verður á staðnum og veitir faglega ráðgjöf.

Að því tilefni er 25% afsláttur til 30. júní, af Koi fiskum og öllu til tjarnagerðar.

Dýralíf.is
Stórhöfða 15
110 Reykjavík
S:567 7477

Hrefna segir yfirleitt lítið á dagskrá hjá sér á sunnudögum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SUNNU-DAGAR

Alþjóðlegur hvíldardagur

Hrefna Huld Jóhannesdóttir knattspyrnukona segir helsta ókostinn við sunnudaga vera þann að mánudagur komi daginn eftir.

Verst: „Sunnudagar eru oft slæmir því það mánudagur kemur daginn eftir og þá þarf maður víst að mæta í vinnuna aftur. Fríinu er að ljúka á sunnudögum."

Best: „Það besta við sunnudaga er hvað það er yfirleitt lítið á dagskrá svo maður getur legið í leti. Sunnudagur er alþjóðlegur hvíldardagur," segir Hrefna Huld.

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Í Reykjavík er alltaf eitthvað sem er nýjasta nýtt

Líf, fréttir og viðburðir á ensku

Vefurinn Reykjavik.com og blaðið Reykjavikmag eru nýjar upplýsingaveitur á ensku.

Þær bjóða upp á ferska umfjöllun og nýjustu upplýsingar um allt sem heimsborgin Reykjavík státar af á hverjum tíma; menningarviðburði, skemmtistaði, veitingastaði, söfn, gallerí, tísku, verslanir og næturlíf.

Nýjustu fréttir frá Íslandi

Reykjavíkmag blaðið kemur út hálfsmánaðarlega og verður dreift um alla borg. Vefurinn Reykjavík.com flytur alltaf nýjustu fréttir frá Íslandi og er stöðugt uppfærður í samstarfi við Fréttablaðið og NFS.

Be prepared,
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

birta
» FASTUR
» PUNKTUR

ASÍUÆVINTÝRI ERPS ÞÓRÓLFS EYVINDARSONAR

„Amazing thaifood“

Að vera alinn upp á Íslandi þýðir að það þarf smakka á allskonar vitleysu. Án fyrirhafnar hef ég sporðrennt tjaldi, máf, súlu, hreindýri, undrum þorramats og flestum hvala- og fisktegundum. Að vera í sveit í Skáleyjum í Breiðafirði bauð upp á flestar uppskriftir af sel og svartfugli. Ástralskir veitingastaðir um allan heim bjóða upp á emufugl, krókódíl, strút og egg úr þeim sömu. Á suður-evrópskum stöðum er auðvelt að fá froskalappir, kanínu, héra, snigla og villisvín. Á japönskum stöðum hef ég bragðað ál, síli, sverðfiskahrogn og ýmsar krabbategundir. Hér og þar hafa síðan villst upp í mann dúfur, elgir, svínsheilar og skjaldbökuegg. Fátt af þessu kemst nálægt því sem étið er grimmt í Asíu.

Erfitt að hanga svona í loftinu

Bangkok er full af götueldhúsum. Það er varla pláss fyrir gangandi fólk á gangstéttinni vegna liðs sem eldar og étur. Fólk situr á svona barnaafmælishúsgögnum úr plasti og treður í sig. Af minni reynslu er þetta það fæði í Asíu sem er öruggast með að senda þig beint á klósett. Salerni sem eru hola í stétt og að láta allt ganga upp er ekki ósvipað og bardagasenurnar úr Matrix. Erfitt að hanga svona í loftinu. En þarna var samt mættur matarvagn sem ekki var hægt að horfa framhjá enda slagorðið stórkostlegt, „Amazing Thaifood“. Boðið var upp á bland í poka af djúpsteiktum bjöllum, flugum, kakkalökkum, járnsmiðum, lirfum, smákröbbum, engisprettum, maurum og froskum. Ég keypti sekk af slíku og hafði Mekhong viskípela með til að koma stærstu skepnunum niður. Svo þessi veitingahúsarýni hljómi nú fagmannlega verð ég að lýsa aðeins þessari upplifun. Mest af þessu er djúpsteikt upp úr dýrafitu sem hafði mikil áhrif á bragðið. Maurarnir voru ferskir en bornir fram sem salat með lauk og öðru sem gaf sterkt bragð. Bjöllurnar voru frekar slakar og brögðuðust mest eins og mold. Að bjöllunum undanskildum fullyrði ég að þetta var bara fínt á bragðið. Það eru alvarlegir matreiðsluhæfileikar að geta gert mat úr einhverju sem hefur fálmara út um ennið.

Lífrænt ræktaðir kakkalakkar

Ég lít á það sem gott grín að éta rugl á ferðalögum og eru þá fáar undantekningar á fæðuvalinu. Gæti vel verið að hundur og hestur standi manninum nær en í minni kokkabók ertu annaðhvort maður (og þar af leiðandi óætur) eða tilefni til matargerðar. Margir eiga hunda, hesta og ketti og ef þeir eru skemmtilegir er engin ástæða til að éta þá. Ég vann á svínabúi og kann ágætlega að meta félagsskap svíns. Það var nú ekki mikið um mína jafnaldra í sveitinni svo það verður að viðurkennast að það var ekki mikil samkeppni við göltinn. Engu að síður, grísir eru hressir og ekki síst þegar þeir eru komnir á pönnu. Það er gangur náttúrunnar. Maður á samt

ERPUR Þ. EYVINDARSON

að vera góður við dýrin meðan þau eru á fjórum fótum ólíkt meðferðinni sem þau fá í þessum stóru „kjötverksmiðjum“ sem Vesturlönd fá mest sitt kjöt frá. Kakkalakkarnir í Bangkok voru eftir minni bestu vitund lífrænt ræktaðir og höfðu lifað góðu lífi fram að þessu. Engin eftirsjá. Ekkert vont eftirbragð.

Að deita

Sögnin að deita, í merkingunni að vera á föstu eða hitta einhvern, hefur gert sig æ meira gildandi í tungtaki ungs fólks hér á landi og sést nú jafnvel í dagblöðum og bókum. Orðið er dregið af enska orðinu „date“ í merkingunni stefnumót. Fréttablaðið kannaði hvernig sérfræðingum hugnast þetta tökuorð.

Fínt tökuorð

Mér finnst þetta ágætt tökuorð. Það fellur vel að íslensku beygingarkerfi: deita - deitaði - deitað - og fangar andann úr upprunalegu merkingunni ágætlega. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að Íslendingar deiti. **Páll Valsson, útgáfustjóri hjá Eddu.**

Ekki íslenska

Í mínum huga er þetta bara enska og Íslendingar eiga ekki að nota það. Ég skil ekki af hverju við þurfum að búa til nýtt orð í stað þess tala um að hittast eða fara á stefnumót. En ef fólk endilega vill getur það talað um að fara „á leit“ í staðinn fyrir deit. **Ólína Þorvarðardóttir þjóðfræðingur.**

Betra að hittast

Ég sé ekkert að því að taka þetta orð upp ef fólk kann að nota það. Ég nota það þó ekki sjálfur. Þetta sýnir líka hversu amerísk áhrif eru orðin ríkjandi hér á landi því einu sinni hét þetta að vera saman eða vera á föstu. Hvort það er gott eða slæmt læt ég liggja á milli hluta. Sjálfum finnst mér ágætt að tala um „að hittast“ eins og stundum var gert. **Ármann Jakobsson íslenskufræðingur.**

Verður hallærislegt

Tungumálið tekur alltaf upp orð frá öðrum málsvæðum. Það sem mér finnst skipta mestu máli er að unga fólkið talar um að deita og fellir þannig nýja orðið algjörlega að íslenskri tungu. Mér þykir sennilegt að þetta orð muni ganga meðal ákveðinna kynslóða en þyki svo hallærislegt eftir nokkur ár. Það er ekki nema lítill hluti tökuorða sem festist í málinu, þannig að ég held að það séu aðrir hlutir sem við ættum að hafa áhyggjur af. Sjálfri finnst mér þetta ekki fallegt orð og myndi frekar tala um það að hitta einhvern. **Bergljót Kristjánsdóttir, prófessor í íslensku.**

SONY

Upplifðu HM

í fullum Sony gæðum

- og taktu leikina upp á HDD upptökutæki

KDL-32S2000K
32" Sony LCD sjónvarp

Verð
19.992 krónur
vaxtalaust* í 12 mán. eða
239.900 krónur staðgreitt

KDL-40S2000K
40" Sony LCD sjónvarp

Verð
31.992 krónur
vaxtalaust* í 12 mán. eða
379.900 krónur staðgreitt

Skerpa 1300:1
Betri svartur fallegri mynd

Svartími 8ms
Tryggir skarpar hreyfingar án draugs

Panill S-PVA
Litirnir haldast þó að horft sé á tækið frá hlið

50% afsláttur
ef keypt með nýju Sony LCD sjónvörpunum

WHAT HI FI? SOUND AND VISION ★★★★★

RDR-HX710
Sony upptökutæki

Verð með HM tilboði
34.975 krónur

Verð áður 69.950,-

160GB
269 klst af fótbolta

FireWire
Ekkert mál að færa efni af tökuvél yfir á DVD

Pause live TV
Pásaðu lifandi leik ef síminn hringir

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

1

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Veisla með varanleg

Í júníbyrjun hófst menningarveisla á **Sólheimum í Grímsnesi** sem mun standa til 7. ágúst. Af því tilefni hefur ýmsu verið tjaldað til sem líklegt er að hafi áhrif á það hvernig veislugestir líta á umhverfi sitt og tilveru. *Jón Sigurður Eyjólfsson* kynnti sér hvað borið hefur verið á borð í þessari sérstöku veislu.

HAUKUR ÞORSTEINSSON Stundum gefst færi á að taka sér hlé frá verkum í trésmiðjunni og grípa í hin ýmsu hljóðfæri sem þar eru framleidd til að stytta sér stundir. Haukur er hér í góðum gír með Sólheimagítar. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Það er óhætt að segja að menningarveislan standi undir nafni því hvar sem komið er á Sólheimum verða á vegi manns góss fyrir sálina. Skammt frá kaffihúsinu Græna kannan sem er í hjarta þorpsins ber að líta nokkuð sérstaka ljósmyndasýningu. „Hagkaup gaf íbúum Sólheima einnota ljósmyndavélar," segir Óskar Jón Helgason verkefnisstjóri sem leiðir blaðamann um sýningarsvæðið sem nær um allt Sólheimaþorpið. „Svo íbúarnir tóku sér myndavél í hönd og mynduðu hvað eina sem þeir vildu og hér ber svo að líta afreksturinn." Presturinn er greinilega ljósmyndurunum hugleikinn því á mörgum myndanna skýtur hann upp kollinum. Sýningin er utandyra og eru myndirnar plastaðar inn á tréspjöldum.

Spilar Presley-lög á Sólheimagítar

Í sýningarsal Ingustofu eru fjölmörg strengjahljóðfæri af ýmsum gerðum, sýningin ber heitið Jarðhörpusálmur í tré. Til allrar hamingju er hljóðfærasmiðurinn ekki langt undan svo það er hægt að spyrja hann út í þessi sérstæðu hljóðfæri en hann starfar í trésmiðjunni og heitir Lárus Sigurðsson. „Þetta hljóðfæri er hugsað fyrir þá sem ekki spila á hljóðfæri að öllu jöfnu," segir Lárus meðan hann tekur fram litla líru í smiðjunni sem hann hefur smíðað. „Það er svo einfalt að spila á hana að það er á hvers manns færi," segir hann meðan hann rennir fingrunum um strengina og galdrar fram dulúðlega tóna. Haukur Þorsteinsson sem vinnur í smiðjunni er þó lítið fyrir þessa draumkenndu tóna og nær í gítar einn sem Lárus hefur smíðað og byrjar að rokka. „Ég spila líka Presley," segir hann að flutningi loknum. „Ég á gítar heima og stundum spila ég á kaffihúsinu fyrir fólkið," segir hann áður en hann telur í næsta lag.

Nóg er um slíka hæfileika í smiðjunni því Lárus er menntaður tónlistarmaður og hefur gefið út nokkra geisladiska og þar á meðal er diskur með lögum sem leikin er á jarðhörpu en það er sérstök harpa sem búin er til úr íslenskum við. Margar slíkar hörpur eru á sýningunni. Einnig hefur Lárus smíðað fjölmarga gítara sem hann notar svo sjálfur við tónsmíðarnar. Nú er hann að taka upp næsta jarðhörpugeisladisk sinn í kirkjunni á Sólheimum.

„Ferlið byrjar þannig að ég heyri í hljóðfærinu og svo fer ég að smíða það," útskýrir Lárus. „Þegar ég hef heyrt tóninn get ég farið að reikna út lengd strengjanna, stærð hljóðfæris og því um líkt."

BERGÞÓRA HLÍÐKVIST SKÚLADÓTTIR OG ÓSKAR JÓN HELGASON Hjónakornin ræða saman í Sesseljuhúsi sem er mjög óvenjulegt hús. Það er einangrað með ull og dagblöðum og skolpið verður að moldu. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Einangrunarefni frá flekkóttum kindum

Í umhverfissetrinu Sesseljuhúsi stendur yfir sýning sem ber heitið Að byggja og búa í sátt við umhverfið. Það er Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir, forstöðukona Sesseljuhúss, sem leiðir þar gesti í sanninn um það hvernig hægt er að búa í sem mestri sátt við umhverfið en Sesseljuhús er áþreifanlegt dæmi um það. „Það voru ekki farnar hefðbundnar leiðir við byggingu hússins heldur var leitast við að gera allt með vistvænum og sjálfbærum hætti," segir forstöðukonan. „Til dæmis eru veggir og gólf einangraðir með ull af 2.400 flekkóttum kindum. Ullin af þeim nýtist ekki eins vel til að prjóna úr svo það er mjög hagkvæmt að nota hana til einangrunar. Svo er gaman að segja þér blaðamanninum frá því að loft sýningarskálans er einangrað með pappír, meðal annars úr gömlum dagblöðum. Kannski eru þarna einhverjar greinar eftir þig," segir Bergþóra og hlær við.

Þó að efniviður hússins sé úr öllum áttum virðist ekki vera nokkur leið að reka Bergþóru Hlíðkvist á gat þegar spurt er um uppruna þeirra. Því komst blaðamaður að þegar hann spurði hvaðan efniviðurinn í gólfið væri kominn. „Þetta er lerki úr Guttormslundi í Hallormsstað," svarar hún að bragði.

Fæða orma meðan teflt er við páfann

„Þessi sjálfbæra og vistvæna stefna sem við vinnum eftir tekur á öllum þáttum," segir Bergþóra. „Og hér förum við eftir þeirri stefnu, þetta eru ekki aðeins hugmyndir sem við höfum gaman af að tala um." Við svo kveðið taldi blaðamaður að hann gæti rekið forstöðukonuna á gat og spurði hvað yrði um lífræna úrganginn. „Já, ég ætlaði einmitt að segja þér frá því," svarar hún að bragði. „Hér eru fimm klósett og skolpið fer í sérstaka skolpskilju þar sem fljótandi skolp og fast eru skilin að. Fasta skolpið fer í hólf þar sem ormar vinna á því og brjóta efnið niður svo aðeins verður eftir 5 prósent af upphaflegu rúmmáli þess. Það er skipt um hólf á þriggja mánaða fresti og eftir um það bil eitt ár er fasta skolpið orðið að mold sem hægt er að nýta til ræktunar. Fljótandi skolpinu er hins vegar veitt í tilbúið votlendi sem er hér skammt frá. Það er saman sett úr nokkrum þrepum og þegar skolpið hefur farið gegnum þessi þrep er það orðið að nær hreinu vatni." Menn sem tefla við páfann í Sesseljuhúsi geta því hugsað til þess að þeir eru í leiðinni að fæða ormana og búa til mold.

Auk þess að vera sýningarhús um vistvænar og sjálfbærar byggingar er Sesseljuhús ráðstefnuhús en þar er stór ráðstefnusalur fyrir hundrað manns og þrír fundarsalir. Sá salur sem er þó íbúunum mikilvægastur um þessar mundir er bíósalurinn en þar er hægt að fylgjast með leikjunum á HM í knattspyrnu á breiðtjaldi. Sá salur er þéttsetinn þessa dagana eins og gefur að skilja.

Náttúruverum boðið í bæ

Í svokölluðu Miðgarðstjaldi sem komið hefur verið upp við aðaltorg þorpsins er sýning í gangi sem ber heitið Þæfðar myndir, tréálfar og kynjaverur. Þar eru meðal annars myndir af hinum ýmsum kynjaverum sem gerðar hafa verið úr þæfðri ull. Það eru starfsmenn Listasmiðjunnar sem hafa gert þessar myndir undir handleiðslu Ólafs Más Guðmundssonar. Á sýningunni eru einnig dýr sem Christelle Bimier hefur gert úr íslenskum við og álfar og aðrir kyndugir karlar sem Lárus Sigurðsson hefur hannað. Lárus segir að þessar verur verki mjög sterkt á fólk þótt ekki skipi þær jafn veigamikinn sess í lífi okkar Íslendinga eins og áður. „Því er þessi sýning hugsuð sem leið til að boða þessar náttúruverur og gömlu góðkunningja íslensku þjóðarsálarinnar aftur til okkar," segir þúsundþjalasmiðurinn en þetta samspil manna og

GUÐLAUG JÓNATANSDÓTTIR Á KYNJAVERASÝNINGUNNI Þjónninn á Grænu könnunni gaf sér tíma til að kíkja á kynjaverurnar á sýningunni Þæfðar myndir, tréálfar og kynjaverur, en þar eru náttúruverur boðnar til byggða. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

JARÐHÖRPUSÁLMUR Í TRÉ Mörg forvitnileg hljóðfæri er að finna á sýningunni Jarðhörpusálmur í tré í Ingustofu. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



Eiga sjaldnast skap saman

Hinn djúpstæði munur á menningarheimum múslima og Vesturlandabúa kristallaðist í könnun sem Pew-stofnunin í Bandaríkjunum gerði í fimmtán löndum og kynnt var í fyrradag. Múslimum finnst Vesturlandabúar gráðugir, siðlausir og sjálfselskir, en Vesturlandabúum finnast múslimar hrokafullir, ofbeldishneigðir og þröngsýnir.

Hvor hópurinn kennir hinum um andúðina. Til dæmis telja múslimar fárið vegna skopmyndanna af Múhameð spámanni í danska blaðinu Jótlandspóstinum vera tilkomið vegna vanvirðingar Vesturlanda á trúarbrögðum múslima. Vesturlandabúar telja að upphafið megi rekja til þröngsýni múslima.

Meirihluti aðspurða sagði tengsl menningarheimanna tveggja almennt slæm, en stuðningur múslima við hryðjuverk fer hríðminnkandi samkvæmt könnuninni. Meirihluti í múslimaríkjunum telur að með Hamas við stjórnvölinn á sjálfstjórnarsvæðum Palestínumanna muni lausn fást í deilunni við Ísraela, en Vesturlandabúar samsinntu því ekki. Mesta andúðin á múslimum mældist í Frakklandi og Þýskalandi, en almenn andúð á gyðingum er sem fyrr til staðar hjá múslimaþjóðum.

Athygli vakti að meirihluti aðspurðra í Tyrklandi, Indónesíu, Egyptalandi og Jórdaníu trúir ekki að múslimar hafi verið viðriðnir hryðjuverkin 11. september 2001.

- sgj

DANSKI FÁNINN BRENNDUR Þessa sýn hefur meirihluti Vesturlandabúa á hinn íslamska menningarheim. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

áhrif

náttúru er mönnum afar hugleikið á Sólheimum.

Tónleikar á Sólheimum

Á meðan veislan stendur yfir verða haldnir tónleikar á hverjum laugardegi í Sólheimakirkju. Meðal tónlistamanna sem troða upp eru Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson, Vallagerðisbræður, Trió Árna Heiðars og Renaissance brass en það er hljómsveit skipuð tónlistarmönnum víðs vegar af úr heiminum. Um 200 manns rúmast í kirkjunni sem nýlokið er við að reisa.

En menningarhjarta Sólheima slær alla jafna einna örast í kaffihúsinu Græna kannan en þar eru oftsinnis haldnir tónleikar um helgar og jafnvel leiksýningar.

Það má reyndar segja að varanleg menningarveisla sé ríkjandi á Sólheimum því þar er að finna höggmyndir eftir marga af þekktustu höggmyndlistarmönnum landsins. Má þar nefna Ríkharð Jónsson, Ásmund Sveinsson og Gerði Helgadóttur.

Það má því ljóst vera að enginn fer vannærður frá þessu veisluhöldum.

LÁRUS SIGURÐSSON Í TRÉSMIÐJUNNI Hér er Lárus að smíða lírur sem allir geta leikið á jafnvel þótt tónlistarhæfileikar séu af skornum skammti.



Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.
* Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

GÖTURNAR Í LÍFI MÍNU Guðjón Davið Karlsson leikari

GUÐJÓN DAVIÐ KARLSSON Hefur búið í miðbæ Reykjavíkur nær alla sína tíð en er nú fluttur norður á Akureyri og er yfir sig hrifin af Norðurlandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLLBERGMANN

Byrjaði í hitakassa á Landspítalanum

Guðjón Davið Karlsson er ungur og upprennandi leikari. Hann útskrifaðist frá Leiklistarskólanum fyrir ári síðan og hefur leikið með leikfélagi Akureyrar í allan vetur. Þar hefur hann slegið í gegn í leikritunum „Fullkomið brúðkaup“ og „Litla hryllingsbúðin“ sem leikfélagið sýndi norðan heiða í vetur og hafa sýnt í Borgarleikhúsinu í sumar. Hann er nú kominn í smá frí frá sviðinu en hefur í nógu að snúast við að talsetja teiknimyndir og í júlí ætlar hann að skella sér í langþrátt frí í sólina þar sem tilgangurinn er að hlaða rafhlöðurnar fyrir komandi leikár.

Leifsgata 16:
Þangað lá leiðin frá hitakassanum á Landspítalanum og bjó ég þar í tvö ár. Ég man nú lítið eftir því en þó man ég eftir bílnum sem við áttum, sem var brúnn Austin Allegro.

Þórsgata 18a:
Foreldrar mínir byggðu þar fallegt parhús sem við fluttum inn í árið 1982. Fljótlega seldu þau Allegróinn og ég hef sjaldan grátið jafn mikið. Þetta er æðisleg gata og frábært að búa svona miðsvæðis. Ég var á leikskólanum Grænaborg sem er í þriggja mínútna fjarlægð og í Austurbæjarskóla sem er í fimm mínútna göngufæri frá Þórsgötunni. Ég endaði með að fara í Kvennaskólann sem er innan sama radíus og hinir tveir viðverustaðir mínir.

Auburn 10627SE 293rd, Washington, USA:
Þegar ég var átta ára fluttum við til Bandaríkjanna og bjuggum þar í eitt ár. Auburn er úthverfi Seattle og er næstum því sveit. Það var skógur í kringum garðinn okkar sem var fullur af sléttuúlfum og vaknaði maður oft upp á nóttunni við ýlfrið í þeim.

Þórsgata 18a:
Þangað fluttum við aftur eftir dvöl okkar í Bandaríkjunum.

Bergstaðastræti:
Árið 1998 fluttum við þangað og þar búa foreldrar mínir enn. Gatan er í sama hverfi og Þórsgatan nema leið mín í Kvennó styttist um eina mínútu og ég var því alltaf með 100% mætingu.

Fannagil 23:
Þetta er efsta gatan á Akureyri og þar bjó ég í fyrra ásamt kærustunni minni Ingu. Við fluttum norður í fyrravetur og okkur líkar frábærlega við þennan fagra bæ. Við bjuggum í fallegu raðhúsi og urðum bæði yfir okkur hrifin af staðnum og fólkinu fyrir norðan. Við hlökkum til að fara þangað aftur í haust.

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

allt
tilboð
Alla föstudaga

TAKTU ÞÁTT!
Leystu krossgátuna! Þú gætir unnið þriggja mánaðar áskrift að Tónlist.is, stærsta tónlistarsafni landsins!
Þú sendir SMS skeytið
JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ
á númerið 1900!
Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA LAUSN JON.
TONLIST.IS
99 kr/SMS
Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12.

					22 MP & BH	SÁTT	STEIN-TEGUND	SLITINN		FUGL	RYKKORN	VAFRA	EFTIRSJÁ			
					FLYSJARI											
					LÍFSHLAUP				RÆNU-LEYSI / HRINDING							
					VERA ÓVISS Í TALI / FET						FRÚ / NESTIS-POKI			BORG	FRUMEIND	↓
	↓	LÍK	ILMUR	ERFIÐI / FROST-SKEMMD					1	SKORDÝR / TJÓN						
NASL						FENNA / HEIMILI						TÓNN / SVELG		2		
ÝTAR-LEGRI				4			GAUR / REKKJA						BLUNDUR / BLÓÐ-ORMUR			
		SPAUG / LANDA-MERKI						LEIÐINDA-PÉSI / BETL						SKÓLI / ÚTDEILDU	3	
HLJÓMA				HVÆS / GYÐJA					BOTNFALL / KORTABÓK						VITLAUST	
ARMUR					ÚT / TITRAÐI						ENDUR-TEKNING	LÍKAMS-PARTUR / NÚMERA				
KLUKKA			KLAKI / NÚLL			HOLA / BÁRA				SETJA RÖNDUM / TIL	5					STEIN-TEGUND
TUNGU-MÁL							SKÍFA / BEITA						LÍÐA VEL / EFNI			
				FÆÐA				YFIRSTÉTT / ÖFUG RÖÐ						TVEIR EINS / VÖRU-MERKI		
										NÍSTA						
				UPP-GÖTVAÐI					GLJÁI							

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net



Athyglisverð fjölskylda...

Fitton/SIA

* GILDIR UM ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING.

NÝ MYND*
+ ELDRI MYND
+ 3 DJÆFPINNAR
Í HEIMILISPAKNINGU
KR. 790,-
emmessís
ALLA SUNNUDAGA

SUNNUDAGAR ERU
ÍSDAGAR

FRÍTT
MEÐ BARNAMYNDUM
emmessís
ALLA SUNNUDAGA

BÓNUSVÍDEÓ
Leigan í þínu hverfi

STUÐ MILLI STRÍÐA: Fótboltafár

ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR FÉKK LOKSINS ÍÞRÓTTAANDANN BEINT Í ÆÐ

Einu sinni í viku breyti ég um ham og læðist inn í annan menningarheim. Ég sit í tvo klukkutíma og horfi á stráka sparka tuðru. Sama hvernig viðrar og hvernig sem staðan er tek ég frá tíma til að fylgjast með sveittum folum spranga um völlinn. Mikill hiti er innan vallarins sem utan og oftast yfirgnæfa gagnrýnisraddir gamalla spekinga í átt að dómurum og leikmönnum, hvatningarhróp stuðningsmanna.

Núna í vikunni fór ég á skemmtilegan jafnteflisleik. Leikur þar sem engin mörk eru skoruð getur varla verið skemmtilegur hugsa kannski margir, en stuðningsmenn mótherjaliðsins áttu hug minn allan í þessum leik. Þarna var samansafn af skemmtilegum einstaklingum sem styðja menn sína til dáða sama hvað gerist og syngja hástöfum glaðbeitta söngva við hvert tækifæri. Öll stúkan tók undir og virtust allir vera búnir að leggja á minnið flotta texta við gömul dægurlög um hvern leikmann.

Ég upplifði annarskonar reynslu í öðrum leik en þar virtust stuðningsmenn viðkomandi liðs ekki gera annað en að gagnrýna leikmenn síns liðs í stað þess að hvetja þá til dáða. Þeir settu sig í stellingar og hrópuðu ókvæðisorð á nánast alla sem tóku þátt í leiknum. Auðvitað voru úrslit leiksins í samræmi við stuðning áhorfenda, tap fyrir neikvæðu raddirnar á hliðarlínunni. Stuðningsmenn skipta miklu máli og þarf ég vart að taka það fram að glaðbeittu söngvararnir eru stuðningsmenn meistaranna í deildinni.

Í síðasta leik fékk ég loksins að sjá með eigin augum þennan jákvæða íþróttaanda sem ég er búin að vera að leita að og allir íþróttamenn tala mikið um. Sem antisportisti hef ég ekki almennilega skilið hvað er svona gaman við að æfa á hverjum einasta degi og keppast svo um að ná titli. En ef þetta er gamanið við íþróttir þá er ég farin að söngla mér upp á toppinn með bros á vör.

myndasögur



* Skv. Fjölmiðlakönnun Gallup maí 2006.

Fíton/SÍA

Auglýsing í Fréttablaðinu virkar einfaldlega betur

Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* **lesa 40% fleiri Íslendingar undir 50 ára Fréttablaðið** en Morgunblaðið. Með einni birtingu í Fréttablaðinu getur auglýsingin þín náð til 68,3% þjóðarinnar sem er meira en nokkur annar fjölmiðill á Íslandi getur boðið. Auglýsingu þinni er best borgið í því dagblaði sem flestir lesa.

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

16.00
Þremenningasambandið, klassískt tríó skipað stúlkum á nítjánda ári, spilar verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Beethoven og fleiri á stofutónleikum í Gljúfrasteini.

menning

menning@frettabladid.is

Lady & Bird komin út í Bandaríkjunum

Plata hljómsveitarinnar Lady & Bird er komin út í Bandaríkjunum. Lady & Bird er hliðarverkefni Barða Jóhannssonar og Keren Ann Zeidel og hefur plata þeirra nú þegar komið út í flestum löndum utan Bandaríkjanna.

Nýstofnað útgáfufyrirtæki Keren gefur út plötuna en annars staðar hefur hún komið út á Labels sem er undirfyrirtæki EMI/CAPITOL. Er það einnig með sveitir á borð við Daft Punk og Röyksopp á sínum snærum. Plata Lady & Bird var víða á listum yfir bestu plötur ársins í Frakklandi árið 2003. Fyrstu viðbrögð við útgáfunni í Bandaríkjunum hafa verið góð. Útvarpsstöðin KCRW, sem er leiðandi útvarpsstöð í Los Angeles, er komin með lagið Walk Real Slow í spilun og eru fleiri útvarpsstöðvar að taka við sér. Fjallað var um plötuna í helstu blöðum og tímaritum þar vestra svo sem Boston Globe, Entertainment Weekly, Time Out New York, Bust, Billboard Magazine og dómar verið prýðilegir.

LADY AND BIRD Plata sveitarinnar er komin út í Bandaríkjunum.

Alveg brilljant skilnaður
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur um allt land.
Hella
Safnaðarheimilið
28. júní
Miðasala: 487-7710, 892-5912
Landsbankinn
Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar
FIM. 29. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 30. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK !
„Besta söngleikjauppfærsla ársins"
S.S - Fréttablaðið
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN

Footloose
29. júní Frumsýning – Uppselt
30. júní – Örfá sæti laus
1. júlí – Uppselt
6. júlí – laus sæti
7. júlí – laus sæti
8. júlí – laus sæti
Á ÞAKINU
Miðasalan er í síma 568 8000
www.borgarleikhus.is
www.minnsirkus.is/footloose

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00
UNDIR SJÖSTJÖRNU
Í kvöld sun. 25/6 örfá sæti laus. Japönsk gestasýning.
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Sala hafin á sýningar í september. Lau. 2/9, sun. 3/9, fös. 8/9, lau. 9/9.
KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Í kvöld sun. 25/6 uppselt. Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 örfá sæti laus.
LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30 TIL KL. 20:00. MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200.
SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Bráðnandi ís og Bobby í Dallas

Margir listamenn beita ekki aðeins list sinni í fagurfræðilegum tilgangi, heldur finna henni jafnframt pólitískan farveg. Ragnar Jónasson og Sólveig Einarsdóttir eru ungt listafólk sem fetar þennan veg í nýrri sýningu sem nefnist Blobby.

RAGNAR JÓNASSON LISTAMAÐUR Bobby Irwing í Dallas er holdgervingur þeirrar firringar sem einkennir auðmagnssamfélagið.

Þau standa fyrir opnun sýningarinnar Blobby í Gallerí Vesturvegi í Skaftafelli, en þar stendur nú yfir metnaðarfull menningar- og listadagskrá. Listamönnunum bauðst að taka þátt í dagskránni og að sögn Sólveigar ákváðu þau að slá til. „Í verkum okkar erum við að fást við mjög svipaða hluti þó að nálgunin sé ólík og efniviðurinn sem við vinnum með hvort af sínu sauðahúsinu. Ég vinn til dæmis með sérstakt plastefni sem sýnir bráðnandi ís, en Ragnar vinnur aftur einvörðungu með málningu án nokkurs striga. Bæði verkin leitast þó við að lýsa sömu fyrirbærunum sem eru afleiðing ýmiss konar ofvaxtar í velmegunarsamfélagi nútímans," útskýrir Sólveig.

Hún segist mikið hafa unnið með sælgæti í öllum verka sinna en undirstrikar hversu erfitt efni það er að vinna með, enda ljóst að lífstími þess er ekki langur. „Mig langaði engu að síður að halda áfram að vinna með þessa hugmynd og því ákvað ég að búa til varanlegan skúlptúr af ís úr plastefni, enda hefði listaverkið vart enst út daginn á listasafni hefði ég notast við raunverulegan ís," segir Sólveig og hlær.

Hugmyndin að baki verkunum, að sögn Sólveigar, felst í því að finna samhengi milli gróðurhúsaáhrifa, velmegunar í þjóðfélaginu og ísmenningar Íslendinga. „Við erum að velta því fyrir okkur hvernig hagkerfi nútímans kallast á við gróðurhúsaáhrif og ofgnótt af ýmsu tagi sem kapítalískt samfélag hefur getið af sér. Verk okkar Ragnars tengjast á þann hátt að bæði sýna þau lekandi fyrirbæri, það sem er á hverfanda hveli. Mitt sýnir ís að bráðna og verk Ragnars er mynd af fyrrverandi olíuhetjunni, Bobby úr sjónvarpsþáttunum góðkunnu, Dallas. Verkið sýnir olíukappann í lekandi formi, þar sem allir andlitsdrættir eru um það bil að hverfa í tómið."

Hún segir nafngift sýningarinnar Blobby einmitt vera tilkomna af merkingunni „að eitthvað leki og hafi óræða lögun. Orðið blobb stendur einmitt fyrir þetta, en hugtakið vísar þannig bæði í lekandi ísverk mitt og verk Ragnars sem er andlitsmynd af góðvininum Bobby í óræðri lögun."

Ragnar segir það rétt að hann vinni með málningu á plasti, sem síðan er flett af þannig að eftir stendur þykk plastmálning sem unnt er að skoða á tvo vegu. „Verkið sýnir mynd af Bobby Ewing þar sem hlutar af andliti hans, nef og augu, eru að leka. Við erum í raun að fjalla um umfram hluti eða ofgnótt þeirra en eins og gildir um málningu sem of mikið er af fer hún að leka, þannig rennur það sem of mikið er af einhvern veginn út í sandinn," útskýrir Ragnar.

Sá pólitíski undirtónn sem einkennir verkin, að hans sögn, tekur á þeirri sturlun sem í raun einkennir auðmagnssamfélög samtímans. „Við erum farin að kaupa alltof mikið af umfram hlutum og Boddy Ewing í Dallas er frábær holdgerving þessarar firringar," segir Ragnar. „Við Sólveig erum að velta upp þeirri spurningu hvort heimurinn sé bráðnandi ís sem enginn vill borða lengur, afskiptur líkt og olíulindir í Texas. Spurningin er sú hvort bráðnun íssins sé afleiðing ofvaxtar sem tekur á sig mynd manna eins og Bobby," segir Ragnar að lokum.

SÓLVEIG EINARSDÓTTIR LISTAKONA Bráðnandi ís er tákn um ýmiskonar ofvöxt í velmegunarsamfélagi samtímans.

bryndisbjarna@frettabladid.is

Sex metra hljóðlistaverk í miðborginni

Hitt húsið stendur fyrir verkefninu Skapandi sumarstörf fyrir ungt listafólk. Alls munu sjötíu ungmenni setja svip sinn á borgina í sumar og gleðja gesti og gangandi með verkum sínum.

Að sögn Ásu Hauksdóttur, deildarstjóra menningarmála hjá Hinu húsinu, verður listafólkið á ferð og flugi um alla borg í sumar. „Þau koma síðan saman í miðborginni þrjá föstudaga í sumar þar sem allir hóparnir leggja list sína á borð fyrir áhorfendur en það köllum við föstudagsflipp.“ Tvær ungar myndlistarkonur, Eva Ísleifsdóttir og Katrín Inga, eru meðal þátttakenda í Skapandi sumarstörfum og sýndu þær verk sitt í Pósthússtrætinu fyrir helgi.

„Það er svo títt með alla list að almenningur getur ekki tengst henni með neinum virkum hætti heldur er hann hlutlaus og óvirkur áhorfandi. Þessu vildum við breyta með okkar verki og því gengum með þá hugmynd í maganum að hanna verk sem væri aðgengilegt öllum.“

Katrín Inga segir þetta verk vera hljóðskúlptúr sem beri nafnið Hljóðvirki til samskipta. „Hugmyndin að baki listaverkinu er sú að það losi um hömlur samborgaranna til að tjá sig. Þetta er í raun áskorun á fólk að virkja sköpunargleðina í sér en hún býr í öllum,“ bætir Katrín Inga við.

„Hljóðverkið er gríðarlega stórt eða allt að sex metrar að lengd en það skiptist í þrjá hluta. Fyrsti hluti þess fæddist 17. júní og var afhjúpaður í miðbæ Reykjavíkur en það er tveir og hálfur metri að lengd. Það var gríðarleg stemming sem skapaðist við opnunina og við vorum kampakátar með viðbrögð gesta,“ heldur Katrín Inga áfram. Hún segir verkið búið til úr fjórum strengjum sem settir eru í risastóran kassa sem sé eins og bassi.

Annar hluti hljóðverksins segir Katrín Inga vera risastórar trommur sem þær muni afhjúpa þann 7. júlí á Laugaveginum. „Þá mun fjöldi fólks geta fengið útrás fyrir að hamra á trommur með berum höndum,“ segir hún hlæjandi. „Að síðustu leggjum við áherslu á raddir eða þann 14. júlí, en þann hluta fyllum við með hljóðnemum svo að fólk geti fengið útrás með raddböndunum.“ - brb

UNGAR LISTAKONUR Katrín Inga og Eva með hljóðlistaverkið sitt.

HALLDÓR GUÐMUNDSSON
> SKRIFAR UM BÓKMENNTIR

Skáld og stjórnmál

Sambúð rithöfunda og stjórnmálamanna er merkilegt viðfangsefni og vakti einatt harðar deilur á síðustu öld. Það er friðvænlegra yfir þeim umræðum nú hér á Vesturlöndum, sumpart vegna þess að þessir hópar láta sér hvor annan í léttu rúmi liggja, sumpart af því að bókmenntir hafa ekki jafn miðlæga stöðu í sjálfsvitund fólks og þær höfðu áður. Þó eru enn dæmi þess sem betur fer, líka hérlendis, að rithöfundar hafi merkjanleg áhrif á pólitíska umræðu – eins og þegar Hallgrímur Helgason bjó til hugtakið um bláu höndina og Andri Snær skrifaði um Draumalandið. En það er – líka sem betur fer – ekki sama heift í umræðunni og á árum áður, þegar menn hreyttu skömmum hver í annan í samanbitinni beiskju kalda stríðsins.

Millistríðsárin

Samband stjórnmála og skálda var þó örugglega flóknast, og afleiðingar þess afdrifaríkastar, á millistríðsárunum, þessum stórsóknartíma stéttastjórnmála. Það var ekki bara að skáldin hafi heillast af og látið berast með fjöldahreyfingum tímans, heldur voru stjórnmálamenn vel meðvitaðir um áhrifamátt hins ritaða orðs áður en aðrir miðlar tóku völdin. Orð voru til alls fyrst, og rithöfundar höfðu orðið. Stalín kallaði þá verkfræðinga sálarinnar og vildi virkja þá í þágu sinna þjóðfélagslegu stórframkvæmda og Hitler lék sínu eitraða peði, Göbbels, á taflborði bókmenntanna og lét sameina öll höfunda-, útgáfu og bóksalafélög undir hans stjórnsýslu.

Lesendur sem höfðu kannski dáð suma sagnamenn fyrir mannúð og skilning sáu þá allt í einu komna í herbúðir þessara óálitlegu einræðisherra. Knut Hamsun, höfundur Viktoríu og Gróðurs jarðar, studdi stjórnvöld nasista jafnvel eftir að þau hernámu Noreg og Romain Rolland, sem hafði skrifað af svo miklum skilningi um hinn einræna listamann van Gogh, var orðinn sendiboði Stalíns. Íslendingar fóru ekki varhluta af þessu: Þórbergur Þórðarson og Halldór Laxness hylltu Sovétríkin á einræðistíma Stalíns, og Guðmundur Kamban og Gunnar Gunnarsson gáfu í hæsta máta hæpnar yfirlýsingar um ágæti þýskra stjórnvalda eftir valdatöku Hitlers, þótt þeir síðarnefndu hafi ekki gengið jafn langt og þeir fyrrnefndu.

Orð voru til alls fyrst, og rithöfundar höfðu orðið. Stalín kallaði þá verkfræðinga sálarinnar og vildi virkja þá í þágu sinna þjóðfélagslegu stórframkvæmda og Hitler lék sínu eitraða peði, Göbbels, á taflborði bókmenntanna og lét sameina öll höfunda-, útgáfu og bóksalafélög undir hans stjórnsýslu.

Jóhann Jónsson

Sá sem skoðar bókmenntasöguna á millistríðsárunum verður því auðveldlega gripinn efasemdum um pólitíska glöggskyggni skálda. Þeim mun merkilegra er að rekast á menn sem héldu haus í þessum ólgusjó. Einn þeirra, skáldið Jóhann Jónsson, vinur Þórbergs, Gunnars og Halldórs, bjó í Þýskalandi; var þar rúmliggjandi berklasjúklingur síðustu árin fyrir valdatöku nasista uns hann lést 1. september 1932. Árið 1930, eftir kosningar í Þýskalandi þar sem nasistar fengu tæpan fimmtung atkvæða og urðu næst stærsti flokkurinn, skrifaði hann vini sínum Gunnari Gunnarssyni: „Við, sem erum þeim örlögum háðir, að hafa fengið lífsskoðun okkar í skóla gömlu menningarinnar, sem leið undir lok 1914, verðum aldrei annað en framandi menn í okkar eigin lífi“. Hann á ekki samleið með kynslóð sem ólst upp við hungur og verðbólgu og lítur á skaðræðismanninn Hitler sem foringja, fellur fyrir hatri og pólitískum frösum, þetta fólk hefur enga hefð, enga andlega reynslu, ekkert lifandi samband við andlega fortíð þjóðar sinnar, skrifar Jóhann. Nálgun hans minnir einna helst á afstöðu Stefans Zweig einsog hún kom fram í bók hans Veröld sem var. Það kann að vera að sambýliskona Jóhanns, þýska leikkonan Elisabeth Göhlsdorf sem var virk í menningarfélögum þýska sósíaldemókrata, hafi haft þarna áhrif. En dæmi hans sannar þann lærdóm sem hægt er að draga af sambúð rithöfunda og stjórnmálaafla á 20. öld: Þau skáld hafa sloppið best frá henni sem héldu sér í gagnrýninni fjarlægð frá valdinu og handhöfum þess hvort heldur er á sviði peninga eða pólitíkur. Reyndar á sama einnig við, að breyttu breytanda, um ritstjórnir dagblaða.

FLÍS OG BOGOMIL Fyrsta plata Flís og Bogomils Font, Bananaveldið, kemur út eftir tvær vikur.

Fyrsta platan í ellefu ár

Bogomil Font hefur lokið upptökum á sinni fyrstu plötu í ellefu ár með tríóinu Flís. Platan nefnist Bananaveldið og er væntanleg í búðir eftir um það bil tvær vikur.

„Þetta verða gamlir kalypsóar frá Trínidad í nýjum búningi með íslenskum textum. Þetta er lífsglöð og sprellgjörn tónlist sem menn eins og Harry Belafonte eru þekktir fyrir,“ segir Sigtryggur Baldursson, hægri hönd Bogomils Font. „Eitt af einkennum þessarar tónlistar er afskaplega fyndnir og oft á tíðum óvenjulegir textar. Við létum íslenskuna kenna á því með þessa texta. Sumum er snarað beint yfir úr frummálinu en sumir fá nýtt innihald í takti tíðarandans,“ segir Sigtryggur. „Þetta er svona þjóðfélagsgagnrýni og góðlátlegt nöldur. Það er mikið til verið að nöldra yfir veðurfarinu og óþrifnaði kvenna. Þarna er kvenfyrirlitning og skepnuskapur í hverju horni. Ég reikna nú með að hlustendur sjái í gegnum þetta endar eru þetta flest hálfgerð öfugmæli,“ segir hann.

Sigtryggur kynntist meðlimum Flís eftir að hafa verið nágranni þeirra í æfingahúsnæði Klink og Bank. Gaukaði hann þá að þeim afritum af 78 snúninga plötu með Roaring Lion, sem er einn af kalypsó-kóngunum sem voru uppi snemma á síðustu öld. „Strákarnir í Flís tóku af mér loforð um að leyfa Bogomil að gera með sér plötu. Þetta er fyrsta plata kallsins í ellefu ár síðan hann gerði plötuna Kurt Weill. Hann er í þessu „historical“ dæmi,“ segir Sigtryggur, sem bætir því við að samstarfið með Flís hafi verið mjög skemmtilegt.

Flís, sem er skipuð þeim Davíð Þór Jónssyni, Valdimar Kolbeini Sigurjónssyni og Helga S. Helgasyni, gaf á síðasta ári út plötuna Vottur með lögum sem Haukur Morthens gerði vinsæl á sínum tíma. Naut platan mikilla vinsælda og hlaut einróma lof gagnrýnenda. Margir bíða því eflaust spenntir eftir samstarfi Flísar og stuðboltans Bogomils, sem sló í gegn á sínum tíma með Milljónamæringunum.

Flís og Bogomil munu kynna plötuna í fyrsta sinn á Akureyri þann 6. júlí og daginn eftir verða þeir á Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði.

freyr@frettabladid.is

Tónleikar í Fossatúni

Tónleikar verða haldnir í Fossatúni í dag. Sungin verða lög af plötunum Íslensk ástarljóð sem kom út sumarið 2004 og Íslensk ástarlög sem kom út fyrr í sumar. Eru þetta útgáfutónleikar síðarnefndu plötunnar, sem er nú í efsta sæti Tónlistans yfir vinsælustu plötur landsins.

Tónleikarnir verða í beinni útsendingu á Rás 2 frá klukkan 16.05 og sér Margrét Blöndal um útsendinguna.

RAGNHEIÐUR GRÖNDAL Söngkonan Ragnheiður Gröndal syngur í Fossatúni í dag.

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

JUST MY LUCK	kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20
R.V.	kl. 1.30, 3.40, 5.50, og 8
THE OMEN	kl. 10.10 B.I. 16 ÁRA
X-MEN 3	kl. 1.30, 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA
DA VINCI SÝND Í LÚXUS	kl. 3, 6 og 9 B.I. 14 ÁRA
RAUÐHETTA M / ÍSL. TALI	kl. 1.30 og 4
ÍSÖLD M / ÍSL. TALI	kl. 1.30 og 3.30

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

JUST MY LUCK	kl. 3, 5.40, 8 og 10.20
R.V.	kl. 3 og 5.50
TAKE THE LEAD	kl. 8 og 10.30
THE OMEN	kl. 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 3, 6 og 9 B.I. 14 ÁRA
RAUÐHETTA M/ ÍSL TALI	kl. 3 og 6

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

JUST MY LUCK	kl. 6, 8, og 10
R.V.	kl. 4 og 8
THE OMEN	kl. 10 B.I. 16 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 5.15
RAUÐHETTA M/ ÍSL TALI	kl. 3.45

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíó merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

IRON MAIDEN Komnir með nýja plötu sem margir hafa beðið eftir.

Iron Maiden með nýja plötu

Rokkhljómsveitin Iron Maiden hyggur á útgáfu nýrrar plötu í byrjun september. Sveitin hófst handa í lok árs 2005 við að semja efni á nýja plötu. Það var ekki síst að þakka góðum móttökum á tónleikaferðalagi um allan heim að sveitin ákvað að semja nýtt efni.

Sveitin hefur unnið að upptökum og útsetningum með Kevin „Caveman“ Shirley í Sarm West hljóðverinu í London. Shirley hefur nú stýrt upptökum á þremur plötum sveitarinnar.

„Dýrið er snúið aftur. Ég fann hvernig við smullum saman við upptökur á þessari plötu,“ segir Shirley. „Við eyddum tveimur mánuðum saman í hljóðverinu. Að stjórna upptökum hjá Iron Maiden er eins og að reyna að hemja loðfíl úr Stjörnustríðsmyndunum. Það er ekkert sem stoppar það.“

Hopkins leikur Brando

Sir Anthony Hopkins mun leika Marlon Brando í nýrri mynd sem byggð verður á lífi leikarans. Hopkins mun leika Brando á sínum eldri árum og þarf því væntanlega að bæta á sig nokkrum kílóum. Brando var um 175 kíló þegar hann dó, fyrir tveimur árum, og þarf Hopkins því að borða töluvert af ruslfæði til að ná upp í þá þyngd.

„Myndin er um líf Brandos og Anthony er þegar kominn á sérstakan matarkúr til að ná réttri þyngd. Hann á enn nokkuð langt í land,“ sagði einn af aðstandendum myndarinnar. „Hann mun líka klæðast sérsaumuðum búningi svo hann líkist Brando.“ Meðal þeirra sem koma til greina að leika Brando á yngri árum eru Ryan Phillipe og Billy Zane. Hopkins er sem stendur að leikstýra myndinni „Slipstream.“

ANTHONY HOPKINS Þarf að bæta á sig nokkrum kílóum til að líkjast Marlon Brando á efri árum.

MARLON BRANDO Var orðinn nokkuð þéttur á velli þegar hann dó.

Sápukúlur á sólríkum degi

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Þessir piltar eru ansi þekktir heima í Frakklandi. Það ætti því kannski ekki að koma neinum á óvart að heyra að þetta popprokk sé mjúkt sem ostur, og sætt sem vín. Þetta er þriðja breiðskífan á sex árum og mun vera sú poppaðasta til þessa.

Útsetningar eru mjög strípaðar og lögin grípandi. Hér er ekki þunglyndi á ferð, heldur frekar reynt að beisla uppsveifluna. Eitt besta lag plötunnar, Consolation prizes, nær að fanga sólarljósið svo einstaklega vel og það kæmi mér ekkert á óvart að heyra það í gallabuxnaauglýsingu, þar sem hamingjusamar fyrirsætur blása sápukúlur á sólríkum degi. Nokkuð skothelt popplag sem gæti alveg eins verið úr smiðju The Magic Numbers.

Sveitin hefur verið þekkt fyrir það hér áður að blanda saman diskó við indírokk, en það er ekki mikið af því hérna. Hér eru lögin keyrð áfram af Strokes-legum rythmagítar sem hamrað er á grípandi hljómum án þess að nokkurn tímann sé ýtt á bjögunarpedalinn. Lögin eru öll stutt og hnitmiðuð, aðeins eitt þeirra er lengra en þrjár og hálfa mínúta. Platan rennur því í gegn, án þess að maður standi sjálfan sig að því að geispa af leiðindum.

Annað fínt lag er Long Distance Call, sem er frábærlega útsett. Laglínan látin liggja nær nakin ofan á einföldum takt í söngerindum þar til að einfalt tveggja strengja gítarspil stelur senunni.

Þetta er sæmilegasta plata sem ætti ekki að fara í taugarnar á neinum. Allt nokkuð vel fægt og kurteist. Kannski er það einmitt af sömu ástæðu að þetta verður aldrei tímalaus klassík. Þessi plata er ekki þess eðlis að eiga nokkurn tímann eftir að vekja upp of sterkar tilfinningar hjá hlustendum. Engu að síður, þægileg og vel unnin poppuð heild sem á skilið þá athygli sem hún hefur hlotið í erlendu pressunni. Hér er ekki slappt lag að finna, geri aðrir betur.

PHOENIX: IT´S NEVER BEEN LIKE THAT

Niðurstaða:
Franska popprokksveitin Phoenix skilar af sér þægilegri og vel lagaðri plötu sem ætti að grípa flesta sem gefa henni séns.

Birgir Örn Steinarsson

SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR Hefur alltaf langað til að fara til Indlands og lætur drauminn rætast um næstu áramót.

Á leið til Indlands í skiptinám

Fjölmiðlakonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir er á leið til Indlands í skiptinám. Sigrún Ósk, sem stjórnaði um tíma þættinum At í Sjónvarpinu og starfaði meðal annars sem blaðamaður á gamla DV, hefur síðasta ár verið við nám í Viðskiptaháskólanum að Bifröst þar sem hún blandar saman stjórnmálafræði, hagfræði og heimspeki.

„Ég er á leiðinni til Bangalore á Indlandi sem er, eftir því sem ég kemst næst, þriðja stærsta borg Indlands," segir Sigrún Ósk sem yfirgefur landið í lok árs ásamt meðleigjanda sínum af Bifröst, Hlédísi Sveinsdóttur. „Skólinn byrjar 4. janúar en við erum ekki búnar að ákveða hvort við förum fyrir eða eftir áramót. Það veltur svolítið á því hvort það verði gott áramótapartí þar."

Sigrún Ósk hóf nám á Bifröst fyrir ári síðan og hefur staðið sig vel. Hún fékk meðal annars styrk fyrir góðan námsárangur og situr nú sveitt yfir bókunum í sumarskóla þar sem hún ætlar að klára B.A.-prófið á tveimur árum. „Ég er eiginlega bara spennt yfir því að fara til Indlands jafnvel þótt fólk sé ítrekað að reyna að hræða mig með sögum um matareitrun og malaríu. Ég hef ekki komið þarna áður en mig hefur alltaf langað til að fara," segir Sigrún Ósk en valið til skiptináms stóð á milli Indlands og Taílands. „Alþjóðafulltrúinn vildi að við færum frekar til Taílands og hann skilur ekki af hverju við völdum malaríu og matareitrun í staðinn fyrir djúpsteiktar rækjur og nudd á einhverri strönd," segir Sigrún hlæjandi. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hún fer á fjarlægar slóðir því fyrir rúmu ári fór hún til Perú í spænskunám. Sigrún hefur náð ágætis tökum á spænskunni en býst ekki við að ná jafn góðum tökum á tungumáli infæddra. „Námið er nú vonandi á ensku og mér skilst að fólkið þarna talið ágætis ensku. Ætli ég reyni samt ekki að læra að telja og segja góðan daginn á indversku. Annars ætla ég einna helst að læra jóga."

kristjan@frettabladid.is

Súperstjörnur frumsýna Súperman

Stjörnurnar sem leika í Superman Returns voru viðstaddar frumsýninguna í Los Angeles á miðvikudag og mörgum varð að orði að það væri heiður að feta í fótspor Christopher Reeve sem lék Súperman í fyrstu myndinni og félaga hans. „Ég er mjög spenntur að feta í fótspor hans," sagði Brandon Routh, hinn nýi Súperman. Myndin hefur fengið fádæma góða dóma en hún kemur í kvikmyndahús ytra 24. júní og til Evrópu um miðjan júlí. „Dana Reeve sendi mér mjög fallegt bréf þar sem hún óskaði myndinni alls hins besta og mér einnig. Það var mjög vingjarnlegt af henni og skiptir mig miklu," sagði Routh við frumsýninguna. Kevin Spacey og Kate Bosworth voru einnig á frumsýningunni en Spacey leikur illmennið Lex Luthor og Bosworth kærustu Súpermans. Þau reyndu að ráða niðurlögum orðrómsins um að Súperman væri samkynhneigður. „Ég leik kærustuna hans svo ég held að það sé fáránlegt að halda því fram," sagði Kate.



Eminem í sárum

Rapparinn frægi Eminem er byrjaður að taka þunglyndislyf. Ástæðan er sú að vinur hans úr hljómsveitinni D12, rapparinn Proof, var skotinn til bana á skemmtistað á dögunum og hann sótti um skilnað við eiginkonu sína, Kim Mathers, í annað sinn. Samkvæmt heimildum frá blaðinu Daily News syrgir rapparinn þessa dagana og heldur sér gangandi á ofangreindum lyfjum.

EMINEM Rapparinn hefur ekki átt sjö dagana sæla undanfarið.



Unglingamet á AMÍ

Aldursflokkamót Íslands í sundi stendur yfir í Keflavík og hafa nokkur met fallið. Telpnasveit KR 13-14 ára setti nýtt meyjamet í 4x50 metra skriðsundi og þá setti Hrafn Traustason nýtt drengjamet í 200 metra fjórsundi í gær.

sport

sport@frettabladid.is

60 SEKÚNDUR MEÐ JÓHANNI ÞÓRHALLSSYNI

Grindavíkurbær er ... frábær bær.

Knattspyrnulið Grindavíkur er ... frábært.

FH er ... gott lið.

Skora eitt eða leggja upp tvö? Leggja upp tvö.

Besti samherji frá upphafi? Margir góðir.

Sætasti sigurinn? Nokkrir, KR-sigurinn er einn af þeim.

Uppáhalds leikmaður í heimi? Thierry Henry.

Besti þjálfari sem þú hefur haft? Þeir hafa verið margir góðir í gegnum tíðina.

Uppáhalds sjónvarpsþáttur? Lost.

Uppáhalds hljómsveit? Coldplay.

Uppáhalds drykkur? Vatn og mjólk.

Ertu hjátrúarfullur? Nei, alls ekki.

Sinisa Kekic er ... frábær leikmaður.

Hverjir verða heimsmeistarar? Brasilía, alveg klárt.

> Úlfar varði titilinn

Úlfar Jónsson, kylfingur úr GKG og margfaldur Íslandsmeistari í golfi, bar sigur úr býtum annað árið í röð á hinu árlega Arctic Open sem fór fram á Akureyri í fyrrinótt. Hann lék hringina tvo á 146 höggum, fjórum yfir pari vallarins. Næstur kom heimamaðurinn Ingvar Karl Hermannsson á 147 höggum og þriðji varð Ingi Rúnar Gíslason, GKj, á 148 höggum. Guðrún Garðars, GO, vann keppni kvenna en hún lék á samtals 167 höggum.

MARKALAUST Þór gerði jafntefli í gær en myndin er úr leik liðsins gegn Haukum fyrr í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sex umferðar búnar í 1. deild:

Markalaust á Ólafsvík í gær

FÓTBOLTI Víkingur Ólafsvík og Þór Akureyri gerðu markalaust jafntefli í 1. deild karla í gær en með þessum leik þá lauk sjöttu umferð deildarinnar. Aðeins eitt lið fellur í ár en Víkingar eru í botnsætinu með aðeins fjögur stig nú þegar þriðjungi mótsins er lokið, Þór og Stjarnan koma þar rétt á undan en bæði lið eru með fimm stig. Stjarnan gerði 1-1 jafntefli gegn KA á Akureyri á föstudag þar sem heimamenn jöfnuðu undir blálok leiksins.

Fram er í efsta sæti deildarinnar með þrettán stig en liðið tapaði sínum fyrsta leik á föstudag þegar liðið lék gegn Þrótti á Laugardalsvellinum. Halldór Hilmisson skoraði eina mark leiksins en þetta var fyrsti leikur Sinisa Kekic fyrir Þrótt. Þróttarar eru í öðru sæti, stigi á eftir Frömurum en svo koma Fjölnismenn með ellefu stig. Leiknir hefur tíu stig en liðið beið afhroð 2-5 á heimavelli sínum á föstudag gegn Haukum. **- egm**

SJÓNARSVIPTIR Það verður sjónarsviptir af Andre Agassi. NORDICPHOTOS/AFP

Spaðinn að fara á hilluna:

Agassi hættir

TENNIS Bandaríski tennisleikarinn Andre Agassi hefur tilkynnt það að hann ætli að leggja spaðann á hilluna eftir opna bandaríska meistaramótið sem fram fer í ágúst. Agassi er 36 ára gamall og hefur í áraraðir verið einn allra fremsti tennisleikari í heimi. Hann hefur unnið átta risatitla á ferlinum og er aðeins einn af fimm spilurum í sögunni sem hafa unnið öll fjögur helstu mótin. Hann hefur verið atvinnumaður í tuttugu ár.

Kapphlaup Breiðabliks og Vals í kvennaboltanum heldur áfram

Breiðablik vann góðan sigur á Stjörnunni í Landsbankadeild kvenna á Kópavogsvellinum í gær. Með þessum sigri eru Blikastúlkur komnar með jafnmörg stig og Valur sem á leik inni gegn FH á morgun.

FÓTBOLTI „Ég er alveg í skýjunum. Það var langt síðan ég hafði spilað þannig að það var frábært að koma aftur og ná þessum góða sigri," sagði Guðlaug Jónsdóttir, hinn reyndi leikmaður Breiðabliks, eftir að liðið vann 2-0 sigur á Stjörnunni á heimavelli sínum í gær. Guðlaug skoraði síðara mark Breiðabliks en hún var að snúa aftur eftir meiðsli og hafði ekki leikið síðan gegn Val í fjórðu umferðinni. Hún tognaði aftan í læri en hefur nú jafnað sig á þeim meiðslum.

Jafnræði var með liðunum í byrjun leiks en lítið um opin marktækifæri. Á 37. mínútu náði Breiðablik forystunni þegar Vanja Stefanovic skoraði með skalla eftir fína sendingu en markvörður Stjörnunnar hefði getað gert betur í aðdragandanum. Eftir þetta náði Breiðablik tökum á leiknum og spilaði vel. Það skilaði öðru marki í uppbótartímanum í fyrri hálfleik en þá skoraði Guðlaug eftir þunga sókn.

Blikastúlkur spiluðu seinni hálfleikinn mjög skynsamlega og gáfu fá færi á sér. Inga Birna Friðjónsdóttir fékk besta færi Stjörnunnar en náði ekki að nýta það og Breiðablik vann leikinn 2-0. Síðari hálfleikurinn var ekki mikið fyrir augað en stigin dýrmæt sem Blikastúlkur unnu sér inn þarna. Fyrir leikinn voru þessi lið jöfn að stigum en Stjarnan er í þriðja sæti deildarinnar.

„Þær komu mjög grimmar og ákveðnar til leiks og við vorum í ströggli með þær í byrjun. Við náðum síðan að skora þessi tvö mörk fyrir hálfleikinn og það var rosalega gott að fara með tveggja marka forskot inn í seinni hálfleikinn," sagði Guðlaug, kampakát eftir leikinn. „Þær náðu lítið að ógna marki okkar í seinni hálfleik en við gerðum bara það sem við ætluðum að gera. Við settum stefnuna á þrjú stig og náðum því takmarki."

FAGNAÐ Guðlaug Jónsdóttir fagnar hér ásamt samherjum sínum úr Breiðabliksliðinu eftir að hún skoraði gegn Stjörnunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Þetta var fyrsti leikur sjöundu umferðar en Breiðablik hefur nú átján stig líkt og Valur sem trónir á toppnum. „Við höfum ekki verið að spila neitt sérstaklega vel upp á síðkastið þrátt fyrir að vera að vinna okkar leiki og eigum við mikið inni. Þetta leit þó vel út í þessum leik og lofar góðu framhaldið," sagði Guðlaug en Valsstúlkur eiga leik inni gegn botnliði FH á morgun. „Maður hefur verið í sömu sporum og stelpurnar í Val eru í núna. Þannig að ég veit alveg hvernig þetta er en við þurfum bara að klára einn leik í einu og svo sjáum við bara í haust hvaða lið verður á toppnum. Ef þetta heldur áfram að spilast svona gæti þetta endað með því að markatalan ráði úrslitum og það verði markakapphlaup í lokin."

Leikirnir í Landsbankadeild kvenna í vikunni hafa verið ansi ójafnir en Valur vann Keflavík örugglega 7-0 í vikunni þar sem Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði fimm mörk. Athygli vekur að enginn leikur í deildinni til þessa hefur endað með jafntefli og þá hafa aðeins þrír leikir unnist með eins marks mun en KR hefur komið við sögu í öllum þeirra. Næsti leikur Breiðabliks er einmitt á útivelli gegn KR í byrjun júlí. „Það verður bara enn einn úrslitaleikurinn. Ef við ætlum að standa í Val þá verðum við að klára KR. Það eru margir fyrrum KR-ingar í Breiðabliki þannig að það verður örugglega hart barist. En það má eiginlega segja að við séum flestar á heimavelli, þekkjum Frostaskjólið vel og það verður frábært að koma þangað." Á sama tíma munu Valsstelpur leika gegn Stjörnunni. „Ef Stjörnustelpar mæta grimmar til leiks þá verður þetta ekki auðveldur leikur fyrir Val, það er klárt mál," sagði Guðlaug.

elvar@frettabladid.is

Keflavík er komið áfram í Intertoto keppninni eftir að hafa gert markalaust jafntefli gegn Dungannon:

Keflvíkingar gerðu það sem þurfti

FÓTBOLTI Keflavík mætir norska úrvalsdeildarliðinu Lilleström í 2. umferð Intertoto keppninnar. Þetta varð ljóst í gær þegar liðið gerði markalaust jafntefli við Dungannon Swifts frá Norður-Írlandi á útivelli. Þetta var síðari viðureign liðanna en Keflavík vann öruggan 4-1 sigur í fyrri leiknum sem fram fór í Keflavík fyrir viku síðan og er liðið því komið áfram í keppnina.

„Ef maður drepur viðureignina í fyrri leiknum þá þarf bara að loka seinni. Það gerðum við bara. Við spiluðum góða vörn og héldum boltanum, lokuðum á þá og sýndum bara þolinmæði," sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur eftir leikinn. Lið Dungannon lék einum manni færri stærstan hluta leiksins en um miðbik fyrri hálfleiks fékk einn leikmaður þeirra rautt spjald. „Það létti þetta talsvert fyrir okkur. Þeir ætluðu að reyna að pressa okkur frá byrjun en höfðu ekki mannskap í það þegar þeir lentu manni færri," sagði Kristján.

Leikurinn í gær var tilþrifalítill en Keflvíkingar létu skynsemina ráða og gerðu það sem þurfti. Dungannon átti stangarskot í fyrri hálfleik og þá var Magnús Sverrir Þorsteinsson nálægt því að skora en skot hans fór í slána. Auk þess björguðu þeir bresku einu sinni á marklínu en þess utan var ekki mikið um umtalsverð færi í leiknum.

Kristján hlakkar til að takast á við það verkefni sem bíður í næstu umferð keppninnar. „Það er verulega skemmtilegt verkefni. Lilleström vann fyrstu sjö leiki sína í norsku úrvalsdeildinni og er í öðru sæti núna. Virkilega sterkt lið og það verður gaman að sjá hvernig okkur gengur gegn þeim. Þeir eru mun sigurstranglegri, en við skulum bíða og sjá," sagði Kristján en stuðningsmenn liðsins eru þegar farnir að skipuleggja hópferð til Noregs.

Keflvíkingar komu heim í gærkvöldi en ef þeim tekst hið gífurlega verkefni að slá út Lilleström þá er leikur gegn enska úrvalsdeildarliðinu Newcastle United í næstu umferð. Kristján er þó með fæturnar á jörðinni enda enn langur vegur til Newcastle. „Stuðningsmennirnir geta hugsað um Newcastle en við hugsum bara um Lilleström," sagði Kristján.

- egm

HÆTTUR Reyna hefur lagt landsliðsskóna á hilluna. NORDICPHOTOS/AFP

Claudio Reyna á tímamótum:

Hættur með landsliðinu

FÓTBOLTI Claudio Reyna, fyrirliði bandaríska landsliðsins, hefur ákveðið að leggja landsliðsskóna á hilluna. Hans síðasti leikur var því gegn Gana sem tapaðist 1-2 en þessi reynslumikli miðjumaður meiddist í fyrri hálfleik og þurfti að fara af leikvelli. Hann mun halda áfram að leika fyrir félagslið sitt, Manchester City. Bandaríska liðið komst ekki upp úr riðli sínum og er því úr leik á HM. **- egm**

Unglingamót í Skotlandi:

Magnús gaf eftir í dag

GOLF Magnús Lárusson, GK, lék í dag sinn annan hring af þremur á opna skoska unglingameistaramótinu í golfi. Í gær var hann í þriðja sæti á 69 höggum en hann lék á 75 í dag. Hann er sex höggum á eftir efsta manni en er engu að síður í 7.-12. sæti. Alls tóku sjö íslensk ungmenni þátt en Magnús var einn þeirra sem komust í gegnum niðurskurðinn. Alfreð Kristinsson, GR, var ekki nema höggi frá niðurskurðinum og lék hringina tvo á 150 höggum. **- esá**

Arnar Sigurðsson tenniskappi gerir það gott á atvinnumannamóti á Írlandi:

Er að upplifa draumalífið

TENNIS Arnar Sigurðsson tenniskappi hefur gert það gott á tennismótum í Noregi og Írlandi undanfarið og í fyrradag tapaði hann í undanúrslitum á atvinnumannamóti í Limerick á Írlandi. Strax í gær var hann svo mættur til Dublin þar sem hann sigraði í fyrri umferð undankeppni á öðru móti. Í dag mætir hann svo Frakka sem er efstur á styrkleikalistanum af þeim sem spila í undankeppninni um sæti á aðalmótinu.

„Sigurinn í dag var gegn Íra sem var fyrir neðan mig á styrkleikalistanum en sigurinn var engu að síður mjög góður," sagði Arnar við Fréttablaðið í gær. „Sá sem ég mæti á morgun vann nýlega tvö mót í Noregi og er í um 600. sæti á styrkleikalistanum. Það verður mjög erfið viðureign."

Samkvæmt nýjasta listanum er Arnar Sigurðsson í um 1.400. sæti á listanum en árangurinn í Limerick fleytir honum upp á meðal efstu þúsund. „Ég er mjög sáttur við mína spilamennsku undanfarið. Ég komst í gegnum undankeppnirnar og leikina í fyrstu umferð á tveimur mótum í Noregi og svo alla leið í undanúrslit í Limerick. Þar lenti ég í löngum leik í hverri einustu umferð og var búinn að vinna alla áhorfendur á mitt band en það voru margir sem fylgdust með leikjunum. Þetta var fínt ævintýri."

ARNAR SIGURÐSSON Hefur gengið vel undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Í næstu viku hefst svo strax annað mót í Dublin sem Arnar ætlar að reyna að vinna sér þátttökurétt á. „Þar verða leikmenn sem eru meðal efstu 100 manna á styrkleikalistanum og væri mjög gaman að fá að spreyta sig þar. Það er vissulega mikið að gera og hef ég aðeins fengið einn frídag á síðastliðnum þremur vikum en ég er að upplifa drauminn."

eirikurst@frettabladid.is

Formúla 1 keppnin í Kanada þessa helgina:

Alonso fremstur í fimmta skiptið í röð

FORMÚLA 1 Spánverjinn Fernando Alonso hélt uppteknum hætti á Formúlu 1 keppnismótaröðinni í kappakstri og mun ræsa fremstur á ráspól í kanadíska kappakstrinum á morgun. Félagi hans hjá Renault, Giancarlo Fisichella, náði öðrum besta tímanum í tímatökunni í gær en þriðji varð Finninn Kimi Raikkönen hjá McLaren.

„Úrslitin voru fullkomin fyrir okkar lið og ætlum við okkur að klára dæmið á morgun," sagði Alonso glaðbeittur eftir tímatökuna í gær. Hann hefur unnið síðustu þrjár keppnir og er með væna forystu í stigakeppni ökuþóra. „Lið Ferrari er okkar helsti keppinautur og þó svo að við vitum vel að þessi braut kunni að henta þeim betur ætlum við okkur að ná sigri."

Fyrrum heimsmeistari, Michael Schumacher, var ekki upp á sitt besta í gær og verður fimmti á ráspól í dag og félagi hans, Felipe Massa, tíundi. Athygli vakti Ítalinn Jarno Trulli á Toyotu sem náði sínum besta árangri í tímatökum tímabilsins með því að ná fjórða besta tímanum. **- esá**

BLÓÐUGUR Philippe Senderos skoraði gegn Suður-Kóreu og fagnaði marki sínu blóðugur í andliti. NORDIC PHOTOS/AFP

Philippe Senderos:

Úr leik á HM

FÓTBOLTI Svissneski varnarjaxlinn Philippe Senderos er úr leik með svissneska landsliðinu á HM en liðið tryggði sér sæti í 16-liða úrslitum á föstudaginn með sigri á Suður-Kóreu. Senderos skoraði annað markanna í 2-0 sigri liðsins en fór svo úr axlarlið.

„Hann verður frá í að minnsta kosti tvær vikur," sagði Rudolf Röder, læknir liðsins, við fjölmiðla í gær og bætti við að liðbönd í öxl hefðu skaddast. „Það eru um helmingslíkur að hann þurfi að gangast undir aðgerð en mikilvægast er að hann hvíli sig nú."

Sviss leikur gegn Úkraínu í 16-liða úrslitum á morgun. **- esá**

Icelandair-mótið í golfi:

Sigurpáll leiðir

GOLF Sigurpáll Geir Sveinsson hefur forystu í karlaflokki á Icelandair-mótinu í KB Bankamótaröðinni í golfi. Hann hefur eins höggs forystu á Ólaf Má Sigurðsson, GR, sem lék hringina tvo í gær á 140 höggum. Þriðji er Sigurþór Jónsson, GK, á 145 höggum.

Í kvennaflokki hafði Ragnhildur Sigurðardóttir, GR, forystu en hún lék á 149 höggum í gær. Þremur höggum á eftir henni er Þórdís Geirsdóttir, GK. **- esá**

HANDTEKINN Stuðningsmaður enska landsliðsins var handjárnaður af þýsku lögreglunni í Stuttgart í fyrrinótt. NORDIC PHOTOS/GETTY

122 bullur handteknar:

50 þúsund Englendingar í Stuttgart

FÓTBOLTI Búist er við því að um 50 þúsund stuðningsmenn enska landsliðsins í knattspyrnu séu staddir í Stuttgart til að fylgjast með leik liðsins gegn Ekvador í 16-liða úrslitum. Ekki nærri því allir verða með miða á völlinn en ljóst er að mikið líf verður í borginni í dag. Í fyrrinótt voru 122 stuðningsmenn liðsins handteknir af þýsku lögreglunni en engin stórvægileg atvik komu til vegna þessa. **- esá**

EITT AF ÞREMUR Graham Poll áminnir Josip Simunic í leiknum á föstudaginn. Hann bókaði Simunic alls þrívegis í leiknum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Graham Poll dómari:

Líklega sendur heim

FÓTBOLTI Enski dómarinn Graham Poll komst á spjöld sögunnar á föstudaginn fyrir miður skemmtilegar sakir. Hann áminnti sama leikmanninn, Króatann Josip Simunic, þrívegis áður en hann sýndi honum loksins rauða spjaldið. Í sama leik leyfði hann rangstöðumarki Harry Kewell að standa auk þess sem hann dæmdi ekki tvær augljósar vítaspyrnur á Króata.

Poll viðurkenndi mistök sín eftir leikinn og sagði að sennilega væri draumur hans um að dæma úrslitaleik HM úr sögunni. Dómaranefnd FIFA fundar á miðvikudag um hvaða dómarar halda áfram og hverjir fara heim og má ætla að Poll verði í síðari hópnum.

Hann gaf tveimur öðrum leikmönnum í leiknum rauða spjaldið og var því samtals átján leikmönnum vikið af velli í riðlakeppninni – jafn mörgum og í allri síðustu keppni. 258 leikmenn fengu að líta gula spjaldið. **- esá**

HM 2006 ÚRSLIT GÆRDAGSINS

16-liða úrslit:

ÞÝSKALAND-SVÍÞJÓÐ	2-0
1-0 Lukas Podolski (4.), 2-0 Lukas Podolski (12.).	
ARGENTÍNA-MEXÍKÓ	2-1
1-0 Rafael Marquez (5.), 1-1 Javier Borgetti, sjálfsmark (10.), 2-1 Maxi Rodriguez (98.).	

LEIKIR DAGSINS:

ENGLAND-EKVADOR	15.00
PORTÚGAL-HOLLAND	19.00

Leikur Argentínu og Mexíkó í 16-liða úrslitum var framlengdur en ekki kom til vítaspyrnukeppni:

Glæsimark Rodriguez tryggði sigurinn

FÓTBOLTI Maxi Rodriguez var hetja Argentínumanna í gær þegar hann tryggði sínum mönnum sæti í fjórðungsúrslit HM í knattspyrnu með glæsimarki á 98. mínútu. Staðan í lok venjulegs leiktíma var 1-1 og þurfti því að framlengja leikinn.

Leikurinn fór fjörlega af stað og aðeins fimm mínútur voru liðnar þegar Rafael Marquez kom Mexíkó óvænt yfir eftir aukaspyrnu. Gabriel Heinze, varnarmaður Argentínu, gleymdi sér og Marquez átti ekki í vandræðum með að skora. En Adam var ekki lengi í Paradís og Argentína jafnaði aðeins fimm mínútum síðar eftir hornspyrnu, Jared Borgetti var að dekka Hernan Crespo en varð fyrir því óláni að skalla boltann í eigið mark.

Síðari hálfleikur og reyndar allt að markinu örlagaríka var fremur tíðindalítill og kom því mark Rodriguez á óvart. Flestir bjuggust við því að grípa þyrfti til vítaspyrnukeppni en Rodriguez kom í veg fyrir það með skoti utan teigs og var það algerlega óverjandi fyrir Sanchez í marki Mexíkó. **- esá, egm**

TÆKLING Mario Mendez, leikmaður Mexíkó, tæklar hér miðjumanninn Maxi Rodriguez, hetju Argentínumanna. NORDICPHOTOS/AFP

Gestgjafarnir sannfærandi

Þýskaland varð í gær fyrsta liðið á heimsmeistaramótinu til að tryggja sér sæti í átta liða úrslit keppninnar. Gestgjafarnir unnu Svía með tveimur mörkum.

FÓTBOLTI Mikil gleði ríkir í Þýskalandi eftir sigur þjóðarinnar á Svíþjóð í sextán liða úrslitum heimsmeistarakeppninnar í gær. Leikurinn fór fram í München og vann þýska liðið öruggan 2-0 sigur þar sem Lukas Podolski, leikmaður Kölnar, skoraði bæði mörkin snemma leiks. „Ég gæti ekki verið ánægðari, við mættum mjög einbeittir til leiks en rauða spjaldið tók aðeins taktinn úr okkur," sagði Jürgen Klinsmann, landsliðsþjálfari Þýskalands.

Þjóðverjar byrjuðu leikinn af miklum krafti og náðu forystunni strax á fjórðu mínútu eftir að skot Miroslavs Klose hafði verið varið en Andreas Isaksson hélt ekki boltanum. Klose plataði síðan varnarmenn Svía upp úr skónum tíu mínútum síðar og renndi boltanum á Podolski sem gerði allt rétt og skoraði aftur. Útlitið varð síðan enn dekkra fyrir Svía þegar Teddy Lucic, varnarmaður þeirra, fékk að líta rauða spjaldið fyrir hálfleik.

Seinni hálfleikurinn var mjög rólegur og nokkuð jafnræði var með liðunum, þó voru Þjóðverjar líklegri til að skora en Svíar að minnka muninn. Snemma í seinni hálfleik fékk sænska liðið þó gullið tækifæri þegar dæmd var umdeild vítaspyrna en Henrik Larsson skaut yfir úr spyrnunni. „Það hefði getað breytt leiknum mikið ef þeir hefðu skorað úr vítinu en sem betur fer gerðu þeir það ekki. Það eru nokkur smáatriði sem við þurfum að bæta í leik okkar og vonandi verða þau komin í lag fyrir næsta leik. En á heildina litið er ég mjög sáttur, sérstaklega að við fengum ekki á okkur mark gegn þessu sterka sóknartríói," sagði Klinsmann.

Lars Lagerback, þjálfari Svíþjóðar, er stoltur af sínum mönnum. „Við náðum að laga okkar leik og spiluðum vel í seinni hálfleiknum þrátt fyrir að vera manni færri. Ég er stoltur af strákunum. Að sjálfsögðu er ég samt mjög óánægður með að við vorum ekki á tánum á upphafskaflanum og var okkur refsað harðlega fyrir það. Slakur varnarleikur gaf þeim tvö mörk," sagði Lagerback.

Markvörðurinn Jens Lehmann var hress eftir leikinn. „Við hefðum getað skorað fleiri mörk í þessum leik. En með hverjum sigurleiknum þá fáum við meira sjálfstraust og verðum erfiðari viðureignar. Við hefðum ekki getað spilað betur í fyrri hálfleiknum. Svo skemmir ekki fyrir að við erum að spila hörkuskemmtilegan fótbolta," sagði Lehmann.

elvar@frettabladid.is

ÞAKKA STUÐNINGINN Markaskorarinn Lukas Podolski er hér ásamt samherja sínum Bastian Schweinsteiger að þakka áhorfendum fyrir stuðninginn í gær. NORDICPHOTOS/AFP

TÆKLAÐUR Postiga fær hér tæklingu frá Mexíkómanni fyrr í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Portúgal - Holland í kvöld:

Stórleikur í Nürnberg

FÓTBOLTI Hollendingum hefur ekki gengið vel með Portúgal og aðeins unnið einn af þeim níu leikjum þar sem þessar þjóðir hafa mæst. Holland er hins vegar á skriði og allt getur gerst í viðureigninni í sextán liða úrslitum heimsmeistaramótsins í kvöld. Búast má við hörkuleik en báðar þjóðirnar eru ósigraðar í keppninni til þessa, Portúgal vann alla þrjá leiki sína á meðan Holland vann tvo en gerði síðan jafntefli við Argentínu.

Helder Postiga, sóknarmaður Portúgals, býst við erfiðum leik. „Holland er með frábært lið og við þurfum að ná fram okkar besta leik til að eiga möguleika. Marco van Basten, þjálfari þeirra, var minn uppáhaldsknattspyrnumaður á yngri árum. Ég ætla að biðja hann um eiginhandaráritun eftir leikinn," sagði Postiga. **- egm**

NESTA Verður fjarri góðu gamni á morgun. NORDICPHOTOS/AFP

Ítalía - Ástralía á morgun:

Nesta ekki með á morgun

FÓTBOLTI Varnarmaðurinn Alessandro Nesta verður ekki með ítalska landsliðinu gegn Ástralíu á morgun vegna meiðsla. Hann meiddist í leiknum gegn Tékklandi í riðlakeppninni og verður ekki orðinn leikfær fyrir leikinn í sextán liða úrslitum á morgun. Meiðslin eru þó ekki alvarleg og ætti hann að vera orðinn klár í átta liða úrslitin ef ítalska liðið kemst þangað.

Marco Materazzi tekur líklega stöðu Nesta í vörninni en hann kom inn á sem varamaður þegar Nesta meiddist gegn Tékklandi. Francesco Totti hefur verið gagnrýndur fyrir slaka frammistöðu það sem af er móti en hann gengur ekki heill til skógar. „Leikmenn standa við bakið á Francesco. Þótt hann sé ekki 100 prósent heill þá getur hann haft mikil áhrif á leiki," sagði Simone Perrotta, leikmaður ítalska liðsins. **- egm**

Enska landsliðið leikur gegn Ekvador í sextán liða úrslitum HM í dag:

Bjartsýni ríkir í Englandi

FÓTBOLTI Eric Cantona, gamla goðsögnin úr liði Manchester United, lýsti því yfir í gær að hann hefði tröllatrú á enska landsliðinu á heimsmeistaramótinu. Þetta kemur þvert á það sem sparkspekingar hafa verið að tala um en enska landsliðið hefur ekki þótt sannfærandi í leikjum sínum til þessa. England mætir Ekvador í sextán liða úrslitum keppninnar í dag.

„Ég tel að enska liðið hafi það sem þarf til að vinna þetta mót. Ég hef trú á að liðið sé með rétta þjálfarann og rétta blöndu af leikmönnum sem ná vel saman. Þá hefur liðið öðlast þá reynslu sem til þarf," sagði Cantona. Enska landsliðið varð fyrir miklu áfalli þegar Michael Owen meiddist í síðasta leik og ljóst að hann leikur ekki meira á mótinu. Wayne Rooney, Peter Crouch og Theo Walcott eru því einu sóknarmennirnir sem England getur notast við.

Walcott er aðeins sautján ára og nánast reynslulaus. Alan Shearer, fyrrum leikmaður enska landsliðsins, segist ekki reikna með því að Walcott komi við sögu í dag. „Það kæmi mér á óvart ef Sven myndi láta Walcott spila. Reyndar gæti svo farið að hann ætti engan annan kost í stöðunni. Walcott hefur enn ekkert komið við sögu og hann er enn algjörlega óskrifað blað og enginn hefur séð hann spila," sagði Shearer.

Síðan Sven-Göran Eriksson tók við enska landsliðinu hefur því oftast gengið vel gegn liðum frá Suður-Ameríku. Af sjö leikjum gegn liðum frá þeirri heimsálfu hafa sex unnist en leikurinn gegn Brasilíu í átta liða úrslitum 2002 tapaðist. Eriksson er líka ansi bjartsýnn fyrir leikinn og hefur sagt að hann hafi það sterklega á tilfinningunni að England komist áfram. Líkur eru taldar á því að Peter Crouch fari á varamannabekkinn og Michael Carrick komi inn í liðið í hans stað. England mun þá spila með fimm manna miðju og Wayne Rooney verður einn frammi. Þá gæti Owen Hargreaves tekið hægri bakvarðarstöðuna í stað Jamie Carragher.

Rætt hefur verið um að England notist meira við háloftabolta þegar Peter Crouch er í liðinu. „Þessi umræða fer ótrúlega mikið í taugarnar á mér. Vissulega er það möguleiki en við vitum það að ef við ætlum okkur einhverja hluti í keppninni þá verðum við að gera eitthvað meira en það. Ég tel mig líka hafa sýnt það að ég er jafngóður og hver annar með boltann í löppunum," sagði Crouch. **- egm**

LEIKA GEGN EKVADOR Enska landsliðið mætir Ekvador í dag en þessi mynd er úr leik liðsins gegn Svíþjóð í riðlakeppninni. NORDICPHOTOS/AFP

MasterCard Landsbankinn olís Iceland Express

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006

Í DAG

KL. 15:00

ENGLAND - EKVADOR

KL. 19:00

PORTÚGAL - HOLLAND

HM 2006

16 LIÐA

ÚRSLIT

sýn

besta sætið

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Women need a reason for having sex, men just need a place."

Svar: Mitch úr kvikmyndinni City Slickers árið 1991.

dagskrá

Í TÆKINU: HALLE BERRY LEIKUR Í MONSTER'S BALL Á STÖÐ 2 KL. 22.50

Neitaði að baða sig

Halle Berry er fædd 14. ágúst 1966 í Ohio í Bandaríkjunum. Hún var vinsæl á menntaskólaárunum, æfði klappstýruliðið, ritstýrði skólablaðinu, var bekkjarforseti og kosin drottning skóladansleiksins. Á þessum árum vann hún einnig margar fegurðasamkeppnir, meðal annars táningakeppni Ungfrú Bandaríkjanna, Ungfrú Ohio, Ungfrú Bandaríkin og Ungfrú heim.

Eftir þátttöku í keppnunum sneri Halle sér að fyrirsætubransanum sem að lokum leiddi til hlutverks í sjónvarpsseríunni Living Dolls árið 1989. Hún þótti standa sig afbragðsvel í þáttunum og var sögð lifa sig svo inn í hlutverkið að hún hélt karakter eftir að slökkt var á vélunum. Svipaða sögu mátti segja þegar Halle lék krakkfíkil í mynd Spike Lee, Jungle Fever, en þá neitaði hún að baða sig í marga daga

fyrir tökur. Fyrir leiktilþrifin kom Halle sér endanlega á stjörnukortið. Á næsta ári lék Halle á móti Eddie Murphy í Boomerang og árið 1994 lék hún í The Flintstones. Síðan þá hefur Halle leikið í ýmsum frægum myndum svo sem Bulworth, X-Men, Monster's Ball, Die Another Day og Gothika. Hún hefur hlotið Golden Globe verðlaunin sem og óskarsverðlaunin. Halle er ein af hæstlaunuðu leikkonum Hollywood og rukkaði 14 milljónir dollara fyrir leik sinn bæði í Gothika og Catwoman.

Halle var gift hafnaboltamanninum David Justice á árunum 1992 til 1996 og tónlistarmanninum Eric Benét frá 2001 til 2004. Í báðum tilvikum héldu mennirnir framhjá Halle og hefur hún sagt í viðtali að hún muni aldrei giftast aftur, enda hafi karlmenn meiri áhuga á líkama hennar en vitsmunum. Hún hefur þó síðustu mánuði verið í sambandi með fyrirsætunni Gabriel Aubry.

▶ **21.45** *Gaman*

LA BOÎTE

▶ **19.45** *Gaman*

WILLIAM AND MARY

▶ **21.50** *Drama*

CLUBHOUSE



▶ **22.40** *Gaman*

THE PURPLE ROSE OF CAIRO

▶ **19.10** *Spjall*

ÖRLAGADAGURINN

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar **8.01** Bubbi byggir (804:813) **8.11** Geirharður bojng bojng (3:26) **8.35** Hopp og hí Sessamí (7:26) **9.01** Stjáni (55:58) **9.25** Sígildar teiknimyndir (41:42) **9.32** Sögur úr Andabæ (61:65) **9.55** Gæludýr úr geimnum (15:26) **10.17** Konstanse (1:6) **10.22** Latibær **10.50** Hlé

12.10 Kóngur um stund (2:12) **12.40** Svört tónlist (5:6) **13.35** Taka tvö (5:10) **14.25** Út og suður **14.50** Vesturálman (8:22) **15.35** Stundin okkar (8:31) **16.05** Ævintýri Kötu kanínu (7:13) **16.20** Táknmálsfréttir **16.30** Formúla 1

19.00 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.35 **Kastljós**
20.05 **Út og suður (8:16)** Textað á síðu 888 í Textavarpi.
20.35 **Dýrahringurinn (9:10)** (Zodiaque) Franskur myndaflokkur. Á sjötugsafmæli auðmanns í Provence hverfur barnabarn hans og í framhaldi af því er hulunni svipt af ýmsum leyndarmálum fjölskyldunnar.Meðal leikenda eru Claire Keim, Francis Huster, Michel Duchaussoy og Jean-Pierre Bouvier.
21.25 **Helgarsportið**
▶ **21.45** **Klúbburinn** (La Boîte) Frönsk bíómynd frá 2001 um unga menn sem gera tilraun til að reka næturklúbb í frönskum smábæ. Leikstjóri er Claude Zidi og meðal leikenda eru Quentin Baillot og Jean-Marie Bigard. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.

23.25 Svíar á HM í hestaíþróttum **0.20** Kastljós **0.40** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

2

7.00 Pingu **7.05** Jellies **7.15** Myrkfælnu draugarnir **7.25** Leyfð öllum aldurshópum. **7.50** Noddy **8.00** Kalli og Lóla **8.10** Könnuðurinn Dóra **8.55** Taz-Mania 1 **9.15** Ofurhundurinn **9.35** Batman **10.00** Barnatími Stöðvar 2 **10.25** Hjólagengið **10.50** Sabrina **11.15** Hestaklúbburinn **11.40** Tvíburasysturnar

12.00 Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.45** Neighbours **13.05** Neighbours **13.25** Neighbours **13.45** Neighbours **14.10** Það var lagið **15.25** Curb Your Enthusiasm 5 **16.00** Eldsnöggt með Jóa Fel (4:6) **16.40** Veggfóður (1:20) **17.25** Martha **18.12** Íþróttafréttir

18.30 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.10 **Örlagadagurinn** Sigríður Arnardóttir, eða Sirrý, ræðir við Íslendinga, bæði þekkta og óþekkta, um stóra örlagadaginn í lífi þeirra; daginn sem gjörbreytti lífi þeirra.
▶ **19.45** **William and Mary (5:6)**
20.35 **Monk (3:16)** (Mr. Monk Stays In Bed)
21.20 **Cold Case (14:23)** (Óupplýst mál) Þriðja þáttaröð þessa vinsælu sakamálaþátta.
22.05 **Twenty Four (21:24)** Stranglega bönnuð börnum.
22.50 **Monster's Ball** (Skrímslaball) Hank Grotowski er kynþáttahatari sem starfar á dauðadeild fangelsis. Aðalhlutverk: Billy Bob Thornton, Halle Berry, Peter Boyle, Heath Ledger. Leikstjóri: Marc Forster. Str. b. börnum.

0.40 Lögregluforinginn Jack Frost (Bönnuð börnum) **2.15** Poltergeist 3 (Stranglega bönnuð börnum) **3.50** Monk (3:16) **4.35** Cold Case (14:23) (Bönnuð börnum) **5.20** Fréttir Stöðvar 2 **6.05** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

18.00 Friends (1:17) (e)

18.30 **Fréttir NFS**
19.10 **Friends (2:17) (e)**
19.35 **Friends (3:17) (e)**
20.00 **Bernie Mac (11:22) (e)**
20.30 **Twins (4:18) (e)** (Twist Of Fate)
21.00 **Killer Instinct (4:13) (e)** Hörkuspennandi þættir um lögreglumenn í San Francisco og baráttu þeirra gegn hættulegustu glæpamönnum borgarinnar. Bönnuð börnum.
▶ **21.50** **Clubhouse (8:11) (e)** Heitasta ósk Petes Young rætist þegar hann fær draumavinnuna sína, sem kylfusveinn hjá hafnaboltaliðinu New York Empires.
22.40 **Falcon Beach (3:27) (e)** (Chemistry Lesson) Falcon Beach er sumarleyfisstaður af bestu gerð. Þangað fer fólk til að slappa af og skemmta sér í sumarfríinu sínu enda snýst allt þar um sumar og frelsi.

23.30 X-Files (e) **0.20** Smallville (6:22) (e)

SKJÁREINN

12.30 Whose Wedding is it anyways? (e) **13.20** Beautiful People (e) **14.10** The O.C. (e) **15.10** The Bachelorette III (e) **16.00** America's Next Top Model V (e) **17.00** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **18.00** Kelsey Grammer Sketch Show (e)

18.30 **Völli Snær (e)**
19.00 **Beverly Hills** Tvíburarnir Brandon og Brenda Walsh eru nýflutt til stjörnuborgarinnar og kynnast krökkum fína og fræga fólksins í Beverly Hills. Þar eru þau Kelly, Steve, Dylan, David og Donna fremst í flokki.
19.45 **Melrose Place** Bandarísk þáttaröð um íbúana í Melrose Place, sem unnu hug og hjarta áhorfenda á sínum tíma.
20.30 **Point Pleasant**
21.30 **Boston Legal**
22.30 **Wanted**
▶ **22.40** **The Purple Rose of Cairo** Cecilia er að reyna að ná endum saman í kreppunni miklu á 4. áratug síðustu aldar. Hún fer í kvikmyndahús til að gera sér dagamun og henni til mikillar undrunar stígur aðalleikari myndarinnar út úr tjaldinu og inn í líf Ceciliu.

23.55 C.S.I. (e) **0.50** The L Word (e) **1.40** Beverly Hills (e) **2.25** Melrose Place (e) **3.10** Óstöðvandi tónlist

NFS

10.00 Fréttir **10.10** Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku **11.00** Þetta fólk

12.00 Hádegisfréttir/ Íþróttafréttir / Veðurfréttir / Leiðarar dagblaða **12.25** Pressan **14.00** Fréttir **14.10** Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku **15.00** Þetta fólk **16.00** Fréttir **16.10** Pressan **17.45** Hádegið E **18.00** Veður / íþróttir / Kvöldfréttir NFS

▶ **19.10** **Örlagadagurinn** Sigríður Arnardóttir, eða Sirrý, ræðir við Íslendinga, bæði þekkta og óþekkta, um stóra örlagadaginn í lífi þeirra; daginn sem gjörbreytti lífi þeirra.
19.45 **Hádegisviðtalið** (frá föstudegi)
20.00 **Pressan** Viðtalsþáttur í umsjá Róberts Marshall þar sem tekin verða fyrir heitustu málefni vikunnar úr fréttaheiminum og fjölmiðlum.
21.35 **Þetta fólk** (Fréttaljós) Nýr og óvenjulegur spjallþáttur í umsjá Höllu Gunnarsdóttur blaðakonu og heimshornaflakkara. Í þættinum tekur hún fyrir eitt land og freistar þess að veita okkur innsýn í framandi heim. Ekki hefur hún þó sjálf í hyggju að uppfræða okkur ein og óstudd, heldur er meginmarkmiðið að kalla til góða gesti.
22.30 **Veður /íþróttir / kvöldfréttir**

23.40 Síðdegisdagskrá endurtekin

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Master and Commander: The Far Side of the World (Bönnuð börnum) **8.15** Agent Cody Banks **10.00** The Curse of the Pink Panther **12.00** The Revengers' Comedies **14.00** Agent Cody Banks **16.00** The Curse of the Pink Panther **18.00** The Revengers' Comedies **20.00** **Master and Commander: The Far Side of the World** (Sjóliðsforingi á hjara veraldar) Aðalhlutverk: Russell Crowe, Paul Bettany, James D'Arcy. Leikstjóri: Peter Weir. 2003. Bönnuð börnum. **22.15** **Black Cadillac** (Svarti Kádiljákurinn) Hraður og skemmtilegur spennutryllir um þrjá unga félaga sem komast að því sér til mikillar skelfingar að þeir eru hundeltir af dularfullum huldumanni á svörtum kádiljáki. Aðalhlutverk: Randy Quaid, Shane Johnson, Josh Hammond. 2002. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Dirty Deeds (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Going for Broke **4.00** Black Cadillac (Stranglega bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

11.30 Gone Bad **12.00** E! News Weekend **13.00** Eva Longoria: The Interview with Ryan Seacrest **14.00** THS Lionel & Nicole Richie **15.00** THS The Hilton Sisters **17.00** Child Star Confidential **17.30** Number One Single **18.00** E! News Special **18.30** Gone Bad **19.00** THS That '70s Show **20.00** Rich Kids: Cattle Drive **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Sexiest **23.00** 10 Ways **23.30** Gone Bad **0.00** 101 Most Starlicious Makeovers **1.00** 101 Most Starlicious Makeovers

AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

NÝTT

PRESSAN

Róbert Marshall fjallar um pólitísk tíðindi vikunnar
alla sunnudaga kl. 12:25, 16:10 og 20:00

NFS digital ísland visir VEF TV

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

The Purple Rose of Cairo — Skjár einn kl. 22.40

Sögupersóna sem lifnar við

Myndin The Purple Rose of Cairo er skrifuð og leikstýrð af Woody Allen. Aðalpersóna sögunnar, Cecilia, reynir að ná endum saman í kreppunni miklu á 4. áratug síðustu aldar. Hún vinnur á veitingahúsi á meðan ástlaus eiginmaðurinn eyðir öllu fé í áfengi og áhættuspil. Cecilia fer í kvikmyndhús til að gera sér dagamun og sér til mikillar undrunar stígur aðalleikari myndarinnar út úr tjaldinu og inn í líf Ceciliu. Í aðalhlutverkum eru þau Mia Farrow, Jeff Daniels og Danny Aiello. Myndin, sem er frá árinu 1985, hlaut 14 verðlaun og 11 tilnefningar, þar á meðal óskarsverðlaunatilnefningu.

HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í LEIKI DAGSINS

Bjarni Jóhannsson

Sýn kl 15.00 England - Ekvador.
3-1
Englendingar vinna þennan leik 3-1. Það verður meiri stemning í enska liðinu verið hefur. Þeir klára þetta með stæl og eiga greiða leið í 8-liða úrslit.

Sýn kl 19.00 Portúgal - Holland.
1-2
Hollendingarnir eru of sterkir fyrir Portúgalana og komast í 8 liða úrslit. Robin Persie klárar þetta fyrir Hollendingana og skorar bæði mörkin.

SÆNSKU NÖRDARNIR

▶ **17.30** *Raunveruleiki*

Sýn

besta sætið

9.30 Gillette Sportpakkinn **10.00** HM 2006 (Þýskaland – Svíþjóð) Útsending frá leik í 16-liða úrslitum. **11.45** HM 2006 (Argentína – Mexikó) Útsending frá leik í 16-liða úrslitum á HM í Þýskalandi.

13.30 4 4 2 **14.30** HM stúdíó **14.50** HM 2006 (England – Equador) Bein útsending frá leik í 16-liða úrslitum. **17.00** HM stúdíó
▶ **17.30** Líf David Beckhams

18.30 **HM stúdíó** Íþróttafréttamenn Sýnar fá góða gesti í heimsókn í HM stúdíóið þar sem spáð er í spilin.
18.50 **HM 2006** (Portúgal – Holland)Bein útsending frá leik í 16-liða úrslitum á HM 2006. Liðið sem vann D-riðillinn mætir liðinu í 2. sæti C-riðils. Leikið er til þrautar.
21.00 **4 4 2** (4 4 2)HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J og Heimis Karlssonar. Þeim til halds og trausts eru íþróttafréttamenn Sýnar og fleiri sérfræðingar. Fjallað er um nánast allt milli himins og jarðar sem tengist keppninni og knattspyrnulistinni.
22.00 **HM 2006 (England – Equador)** Útsending frá leik í 16-liða úrslitum á HM 2006 á milli Englendinga og Ekvadorbúa.

23.45 HM 2006 (Portúgal – Holland) Útsending frá leik í 16-liða úrslitum á HM 2006.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.05 Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Framtíð lýðræðis **10.15** Íslenskar afþreyingarbókmenntir **11.00** Guðsþjónusta í kirkju Óháða safnaðarins

12.20 Hádegisfréttir **13.00** Bryggjuball **14.00** Íslenska einsöngslagið **15.500** Skáldskapur og landafræði **16.08** Veðurfregnir **16.10** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **18.28**

Hengirúm og himinblámi **19.00** Hið ómótstæðilega bragð **19.50** Óskastundin **20.35** Úr minningabókum **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Bíótónar **23.00** Andrarímur

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan **10.05** Helgarútgáfan **12.20** Hádegisfréttir

12.45 Helgarútgáfan **14.00** Sniglabandið í beinni **16.10** Íslensk ástarlög **18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Þvergrip **1.10** Næturtónar

BYLGJAN FM 98,9

9.00 Valdís Gunnarsdóttir

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** Enn á tali hjá Hemma Gunn

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.00** Ívar Halldórsson

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður





HRÓSIÐ

... fær Magni Ásgeirsson fyrir að komast inn í Rockstar: Supernova.

HIN HLIÐIN Á BJÖRGVINI PLODER TROMMARA SNIGLABANDSINS

Leiðist þegar hjólin bila

Hvað er að frétta?
Allt gott, ég er nýorðinn pabbi í þriðja sinn!

Augnlitur?
Grár.

Starf?
Trommari í Sniglabandinu og hljóðmaður á Skjá einum ásamt fleiru.

Fjölskylduhagir?
Góðir.

Hvaðan ertu?
Utan af Nesi.

Ertu hjátrúarfull/ur?
Nei.

Uppáhaldssjónvarpsþáttur?
Flestir þættir á Discovery-rásunum.

Uppáhaldsmatur?
Lamb.

Fallegasti staður?
Ísland.

Hvað er skemmtilegast?
Að spila og keyra mótorhjólin mín, hvort í sínu lagi þó!

Hvað er leiðinlegast?
Þegar hjólin bila.

Helsti veikleiki?
Bjór er góður.

Helsti kostur?
Hvað ég er andskoti jákvæður.

Helsta afrek?
Á þau eftir.

Mestu vonbrigði?
Að hafa ekki tekið myndavél með til Sovétríkjanna árið 1989.

Hver er draumurinn?
Að halda áfram að lifa þessu sældarlífi sem ég lifi!

Hver er fyndnastur/fyndnust?
Einar Rúnarsson vinur minn.

Á hvað trúirðu?
Mig! Ég get allt!!

Hvað fer mest í taugarnar á þér?
Þegar bjórinn klárast.

Uppáhaldsbók?
Ilmurinn.

Hvað er mikilvægast?
Að hafa það gott og láta sér líða vel!!

FRÉTTIR AF FÓLKI

Undirbúningur að nýrri plötu **Ómars Ragnarssonar** stendur nú sem hæst. Ómar dvelur löngum stundum í hljóðverinu við leik og söng og búast aðdáendur hans við miklu þegar platan kemur út síðar á árinu. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu syngur sjálfur **Bubbi Morthens** dúett með Ómari í lagi á plötunni. Þeir félagar voru saman í hljóðverinu á föstudag og segir sagan að afar glatt hafi verið á hjalla, enda hafa þeir Bubbi og Ómar verið góðir félagar við boxlýsingar um nokkurra ára skeið.

Það var leikkonan **Tinna Hrafnsdóttir** sem fékk þann heiður að vera fjallkonan í Reykjavík á þjóðhátíðardaginn um síðustu helgi. Eins og kom fram á þessum stað fyrir skemmstu þóttu fjölmargar ungar leikkonur koma til greina í hlutverk fjallkonunnar, enda er óvenjumikið af ungum leikkonum á markaðnum um þessar mundir. Það hefur eflaust ekki skemmt fyrir Tinnu að hún er ekki sú fyrsta úr sinni fjölskyldu sem fær þetta mikilvæga hlutverk. Föðursystir hennar og nafna, **Tinna Gunnlaugsdóttir**, var fjallkonan í Reykjavík árið 1979.

allt
bílar
Alla laugardaga

ÞRÍR OFURHUGAR: HLAUPA FRÁ HELLU TIL REYKJAVÍKUR

Hlaupa 100 kílómetra til styrktar góðu málefni

Þrír fræknir Bootcamp-þjálfarar ætla að hlaupa 100 kílómetra hver aðfaranótt 8. júlí til styrktar samtökunum Blátt áfram. Farið verður frá Hellu til Reykjavíkur og telst hlaupið vera tvö og hálft maraþon.

Ofurhugarnir heita Arnaldur Birgir Konráðsson, Evert Víglundsson og Róbert Traustason, og hafa þeir stjórnað Bootcamp-námskeiðum hér á landi að undanförnu við miklar vinsældir. „Þetta er ákvörðun sem við tókum sjálfir. Við erum þrír félagar sem höfum lúmskt gaman af því að hreyfa okkur og erum mikið fyrir að skora á okkur sjálfa," segir Arnaldur Birgir. „Við höfum gert það í gegnum tíðina og hjóluðum meðal annars yfir hálendið á milli Reykjavíkur og Akureyrar á 31 tíma í einni lotu. Þar á undan ákváðum við að hlaupa Laugaveginn [á milli Landmannalauga og Þórsmerkur] þar sem við lögðum af stað á miðnætti og komum heim um morguninn," segir Arnaldur.

Ferðin milli Reykjavíkur og Akureyrar var farin til styrktar Kolbrúnu Rós, ungri stúlku sem hafði greinst með krabbamein en í þetta skiptið varð Blátt áfram, samtök sem berjast gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum, fyrir valinu. „Það vill þannig til að það er stelpa á námskeiðinu sem er að vinna fyrir Blátt áfram. Við erum allir heilbrigðir og ákváðum að nýta orkuna okkar á jákvæðan hátt," segir Arnaldur.

Hann játar að margir reki upp stór augu þegar þeir segja frá áformum sínum. „Sumir vita hvað við erum klikkaðir en aðrir gapa og síðan eru hinir sem hafa trú á okkur. Fólki finnst þetta flott framtak og ef það næst að safna einhverju er það frábært," segir hann.

RÓBERT TRAUSTASON, ARNALDUR BIRGIR KONRÁÐSSON OG EVERT VÍGLUNDSSON
Bootcamp-félagarnir ætla að hlaupa 100 km hver frá Hellu til Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Maraþonið sem þeir ætla að spreyta sig á nefnist ultra-maraþon, en svo kallast öll maraþon sem fara yfir 100 kílómetra. Til að undirbúa sig hafa þeir félagar hlaupið, synt og æft sig í Bootcamp. „Við hlupum 30 km í fyrradag. Það er það lengsta sem við hlaupum í undirbúningnum," segir Arnaldur, sem vonast eftir góðri aðstoð í hlaupinu. „Við treystum algjörlega á almenning og þetta er til dæmis frábær undirbúningur fyrir Reykjavíkurmaraþon."

Þegar hafa um 50 Bootcamp-meðlimir ákveðið að hlaupa með þeim annaðhvort frá Litlu kaffistofunni að Hafnarbakkanum (26,3 km) eða frá Húsgagnahöllinni að Hafnarbakkanum (7,6 km). Er almenningur hvattur til að gera slíkt hið sama og kaupa um leið bol til styrktar Blátt áfram. Einnig er hægt að hringja í síma 907 2000 og þá dragast 1.000 krónur af reikningi viðkomandi. Bolirnir fást á sölustöðum Esso.

freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Rockstar-þátturinn er á allra vörum hérlendis eftir að í ljós kom að **Magni Ásgeirsson** verður einn fimmtán þátttakenda í honum. Magni var einn fjölmargra íslenskra söngvara sem reyndu fyrir sér í áheyrnarprufum á Gauki á stöng fyrir nokkrum mánuðum og nú er farið að kvisast út hvernig íslensku söngvurunum reiddi þar af. Ein þeirra sem ekki komst upp úr 60 manna úrtaki var **Heiða Eiríksdóttir**, sem gjarnan er kennd við Unun. Það var þó ekki af því að Heiða stæði sig illa, hún þótti bara ekki passa inn í það form sem leitað var að. Annar sem komst ekki upp úr fyrsta holli var Idolstjarnan **Davíð Smári Harðarson** en engar skýringar munu hafa fylgt því af hverju hann datt út.

Þó nokkrir söngvarar voru boðaðir á áheyrnarprufurnar en létu ekki sjá sig. Meðal þeirra var **Bergsveinn Arilíusson** úr Sóldögg. Hann hafði lýst áhuga á að reyna sig en lét að endingu ekki sjá sig. Það sama var uppi á teningnum með **Jón Jósep Snæbjörnsson**, Jónsa úr Í svörtum fötum. Hann mun hafa hugleitt að mæta og prófa en mætti svo ekki. **Páll Rósinkrans** var einnig áhugasamur um tíma.

Allt þetta fólk hlýtur að sjá eftir því að hafa ekki mætt nú þegar Magni er kominn inn. Einn íslenskur söngvari var þó allan tímann handviss um að Rockstar: Supernova væri ekki sinn tebolli. Það var **Oddur Hrafn Björgvinsson**, Krummi í Mínus eins og hann er daglega kallaður. Krummi var beðinn um að mæta á svæðið og syngja en hann lýsti því yfir að hann hefði engan áhuga á því að svíkja hljómsveitina sína. Víst má þó telja að Krummi hefði passað ágætlega inn með húðflúruðu rokkurunum úr Supernova.

- hdm

GLÆNÝTT
VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MEÐ 30% AFSLÆTTI Á AÐEINS 489 KR. EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI

VEGGFÓÐUR.
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

Sniglar bjóða í bíltúr

Í dag ætla Sniglarnir að bjóða krökkum í mótorhjólarúnt í Húsdýragarðinum. Sniglarnir hafa nokkrum sinnum áður boðið upp á slíkar ferðir og hafa þær ávallt vakið mikla kátínu. „Við verðum með fimm hjól á staðnum og bjóðum krökkum í bíltúr á bílabrautinni," segir Edda Þóra Guðnadóttir, gjaldkeri Sniglanna. Að hennar sögn verður keyrt rólega lítill hringur með þá sem áhuga hafa á að prófa og að sjálfsögðu fá allir hjálm áður en lagt er í. „Litlu guttarnir hafa verið afar hrifnir en yngstu börnin eru sum hver hrædd við hávaðann frá hjólumum og líst ekkert á þessa dularfullu menn með hjálma." Edda Þóra segir að það sé að færast í vöxt að hjólafólk taki krakkana sína með á hjólin og þannig sé sportið að verða fjölskylduvænna. Sjálf hjóli hún oft um með átta ára son sinn. Það er annars nóg um að vera hjá Sniglunum þessa dagana. Í gærkvöld var Sniglabandið með bifhjólaball á Nasa og svo styttist í landsmót Sniglanna sem haldið verður í Tunguseli dagana 29. júní-2. júlí.

NAUÐSYNJAVARA Allir krakkarnir fá að sjálfsögðu hjálm áður en lagt er í hann.

BARNGOTT FÓLK Sniglarnir eru barngóðir og sýna það með því að bjóða krökkum í bíltúr í húsdýragarðinum í dag.

- snæ

Til hamingju Reynir!



38% aukning á lestri

Lestur á Mannlífi jókst um heil 38% á milli fjölmiðlakannana Gallups í október og maí. Íslendingar kunna greinilega vel að meta efnistök Reynis Traustasonar og samstarfsmanna hans. Kynntu þér frábær áskriftarkjör í síma **515 5555** eða sendu okkur póst á **askrift@frodi.is**

FRÓÐI
TÍMARITAÚTGÁFA

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

Munkurinn sem seldi sjálfshjálparbókina sína

Nýlega gerði ég tilraun til að lesa sjálfshjálparbók, mér datt í hug að það væri vit í henni því titillinn var hnyttinn og í henni átti austræn speki að blandast vestrænni á nýjan og frumlegan hátt. Þegar spurningin „hvernig getur þér þótt vænt um aðra ef þér þykir ekki vænt um sjálfan þig?“ var sett fram eins og augljóst væri að enginn gæti gert öðrum gott nema hafa náð djúpri innri sátt við sjálfan sig með tilheyrandi sálarfriði, gafst ég upp. Samkvæmt þessari bók er trixið við að öðlast þennan frið og þessa sátt í því fólgið að fara til Indlands, dýrðarríkis fátæktar og barnaþrælkunar, og hugsa þar um sjálfan sig.

MÉR finnst aftur á móti eðlilegra að spyrja: „Hvernig er hægt að þykja vænt um einhvern sem hugsar bara um sjálfan sig?“

STAÐREYNDIN er auðvitað sú að eina manneskjan í heiminum sem ekki er skítsama um það hvernig þér líður með sjálfan þig ert þú. Til að geta hjálpað öðrum, lagt öðrum lið, reist einhvern við eða stutt á einhvern hátt er persónuleg innri sátt jafn nauðsynleg og vasaljós í björtu. Saga þín og samviska skipta engu máli þegar þú gefur svöngum manni brauð. Það hefur engin áhrif á næringargildi brauðsins hvort þú ert á bömmer yfir fortíðinni og átt erfitt með að horfast í augu við sjálfan þig í spegli eða hvort hver hugsun þín sé í óaðfinnanlegum samhljómi við nið almættisins. Brauð er brauð.

ÞANNIG að ef þú átt í erfiðleikum með að sættast við sjálfan þig og það hjálpar þér ekki að loka þig af frá öðru fólki og einbeita þér að því að hugsa þig upp í sjálfsvæntumþykju af eigin rammleik inni í hausnum á þér, þá gætirðu prófað að hætta að hugsa bara um sjálfan þig og farið út og hjálpað öðrum – án þess að skeyta um það hvernig þér líður með það og þig og þitt á meðan.

EF þú gerir það í dag er ég viss um þér finnst pínulítið auðveldara að bera virðingu fyrir manneskjunni sem þú sérð í speglinum í kvöld en þessari sem blasti við þér í honum í morgun. Þér kynni jafnvel að þykja agnarögn vænna um sjálfan þig í kjölfar þess að þín svarta fortíð hefur skánað um einn dag.

ÞAÐ besta við þessa aðferð er að ef þú gerir þetta aftur á morgun hefur hún skánað um tvo.

www.expressferdir.is/golf

FUGL Í SKÓGI!

BÓKAÐU GOLFFERÐINA Á EXPRESSFERDIR.IS/GOLF

Express Ferðir bjóða pakkaferðir við allra hæfi á frábæra golfvelli á Englandi og Spáni. Aðstaðan er eins og best verður á kosið, fyrsta flokks hótel og iðagrænir 18 holu vellir. Vallaraðstæður eru frábærar: Skógar allt um kring sem skapa aðstæður sem reyna á hæfni hvers og eins og gildir þá einu hvort golfarinn er byrjandi eða þaulreyndur. Fuglar eru eftirsóknarverðir, ernir sjaldséðir og albatrossar nánast útilokaðir. Skelltu þér á www.expressferdir.is/golf og kynntu þér kostina!

MARRIOTT HANBURY MANOR
Verð frá 65.900 kr.
Flug, skattar, gisting í 2 nætur, morgunverður og 2 golfhringir
Verð pr. einstakling í tveggja manna herbergi.
Glæsilegt og margverðlaunað fimm stjörnu golfhótel í London. Rúmgóð herbergi, frábærir veitingastaðir, sundlaug, tennisvellir, æfingaaðstaða, spa og nudd. Þá er völlurinn ekki af verri endanum: 18 holu, par 72, PGA-völlur sem hefur verið völlur Opna enska meistaramótsins.

MANOR OF GROVES
Verð frá 49.900 kr.
Flug, skattar, gisting í 2 nætur, morgunverður og 3 golfhringir
Verð pr. einstakling í tveggja manna herbergi.
Vel búið og huggulegt golfhótel með öllum þægindum, aðeins 16 km frá Stansted flugvelli. Gullfallegt umhverfi, fínir veitingastaðir og frábær aðstaða til heilsuræktar og hvers kyns dekurs. Golfvöllurinn er krefjandi og afar skemmtilegur 18 holu, par 71 völlur. Hægt er að fá fyrsta flokks golfkennslu, leigja golfbíla, kerrur og kylfur og fyrir þá sem vilja gera góð kaup er mjög góð golfverslun á staðnum.

HÓTEL SIDI SAN JUAN
Verð frá 83.908 kr.
Flug, skattar, gisting í 5 nætur, morgunverður og 5 golfhringir
Verð pr. einstakling í tveggja manna herbergi.
Glæsilegt fimm stjörnu lúxushótel í smábænum San Juan sem er steinsnar frá Alicante á Spáni. Öll herbergi hafa svalir með útsýni yfir hafið. Allt til alls, frábær veitingastaður, glæsileg heilsulind, tennisvellir, inni- og útilaug og leiksvæði fyrir börnin. Hótelið býður sérstaka þjónustu fyrir golfara: Bókar teigtíma, far á vellina, geymslur fyrir golfsett o.fl. Hótelið á í samstarfi við fjölda golfvalla og eru fjórir þeirra í næsta nágrenni: **Golf Alicante** (2 km): Völlur hannaður af Seve Ballesteros. Beinar brautir og hættulegar glompur og tjarnir. **Bonalba** (8 km): Mikið af trjám, tjörnum og sandgryfjum. Fjölbreyttur og skemmtilegur völlur. **El Plantino** (16 km): Einn 18 holu völlur og annar níu. Við 18 holu völlinn eru 36.000 tré og þrjú vötn! **Alenda** (20 km): Völlur sem hentar öllum golfurum, byrjendum og lengra komnum.

BONALBA
Verð frá 69.900 kr.
Flug, skattar, gisting í 7 nætur og 5 golfhringir
Verð pr. einstakling m.v. 6 manns saman í húsi.
Bonalba er stórskemmtilegt svæði rétt utan við Alicante á Spáni. Gist er í sumarhúsum og því ýmsir möguleikar í boði, allt frá tveimur í íbúð og upp í heilar fjölskyldur í stórum einbýlishúsum. Öllum sumarhúsunum fylgir aðgangur að sundlaugum og með stærri húsunum fylgir einkasundlaug. Fullkomin líkamsræktaraðstaða með heilsulind. Golfvöllurinn er einstakur 18 holu, par 72. Á honum var leikið til úrslita í spænsku atvinnumannaröðinni '97 og '98 og Costa Blanca áskorendamótið og áskorendamót Evrópu fóru einnig á þessum frábæra velli.

» Nánar á www.expressferdir.is/golf eða í síma 5 900 100

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

Fíton / SÍA

Nýtt!

VISALán er ný og hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.

- Staðgreiðsluverð
- Lægri vextir
- Lægri kostnaður
- Til allt að 36 mánaða
- Framlengdur ábyrgðartími
- Flutningstrygging
- Vildarpunktar

Nánari upplýsingar á www.visa.is/visalan eða í síma 525 2000

Spurðu um

VISALán
– HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

ENNEMM / SÍA